96.02		Aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar, sem eru hlutar af vélum), málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:	
	01	Málningarpenslar og málningarrúllur	70%
	02	Listmálunarpenslar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	35%
	04	Tannburstar	50%
	09	Annars	100%
96.03	00	Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum	35%
96.04	00	Fjaðrasópar	100%
96.05	00	Duftpúðar o. þ. h., úr hvers konar efni	100%
96.06	00	Handsiur og handsáld, úr hvers konar efni	80%

97. kafli.

Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Jólakerti (nr. 34.06).
 - b. Flugeldar og skrauteldar o. þ. h. í nr. 36.05.
 - c. Garn, einþráðungar, línur, þarmar o. þ. h. til fiskveiða í hæfilegum lengdum, en ekki uppsett, sem telst til 39. kafla, nr. 42.06 eða til XI. flokks.
 - d. Íþróttatöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og nr. 43.03.
 - e. Íþróttafatnaður og grimubúningar úr vefjarefnum, sem teljast til 60. og 61. kafla.
 - f. Flögg og flaggdúkur úr vefnaði og segl á báta og farartæki, er teljast til 62. kafla.
 - g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum skautum), legghlífar o. þ. h., er telst til 64. kafla, enn fremur höfuðfatnaður til íþróttaiðkana, er telst til 65. kafla.
 - h. Klifurstafir, svipur, keyri o. þ. h. (nr. 66.02) og hlutar til þeirra vara (nr. 66.03).
 - ij. Gleraugu í brúður eða önnur leikföng, óuppsett, er teljast til nr. 70.19.
 - k. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk, úr ódýrum málum (XV. flokkur), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
 - l. Vörur, sem falla undir nr. 83.11.
 - m. Sportökutæki (nema rennisleðar (bobsleighs, toboggans) og aðrir svipaðir sleðar), sem teljast til XVII. flokks.
 - n. Barnahjól með kúlulegum og smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna (nr. 87.10).
 - o. Sportbátar, svo sem eintrjánningar og kappróðrabátar (89. kafli), og árar o. þ. h. til þeirra (44. kafli, ef árar eru úr trjáviði).
 - p. Hlífðargleraugu til íþróttaiðkana og útileikja (nr. 90.04).
 - q. Tálflautur o. þ. h. (nr. 92.08).
 - r. Vopn og aðrar vörur, er teljast til 93. kafla.
 - s. Strengir í boltspaða, tjöld og annar ferðaútbúnaður, enn fremur hanzkar (flokkast yfirleitt eftir því efni, sem vörurnar eru gerðar úr).
2. Til þessa kafla teljast einnig vörur, sem í eru einhverjir óverulegir hlutar úr perlum, eðalsteinum eða hálfedalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), góðmálmi eða góðmálmspletti.
3. Orðið *brúður* í nr. 97.02 tekur aðeins til slíkra hluta, sem gerðir eru í mannsmynd.
4. Ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, flokkast eins og samsvarandi vörur fullgerðar eða heilar, ef þær að öllu verulegu líta út eins og fullgerðar vörur.
5. Ef annað er ekki tekið fram í 1. athugasemd hér að ofan, teljast hlutar og fylgihlutar, sem eingöngu eða aðallega eru hæfir og notaðir sem hlutar eða fylgihlutar vara þeirra, er teljast til þessa kafla, til sama númers og varan fullgerð.

97.01	00	Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. hlaupahjól, barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur	90%
97.02	00	Brúður	90%
97.03	00	Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar	90%
97.04		Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billardborð), spilaborð (rouletteborð) og borðtennisútbúnaður):	
	01	Taflborð og taflmenn	80%
	02	Spil	100%
	09	Önnur	90%

97.05	00	Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)	100%
97.06		Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, afrauna og annarra íþróttá og útleikja (þó ekki vörur, er teljast til nr. 97.04):	
	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50%
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50%
	09	Annað	50%
97.07		Fiskiönglar, fiskistengur og annar útbúnaður til stangaveiði; veiðiháfar (t. d. fyrir fisk og fiðrildi), tálfluglar, lerkispeglar og annar þess háttar veiðiútbúnaður:	
	01	Fiskiönglar venjulegir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	02	Veiðistengur	50%
	09	Annað	50%
97.08	00	Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús	100%

98. kafli.

Ýmsar unnar vörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Augnabrunalitur og aðrir þvilikir litir (nr. 33.06).
 - b. Hnappar, ermahnappar og aðrar vörur, sem taldar eru í nr. 98.01 og 98.12, ef þessar vörur eru gerðar að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmi, góðmálmspletti (sjá þó athugasemd 2.a við 71. kafla) eða í þeim eru eðalsteinar eða hálfedalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða perlur (71. kafli).
 - c. Hlutar til almennra nota, eins og þeir eru skýrgreindir í athugasemd 2 við XV. flokk úr ódýrum málmum (XV. kafli), eða áþekkar vörur úr plasti (sem yfirleitt teljast til nr. 39.07).
 - d. Rissfjaðrir (90.16).
 - e. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðunum í 1. athugasemd hér á undan, teljast til kaflans vörur, sem eru að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmum, góðmálmspletti, eðalsteinum og hálfedalsteinum (náttúrlegum, tilbunum eða endurgerðum) og náttúrlegum perlum.
3. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn með vörum í þessum kafla, flokkast í sömu númer og vörurnar sjálfar, ef umbúðirnar eru ætlaðar utan um vörurnar og umbúðir af þessu tagi eru almennt seldar með þessum vörum. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn sér í lagi, flokkast eftir gerð þeirra og efni.

98.01	00	Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smelluhnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar	40%
98.02		Rennilásar og hlutar til þeirra:	
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	25%
	09	Annað	40%
98.03	00	Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar, pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)	*50%
98.04	00	Pennar og pennaóddar	50%
98.05	00	Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, griffjar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít	*50%
98.06		Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma:	
	01	Skólatöflur	35%
	09	Annað	80%
98.07	00	Dagsetningar-, innsigli- og tölusetningarstimplar (þar með talin tæki til prentunar eða áletrunar á vörumíða), ætlað til notkunar í höndunum; letur og leturhaldarar til handstimplunar	80%
98.08	00	Ritvéla- og reiknivélabönd o. þ. h., einnig á spólum; stimpilpúðar, einnig í kössum	80%
98.09	00	Innsigli- og flöskulakk í stöngum, plötum eða öðru svipuðu formi; fjölrítunar- og valsamassi o. þ. h. gert aðallega úr gelatíni, einnig á pappírs- eða spunaefnagrundi	80%
98.10	00	Vindla- og vindlingakveikjarar og aðrir áþekkir kveikjarar (þar með taldir kemiskir kveikjarar og rafmagnskveikjarar) og hlutar til þeirra (þó ekki steinar og kveikir)	80%
98.11	00	Reykjarpípur; pípuhausar, munnstykki og aðrir pípuhlutar (þar með talin lauslega formuð trjá- eða ratarstykki); vindla- og vindlingamunnstykki og hlutar til þeirra	80%
98.12	00	Greiður, hárkambar o. þ. h.	100%
98.13	00	Lífstykki-jateinar og aðrir slíkir teinar til fata eða fatahluta	40%

98.14	00	Ilmsprautuflát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra	100%
98.15	00	Hitafloeskur og önnur hitaeinangrandi flát, hlutar til þeirra (þó ekki innri glerflátin)	100%
98.16	00	Mannlíkön fyrir klæðskera, sýningar o. þ. h.; mekanískur og hreyfanlegur sýningarútbúnaður í búðarglugga o. þ. h.	90%

XXI. flokkur.

Listaverk, safnmunir og forngripir.

99. kafli.

Listaverk, safnmunir og forngripir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
 - a. Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slik merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi (nr. 49.07).
 - b. Máluð leiktjöld, máluð baktjöld í myndastofur og annað þess háttar (nr. 59.12).
 - c. Náttúrlegar perlur, eðal- og hálfedálsteinar (nr. 71.01 og 71.02).
2. Með orðunum *myndstungur*, *prentmyndir* og *steinprentaðar myndir* í nr. 99.02 er átt við þrykk í svörtu og hvítu eða í litum með einni eða fleiri plötum, gerðum að öllu leyti í höndunum af listamanninum sjálfum og skiptir ekki máli, hvaða aðferð eða efni eru notuð, þó þannig að ekki mega hafa verið notaðar mekanískar aðferðir eða ljósmyndun.
3. Til nr. 99.03 teljast ekki endurgerðir af listaverkum í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verzlunarvöru. Slikar endurgerðir flokkast eftir efni og annarri gerð.
4. a. Geti vara eftir orðalagi textans í einstökum númerum bæði talizt til þessa kafla og einnig til annars kafla tollskrárinnar, skal hún teljast til þessa kafla, nema annað leiði af ákvæðunum í 1.—3. athugasemd hér að ofan.
 - b. Vörur, sem eftir orðalagi textans geta bæði talizt til nr. 99.06 og nr. 99.01—99.05, skulu teljast til nr. 99.01—99.05.
5. Rámmar um málverk, teikningar, pastelmyndir, myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir skoðast hlutar af verkunum, ef efni og verðmæti rammanna er í samræmi við þau.

99.01	00	Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndunum að öllu leyti (þó ekki tæknilegir uppdrættir í nr. 49.06, og handskreyttar iðnaðarvörur)	0
99.02	00	Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða	0
99.03	00	Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíði að ræða	0
99.04	00	Frímerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi	0
99.05	00	Dýrafræðileg, grasafraeðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og myntfræðileg söfn og safnmunir	0
99.06	00	Forngripir yfir 100 ára gamlir	20%

[B. Tollfrjáls innflutningur.]

2. gr.

Auk þeirra vara, sem eru tollfrjálsar eftir tollskránni í 1. gr., eru eftirtaldar vörur einnig undanþegnar aðflutningsgjöldum:

1. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og að dómi tollyfirvalds ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tililiti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
 2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum til notkunar þeim, svo og afhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
 3. Aðrar vörur, sem ekki á að flytja hér úr farartæki, en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
 4. Vanalegur farangur áhafna í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri áhafna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra áhöfnum í skipum og öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota áhafnanna sjálfra í farartækinu.
 5. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
 6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar með sér, að þær séu notaðar.
 7. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár, áður en þeir fluttu hingað til lands. Munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.
Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð, m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.
- Bifreiðar, bifhjól og bátar teljast ekki til heimilismuna, né munir, sem notaðir hafa verið við atvinnurekstur innflytjanda.
- Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvaða vörur skuli teljast til heimilismuna samkvæmt þessum tölulíð.
8. Vörur til sendiráða, sendiráðismannsskrifstofa, diplómátskra sendimanna og sendiráðismanna erlendra ríkja, enda

- a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milli-
göngu aðilja, sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,
- b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið, að hlutaðeigandi
innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
- c. viðkomandi afhendi og undirriti sundurliðaða tollskýrslu á þar til gerð
eyðublöð um hina innfluttu eða keyptu vöru, sú skýrsla sé einnig undir-
rituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrif-
stofu, ef annar á í hlut, og jafnan sé skýrslan með embættisstimpli hlutað-
eigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
- d. og því sé lýst yfir, að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin
nota hlutaðeiganda, fjölskyldu hans og/eða fyrir heimilishald hans hér.

Fjármálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tollfrelsi samkvæmt þess-
um tölulíð, svo sem um merkingu varanna o. þ. h. Enn fremur um að erlend
ríki, sem ekki veita íslenskum sendisveitum og sendimönnum sams konar toll-
frelsi, skuli ekki njóta þess hér.

9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur
kjöræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með
sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörf.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaunagripir fyrir íþróttá-
afrek og önnur afrek, sem unnin eru erlendis.
11. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust
ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar
sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða
vörur útfluttar héðan.

Það er skilyrði fyrir tollfrelsinu, að vörurnar komi hingað innan árs frá
því þær fóru héðan. Ráðuneytið má þó víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem
tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum
vörum héðan.

[C. Undanþágu- og lækkunarheimildir.]

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflytning og greiðslu tolla, ef endurútflytningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflytning og greiðslu tolla, ef endurútflytningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.
Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddir eða þvilíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
 - a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
 - b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
 - c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau voru flutt hingað til lands.
 - d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka öku-

tækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflytning þeirra á kostnað innflytjanda.

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
 - a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
 - b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulíð telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenskt útflutningslýsi.
 12. Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni, og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.
 13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
 14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverk-smiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.
 15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlitandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
 16. Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
 17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna á mjólk.
 18. Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamóta-gerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
 19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslu-stofnunum.
 20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslensku, þar á meðal ritum, sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila.
 -
 23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
 24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðar-færagerðar.
 25. Að heimila að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
 26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.
- Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur

bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.

27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 250 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. krónum.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berkklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirhæfing um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.

28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.
32. Að lækka um ákveðinn hundradshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 17., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.

Þá skal ráðuneytinu heimilt að ákveða, að tollar af eftirtöldum vörum, sem breytast við gildistöku laga þessara, skuli vera þeir sömu og áður: Fast vatnsefnisdíoxýd, plötur, þynnur og ræmur úr blásnu gúmmí, frauðgúmmí eða svampgúmmí, í tengslum við spunaefni, skófatnaður úr trefjadúk, án viðfests sóla, og alúmíníumplötur af þykktinni 0.15 mm að 0.20 mm.

34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélþökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.
35. Að endurgreiða gjöld af efni til framleiðslu á pappírspökum, sem telst nr. 48.01.30 og 48.01.52 í tollskrá, sem svari því, að af efni þessu sé greiddur 15% verðtollur.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravínafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.
38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.
40. Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.
41. Að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum innfluttum dráttarbrautum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins, þannig að gjöld af þeim verði 10% verðtollur.
42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vöruflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
43. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.
44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.
46. Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.
47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárn. 85.15.21, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
48. Að endurgreiða gjöld af sildarvogum, sem svari því, að af þeim verði greiddur 10% verðtollur.
49. Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.
50. Að endurgreiða gjöld af því hráefni til fataframleiðslu, sem lækkar í tolli með lagabreytingu þessari, niður í þá tollprósentu, sem lögfest verður með lögum þessum, og sem tollafgreidd er eftir 1. janúar 1968.
51. Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01 00	80%	11.01 12	0
08.05 00	90%	11.01 22	0
10.01 00	0	11.01 23	0
10.05 00	0	11.01 24	0
10.06	0	11.02 21	0
11.01 11	0	15.07 89	30%

15.10 19	30%	70.06 00	35%
15.12 09	35%	70.07 00	50%
18.03 00	40%	70.08 00	50%
18.04 00	40%	70.10 09	60%
18.05 00	50%	73.09 00	15%
19.03 00	80%	73.10 11	15%
20.07 01	40%	73.10 19	35%
21.05 00	100%	73.10 21	35%
21.07 01	40%	73.10 23	35%
22.05 01	20%	73.10 29	15%
22.05 02	20%	73.11 10	15%
22.05 03	20%	73.11 20	15%
22.05 09	20%	73.12 00	15%
22.09 05	20%	73.13 10	15%
22.09 09	20%	73.13 20	15%
23.07 00	0	73.13 30	15%
28.30 01	20%	73.13 51	15%
30.04 00	35%	73.13 59	15%
31.04 22	0	73.15 82	15%
32.05 00	25%	73.18 31	15%
32.07 09	25%	73.27 02	20%
32.09 09	60%	78.04 01	15%
32.12 00	60%	82.02 00	35%
33.06 02	125%	82.03 00	35%
33.06 03	125%	82.05 00	35%
33.06 04	125%	82.06 00	35%
34.02 01	110%	83.07 05	70%
34.02 09	110%	84.09 00	25%
37.07 00	1 kg 50 kr.	84.19 09	25%
38.19 19	50%	84.23 09	25%
39.02 87	35%	84.30 05	10%
39.02 99	40%	84.32 00	25%
39.07 89	70%	84.35 00	25%
40.09 00	35%	84.36 00	25%
44.23 01	40%	84.37 01	25%
53.07 00	50%	84.37 09	25%
55.09 23	50%	84.40 11	35%
58.04 30	65%	84.42 00	25%
64.01 01	25%	84.45 00	25%
64.02 01	80%	84.47 01	25%
64.02 09	80%	84.49 00	25%
64.06 00	100%	84.59 23	25%
69.11 00	100%	85.05 00	35%
69.12 00	100%	87.07 00	25%
70.04 00	35%	90.16 00	35%
70.05 00	35%		

Ráðuneytinu er með auglýsingu heimilt að lækka gjöld af eftirtöldum toll-skrárnúmerum niður í 35%. Þó skal lækkun þessi vera að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 1972:

Nr. 84.51 00	Nr. 84.53 00
— 84.52 01	— 84.54 01
— 84.52 02	— 84.54 09
— 84.52 03	— 84.55 01
— 84.52 09	— 84.55 09

[D. Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.]

4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgr., og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld, sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum, skal greiða af mununum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munirnir séu sýndir tollstarfsmanni, áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi votti, að munir þessir hafi verið sýndir honum og hann skrái lýsingu á mununum á vottorðið og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum, sem fram fara erlendis. Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal þó greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.

II. KAPÍTULI

Tollmeðferð o. fl.

A. Tollverð vara og verðtollun.

5. gr.

Tollverð (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er eðlisverð (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað,

- a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
- b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
- c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður, þar sem hún er affermd úr farartæki, sem flutti hana til landsins.

6. gr.

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsg. þessarar greinar, skulu innifalin í eðlisverði, og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld, sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð, eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki, skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

7. gr.

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvorir öðrum, skal við það miðað,

- a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
- b. að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
- c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.

Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

- a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
- b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
- c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til réttis eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vörum, sem keyptar eru til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því, að kaup eru gerð og þar til vörunar eru teknar til tollmeðferðar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli, hvað sé eðlilegt flutningsgjald í eðlis- og tollverði og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í þeim verðum.

9. gr.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest kann að vera með framlögðum skjölum, sé ekki hið rétta tollverð hennar, og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara. Sama gildir, ef ekkert verð á vörunni er tilgreint.

Purfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni, er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert, ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Ef viðtakandi vöru telur sig ekki geta sætt sig við það verð, sem ákveðið hefur verið samkv. 1. og 2. málsg., getur hann gert kröfu um yfirmat á henni, en gera skal hann skriflega kröfu um matið til tollyfirvalds, áður en það afhendir eða sam-

þykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafizt yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verði framkvæmt, en það skulu gera þeir óvilhallir, dómkvaddir menn, og skulu þeir tilkynna viðtakanda vöru og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því, sem við verður komið og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi vöru bætur fyrir skemmdir eða rýrnun, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörzlum tollyfirvalda eða í viðurkenndum tollvörugeymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum og hann eða aðrir eiga ekki sök á skemmdunum eða rýrnuninni, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir matsgerðina og telji bætunar ekki of háar eftir ásigkomulagi vörunnar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi, þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir áskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutningskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 22. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komið í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

B. Aðflutningsskýrsla.

15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem pósthofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vöru eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörunar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjöldi og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúm-mál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að svarað verði um þessi atriði.
Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 38. gr. þessara laga, að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt, að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,
að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,
að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðlækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendra myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu, má setja fyrirmæli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og ákveða hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollyfirvald geti krafizt þess af innflytjanda, að hann framvísi skirteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

17. gr.

Nú setja samtök kaupskýslumanna eða aðrir aðilar á stofn eða reka skrifstofur til þess að annast frágang aðflutningsskjala til tollmeðferðar og framvísun vara til skoðunar og er þá innflytjanda við verðlagningu vara heimilt að telja gjald fyrir slíka þjónustu í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

18. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, unz úr er bætt.

C. Vöruheikningar og önnur staðfestingarskjöl.

19. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vöruheikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tolyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út. Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hvernar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verzlunar-afsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um það,
að aðeins einn vöruheikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
að vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og
að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vöruheikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-skránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vöruheikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vöruheikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsg. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vöruheikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vöruheikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskirteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskirteini). Annist sendandi erlendis inn-

kaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirætlun þessara greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

20. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningskýrslu farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini, reikning yfir umbúðakostnað, þökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess, að farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini sé afhent í tvíriti og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjölum, ef ástæða þykir til.

21. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 19. og 20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í 19. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verzlunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

22. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 19. og 20. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellar eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygginguna upp í þau.

23. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verzlunarbókum hlutaðeiganda, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

25. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyriræli um slíkt eftirlit.

26. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyriræli um sýnishornasafnið.

D. Undirboðs- og jöfnunartollar.**27. gr.**

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsg. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

28. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

- a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða
 2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

29. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru láttnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

30. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsgr. 27. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollögum.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fjótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

32. gr.

Til raunsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verzlunarbækur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

E. Ýmis ákvæði.**33. gr.**

Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil toll-eining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvikjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

34. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr. skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 20. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

35. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, unz gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

36. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

37. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undan-gengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

F. Refsiákvæði.**38. gr.**

Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann gefi óvæfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margitrekad.

39. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

.....

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um ferðamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 7. gr. laga nr. 91 31. desember 1968, um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, hef látið fella meginmál fyrstnefndra laga, og laga nr. 36 29. apríl 1966, svo og breytingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 5 10. apríl 1968, inn í lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964 og gef þau út svo breytt.

I. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

1. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
- b. Hvers konar farmiðasölu, með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.
- d. Skipulagning hópfærða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgöngumálaráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a—d-lið hér að framan, svo og um það, hvort hún teljist ferðaskrifstofa í skilningi laga þessara.

2. gr.

Óheimilt er að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa, eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

4. gr.

Skilyrði til að geta öðlzt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. 25 ára aldur.
- b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
- c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.

- d. Fjárræði og forræði á húi sínu.
- e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—e-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

5. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 1.5 millj. kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs, ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins.

Ráðuneytið setur nánari reglur um, á hvern hátt trygging skv. 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveislu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

6. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 5. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprotnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

7. gr.

Ferðaskrifstofur, sem öðlazi hafa leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Þær skulu árlega senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

8. gr.

Ákvæði þessa kafla ná hvorki til Ferðaskrifstofu ríkisins né til viðurkenndra ferðafélaga, eða eigenda samgöngutækja, að því er tekur til sölu á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, né heldur hópferða, sem slíkir aðilar þannig skipuleggja, enda þótt næturgisting fylgi.

9. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 5. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfi fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 5. gr. nemur.

Sé félag leyfishafi eða ef annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfyllir skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

10. gr.

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 9. gr.

II. KAFLI

Um Ferðamálaráð.

11. gr.

Samgöngumálaráðherra skipar 9 menn í Ferðamálaráð til þriggja ára í senn. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Eimskipafélag Íslands.
2. Félag sérleyfishafa.
3. Ferðafélag Íslands.
4. Flugfélag Íslands h.f.
5. Loftleiðir h.f.
6. Ferðaskrifstofa ríkisins.
7. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
8. Samtök íslenzkra ferðaskrifstofa.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð er ólaunað.

Kostnaður við störf Ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamála-sjóðs samkv. 1. mgr.27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðning starfslíðs er háð samþykki ráðherra.

12. gr.

Hlutverk Ferðamálaráðs skal vera það sem hér segir:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það, er að ferðamálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni.
2. Að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála í landinu, svo sem um það, hvar einkum sé nauðsynlegt að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli verða á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.
3. Til þess að örva heilbrigða samkeppni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenn-ingarskjal gisti- og veitingastöðum, svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.
4. Að inna af hendi annað það, sem ráðinu er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

III. KAFLI

Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna sem almenn ferðaskrifstofa.

14. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast landkynningu, vinna að því að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hug-

mynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Skal Ferðaskrifstofa ríkisins hafa samvinnu við utanríkisráðuneytið og Ferðamálaráð um þessi mál.

15. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gisti- og ferðastöðir, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem erlendum, er þess óska, sé veittur hvers konar fararbeiði.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja, fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal Ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélag launþega, til þess að orlofslög-
gjöfin geti komið að sem bestum notum. Sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

17. gr.

Ferðaskrifstofan skal vera ráðgefandi og leiðbeinandi um það, hvað betur megi fara í búnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og Ferðamálaráði viðvart um það, eða ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið að lögum.

18. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins lítur eftir aðbúð og hreinlæti farartækja, sem ætluð eru til flutnings ferðamanna.

19. gr.

Skylt er þeim, er reka gisti- og veitingahús, að láta Ferðaskrifstofu ríkisins í té gjaldskrár, ef óskað er, svo og eigendum fólksflutningabifreiða og annarra samgöngutækja. Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefur hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

20. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur námskeið fyrir túlka og leiðsögumenn og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan beita sér fyrir því, að efnt sé til námskeiða fyrir framreiðslufólk á veitingastöðum og aðra, sem veita ferðamönnum þjónustu aðeins á ákveðnum árstímum.

21. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal vinna að hagnýtingu skólahúsnæðis til gistihalds í skólum ríkisins og annast rekstur í þeim, ef þess gerist þörf, enda komi leyfi ráðherra til.

22. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að því í samvinnu við Ferðamálaráð að stofna ferðamálafélög í bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja til, og leitast við að koma á upplýsinga- og fyrirgreiðslustarfsemi á hinum ýmsu stöðum, sem ferðamenn dvelja á. Enn fremur aðstoði hún ferðamálafélög við útgáfu upplýsingarita um viðkomandi byggðarlög.

23. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að útgáfu leiðarlýsinga fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan stuðla að útgáfu upplýsingabæklinga um starfandi hótél í landinu, stærð þeirra, verðlag og annað, er máli skiptir.

24. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal beita sér fyrir því að vernda eftirsóttá ferðamanna- staði og sjá um, að reglu- og viðvörunarmerki verði sett upp, þar sem þess gerist þörf.

25. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal stuðla að gerð góðra minjagripa með því að efna til sýninga og veita verðlaun fyrir gerð slíkra muna. Ferðaskrifstofan hefur heimild til að reka minjagripasölu, enda sé ágóða af þeim rekstri varið til eflingar starf- semi skrifstofunnar.

IV. KAFLI

Um ferðamálasjóð.

26. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist ferðamálasjóður. Hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita inn- lendu og erlendu ferðafólki sem bestar móttökur og aðbúð.

27. gr.

Greiða skal árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægra en eina milljón króna.

Ferðamálasjóði er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka lán, allt að 40 millj. króna, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkis- sjóðs.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, sem hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins, eða efla hann á annan hátt.

Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðherra.

28. gr.

Samgöngumálaráðherra hefur yfirumsjón með vörzlu ferðamálasjóðs og skal fela bankastofnun umsjón sjóðsins, vörzlu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Umsóknir um lán úr ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgöngumálaráðherra um lánveitingar.

Ráðherra ræður útlánunum af fé sjóðsins.

30. gr.

Lán úr ferðamálasjóði veitast eigendum gisti- og veitingahúsa eða opinberum aðilum, til að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks, svo sem til bygginga, endur- bóta á húsnæði eða kaupa á húsgögnum og öðru slíku.

Óheimilt er að veita reksturlán úr ferðamálasjóði.

31. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveiting styðji ekki að óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi er fyrir.

32. gr.

Beiðnir um lán úr ferðamálasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

- a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lánsupphæðinni.
- b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
- c. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðsstjórn kann að óska eftir.

33. gr.

Upphæð láns ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur einum fimmta hluta þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

34. gr.

Lánstími er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin, enda greiðist þau eftir það með jöfnum afborgunum. Ráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra, og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu.

Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengis-tryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

35. gr.

Reikningar ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

37. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara heldur uppi starfsemi, sem telst ferðaskrifstofa samkvæmt skilgreiningu laga þessara, skal innan eins árs sækja til ráðuneytisins um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, ella fellur réttur til reksturs hennar niður.

38. gr.

Ráðuneytið getur vikið frá ákvæðum laga þessara, að því er varðar ferðaskrifstofur, sem starfandi eru við gildistöku laganna, að undanskildum ákvæðum 5. gr. Sama gildir um stjórnendur slíkra ferðaskrifstofa.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 20 000.00 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ferðaskrifstofur þær, sem öðlzt hafa leyfi og eru starfandi við gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 2. gr. laga þessara og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 2. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Gjört í Reykjavík, 14. febrúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

2. gr.

Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrirmæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildar-
laga þessara skuli beitt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

3. marz 1969.

Nr. 6.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1969 með viðauka eftirtalin
gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um
ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr.
60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi,
öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið
3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta,
sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G**um hækkun á bótum almannatrygginga.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1969 skulu fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, hækka um 10% frá því, sem þær voru á árinu 1968, sbr. lög nr. 4/1968. Fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. skal frá sama tíma vera kr. 10 200.00 við hverja fæðingu. Aðrar bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963 skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 17% frá sama tíma.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar frá 1. janúar 1969, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslur reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækkað í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Ákvæði f-liðs 4. málsg. 49. gr. laga nr. 40/1963 skal frá 1. janúar 1969 breytast þannig, að í stað „9 daga“ komi: 7 daga.

3. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir janúar og febrúar 1969 skal greidd með bótum marzmánaðar 1969.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

1. apríl 1969.

201

Nr. 8.

L Ö G

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði Íslands eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn að fjárhæð allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

1. apríl 1969.

Nr. 9.

L Ö G

um aðgerðir í atvinnumálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sameiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hvernar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 6. gr.

A 26

3. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórn Íslands, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.

4. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnuþróunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

6. gr.

Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr., eftir ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávallt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

7. gr.

Starfstími atvinnumálanefnda í kjördæmum og Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970. Þá skulu óinnheimtar skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi samkvæmt lögum þessum svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé falla til Atvinnuþróunarsjóðs, enda ber hann ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess lánsfjár, sem aflað hefur verið samkvæmt 5. gr. laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

30. janúar 1969.

203

Nr. 10.

FORSETA BRÉF

er kveður Alþingi til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 89. lögjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar föstudaginn 7. febrúar 1969, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

11. marz 1969.

Nr. 11.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig með þeim undantekningum, sem ákveðnar kunna að vera í sérstökum lögum og reglum, en yfirstjórn heilbrigðiseftirlitsins í landinu skv. þessum lögum er í höndum ráðherra heilbrigðismála.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 menn eiga sæti í nefndinni.

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt 2. másl. 1. málsgr. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma.

Sveitarstjórn kys formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, svo og heilbrigðissamþykktá einstakra sveitarfélaga, ef til eru, og sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu eða notkun, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfræksluna eða húsnæði það, land eða tæki, sem notað er.

Almennar fyrirskipanir og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

4. gr.

Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

5. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir eins og annars staðar í lögum þessum, þar sem vikið er að héraðslæknum) er faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar. Hann getur krafizt þess, að heilbrigðisnefndarfundur sé haldinn, þegar honum þykir þörf, og sömuleiðis getur hann krafizt þess, að mál séu tekin á dagskrá og til meðferðar á fundum.

Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundi í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tækan stund, stað og dagskrá hvers fundar. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð þegar að fundi loknum.

6. gr.

Héraðsdýralækni skal gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfund, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Í hverjum kaupstað með 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur landlæknir þó heimilað, að ráðinn sé annar maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsg. skal teljast fullt starf.

Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kaupsýslshreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kaupsýslinu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 1. og 2. málsg. þessarar greinar, skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 2. málsg., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki mega að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.

Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, skal leita álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjenda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó annan málsl. 1. málsg.

Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum í heilbrigðisreglugerð og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar samkvæmt nánari fyrirmælum erindisbréfs.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn eftirlitsstarfsemi með sér undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Skal það skipað forstöðumanni (yfirlækni, ef um lækni er að ræða) og fyrst í stað tveimur heilbrigðisráðunautum honum til aðstoðar. Heimilt skal að fjölga ráðunautum eftir tillögum landlæknis, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalásetur í Reykjavík, en þegar heilbrigðisráðunautum verður fjölgað skv. heimildarákvæði 1. málsg. þessarar greinar, er ráðherra heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna

briggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Ekki skulu þó færri en tveir ráðunautar, auk forstöðumannsins, hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum landlæknis, sem leitar álits prófessorsins í heilbrigðisfræði við Háskóla Íslands. Forstöðumaðurinn skal vera læknir eða dýralæknir með sérmenntun í heilbrigðisfræði, maður með háskólaprófi í heilbrigðisfræði eða maður með aðra háskólamenntun, er fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem ráðherra metur gilda.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt þessum lögum, heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á. Það er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla. Það skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyztuvöru. Ráðherra setur forstöðumanni og heilbrigðisráðunautum starfsreglur.

Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunautar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og hafa þar málfrelsi og tillöguarétt.

9. gr.

Ráðherra setur með ráði landlæknis heilbrigðisreglugerð, og gildir hún fyrir öll sveitarfélög landsins, eftir því sem við getur átt. Skal tekið fram í reglugerðinni, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka af tvímæli, hvaða ákvæði hennar gilda einungis fyrir þéttbýli (skipulagsskylda staði) og hver einungis fyrir dreifbýli. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um endurskoðun heilbrigðisreglugerðar.

Heimilt er að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög: a) um þætti, sem ekki eru ákvæði um í heilbrigðisreglugerð, enda sé þá gætt ákvæða fyrri málsg. 11. greinar, b) til að gera um einstök atriði ríkari kröfur en gerðar eru í heilbrigðisreglugerð. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis, og ef með þarf annarri sérfræðilegri aðstoð, frumvarp að heilbrigðissamþykkt og frumvarp til breytinga á henni og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar, að fengnum tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á því, til þess að það geti hlotið staðfestingu.

Heilbrigðisreglugerð og staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefndar;
2. hreinlæti og þrifnað utan húss, svo sem á torgum, götum eða öðrum alfara-leiðum, opnum eða umgirtum svæðum í þéttbýli, fjörum, hafnarbökkum og bryggjum, gördum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna;
3. vatnsveitur, vatnsból, salerni og frárennsli;
4. hirðingu á sorpi og hvers kyns öðrum úrgangi;
5. meindýr hvers konar, svo og ónytjadýr í óskilum;
6. íbúðarhúsnæði;

7. vinnustöðvar úti og inni, svo sem verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagarðar(vinnslu)-stöðvar, verzlaniir hvers konar, útisölu, vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarendi;
8. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði;
9. skóla og aðra kennslustaði;
10. rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur;
11. barnaheimili, þ. á m. sumardvalarheimili, upptökuheimili svo og leikvelli;
12. heilbrigðisstofnanir skv. sjúkrahúsalögum, heilsuverndarstöðvar, fávitahæli og tilsvarendi, lyfjabúðir og lækningastofur;
13. íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, almenn baðhús, gufubaðstofur, almenna baðstaði og því um líkt;
14. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna;
15. kirkjur og hvers konar samkomuhús;
16. kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka;
17. báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. s. frv.;
18. gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þ. á m. hunda;
19. eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, svo og um húsakynni og tæki til matvælaframleiðslu, matvælaiðnaðar, matvælageymslu og matvæladreifingar, sbr. og 7. lið;
20. þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum.
Enn fremur er heimilt að setja ákvæði um:
21. hávaða, hvort heldur af starfrækslu hvers konar eða umferð á landi eða í lofti;
22. loftmengun.
23. Heilbrigðisreglugerð skal ljúka með því að kveða á um heimild til að veita undanþágur frá reglugerðinni og hvaða takmörkunum slík heimild skuli háð.

11. gr.

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, sem ekki verður heimfært undir neinn tölulið 10. greinar, og skal þá heimilt að taka atriðið upp í reglugerðina eða samþykktina, enda sé það samþærilegt við þau atriði, sem hér eru talin upp.

Ákvæði heilbrigðisreglugerðar og heilbrigðissamþykktu skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglum um sama efni og aldrei vægari en þau.

12. gr.

Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skulu aðilar leggja málið fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Nú tekst því ekki að miðla málum, og má þá leita úrskurðar ráðherra. Sömu málsmeðferð má hafa, ef héraðslæknir eða héraðsdýralæknir fá ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

13. gr.

Nú telur landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfun, sem varðar almenningsheill, en hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að gefa út fyrirmæli um framkvæmd ráðstöfunarinnar. Í slíkum tilvikum skal landlæknir jafnan ráðgast við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, svo fremi að honum hafi ekki þegar borizt tillögur þess um málið.

Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg hættu stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráðabirgða að stöðva starfræksluna eða notkunina, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Nú fellst heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfunina, og skal þá Heilbrigðiseftirlitið, er heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Ein greinargerð frá hvorum aðila skal fylgja málsskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málsskots skv. þessari málsgr. skal vera 1 vika, frá því er henni berst tilkynningin, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlitið hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra. Málsskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

14. gr.

Nú er öðrum aðila eða aðilum en heilbrigðisnefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með starfrækslu, stofnun eða notkun, sem þessi lög taka til, og fara fyrir-mæli þess eða þeirra aðila í bág við fyrir-mæli heilbrigðisnefndar, og reynast til-raunir til samræmingar fyrir-mælanna árangurslausar, og skal þá leggja málið fyrir landlækni, sem sker úr um ágreininginn. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurðinn, og má hann þá skjóta málinu til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

15. gr.

Heilbrigðiseftirliti ríkisins, héraðslækninum, heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skóðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun, sem ákvæði 10. gr. fjalla um.

16. gr.

Rannsóknarstofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlits skv. lögum þessum. Þó er sveitarfélögum heimilt að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknarstofnunum, enda hafi ráðherra úrskurðað þær fullgildar til slíkra rannsókna.

17. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga eða fyrir-mælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refska með sektum, en með varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrir-mælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.

Kostnað og dagsektir samkvæmt 2. málsgr. má innheimta með lögtaki.

18. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970. Með gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 35/1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lög nr. 19/1962, um breytingu á þeim lögum. Einnig falla úr gildi fyrri másl. 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og 19. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl., svo og annað í síðast

nefndum lögum og öðrum lögum, er fer í bág við þessi lög. Starfsemi sú, er ofangreind ákvæði laga nr. 24/1936 og laga nr. 53/1963 fjalla um, skal þó ekki niður falla, fyrr en fullnægt er fyrsta másl. 1. málsgr. 8. gr. þessara laga.

Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um Þjóðskjalasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:

1. að annast innheimtu og varðveislu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embættis og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósrítum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

3. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.

Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

4. gr.

Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

5. gr.

Í Þjóðskjalasafni skal vera viðgerðarstofa skjala og handrita. Skal hún jafnframt starfa fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfshætti Þjóðskjalasafns. Í þeirri reglugerð má ákveða viðurlög við brotum á starfsreglum þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 39 3. nóvember 1915, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 17. gr. bætist:

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarkvenna, sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um Listasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Safnið er eign íslenska ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir Listasafninu árlega a. m. k. $\frac{1}{6}$ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk Listasafnsins skal vera:

- a. að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
- b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
- c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
- d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslensku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
- e. að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
- f. að efna til farandsýninga um landið.
- g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenska myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,
- h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjonar.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalda á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, að fengnum tillögum forstöðumanns og þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Þeir skulu taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðuneytið skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenskir myndlistarmenn skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir

vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum, tveir listmál-
arar og einn myndhöggvari. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti,
skal kjósa sérstaklega eins marga varamenn og á skortir fulla tölu. Forstöðumaður
safnsins skal gera skrá um þá, sem kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs.
Á henni skulu vera þeir myndlistarmenn, sem voru á kjörskrá við kosningu í safn-
ráð 1961 og á lífi eru, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenskra myndlistar-
manna og Myndlistarfélaginu 1. janúar 1965, en eigi voru á kjörskrá 1961. Enn fremur
skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenskum myndlistarmönnum, sem tvö af eftir-
töldum atriðum eiga við um:

1. að hafa átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenska ríkið
beitir sér fyrir eða styður,
2. að hafa a. m. k. einu sinni hlotið listamannlaun af fé því, sem Alþingi veitir
árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og
3. að verk hafi verið keypt eftir hann til Listasafns Íslands, eftir að lög nr. 53/1961,
um Listasafnið, tóku gildi.

Skal skráin liggja frammi í Listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til
safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á
kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra
fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðu-
neytistjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn
Bandalags íslenskra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal
síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem at-
kvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í
hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósanda og
kjörstjórnar.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma
samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðu-
maður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal
bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágrein-
ingi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

- a. kaup á listaverkum til safnsins,
- b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
- c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,
- d. önnur mál, er forstöðumaður æskir, að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst
tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í
huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöt skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó vikja frá þessu ákvæði.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenska ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 53/1961, sbr. lög nr. 58/1965, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bág við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar sildar
af fjarlægum miðum sumarið 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán eða takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni, sem Sildarútvegsnefnd tæki, að fjárhæð allt að 15 milljónir króna, eða jafnvirði þess í erlendri mynt, til greiðslu kostnaðar við flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar sildar til íslenskra hafna af miðunum norðaustur og austur af Íslandi á árinu 1968.

2. gr.

Sildarútvegsnefnd skal hafa forgöngu um og hafa á hendi framkvæmd flutninga samkvæmt 1. gr., og er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í því skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar reynast til tryggingar framgangs flutninganna. Enn fremur er henni heimilt að veita öðrum aðilum fjárhagslegan stuðning eða aðra fyrirgreiðslu í þessu skyni, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar ákveða.

3. gr.

Sildarútvegsnefnd skal fyrir 10. júní 1968 gera áætlun um heildarkostnaðinn við flutningana samkvæmt lögum þessum. Skal sú áætlunarfjárhæð dregin frá útflutningsandvirði saltsildarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1968 hjá Sildarútvegsnefnd, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til sildarsaltenda. Áætlunarfjárhæð þessi skal ganga til greiðslu kostnaðar við flutningana og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal leggja áætlun Sildarútvegsnefndar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til grundvallar verðlagningu sumarsildar til söltunar á árinu 1968. Hinn áætlaði heildarkostnaður við flutningana skal við verðákvörðun skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og sildarsaltenda hins vegar.

4. gr.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum minni en áætlun Sildarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sú inneign geymd á sérstökum reikningi til næsta árs til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist kostnaður við flutninga samkvæmt lögum þessum meiri en áætlun Sildarútvegsnefndar samkvæmt 3. gr. gerir ráð fyrir, skal sá viðbótarkostnaður greiddur af útflutningsandvirði saltsildarframleiðslunnar á Norður- og Austurlandi á árinu 1969, og skal Verðlagsráð sjávarútvegsins leggja þann viðbótarkostnað til grundvallar við verðákvörðun sumarsildar til söltunar vorið 1969 og skiptast til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og sildarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um löndunarstaði, kaup, yfirtöku og skoðun saltsildar, sem flutt er samkvæmt ákvæðum laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

**um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu
umhverfis Ísland.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íslenska ríkið á fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra. Öll slík auðæfi eru eign íslenska ríkisins, og skulu íslensk lög gilda í einu og öllu í þessum efnum.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar ná til allra þeirra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í íslenska landgrunninu, og allra annarra auðæfa þess, lífrænna og ólífrænna.

3. gr.

Íslenska landgrunnið telst, í merkingu þessara laga, ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Landgrunn eyja, sem utan landhelgi liggja, skal markað á sama hátt.

4. gr.

Ráðherra setur, með reglugerð, frekari ákvæði um framkvæmd rannsókna á auðæfum landgrunnsins og nýtingu þeirra og jafnframt um nánari mörkun þess og önnur þau atriði, sem þurfa þykir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „kostnaður af affermingu“ í 1. tölul. 216. gr. laganna komi: kostnaður af hafnsögu.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar til á árunum 1968 og 1969 vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nr. 19.

1. apríl 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kennarar við stofnanir, sem láta í té kennslu samkvæmt fræðslukerfi ríkisins og með þeim hætti, sem menntamálaráðherra samþykkir, geta orðið sjóðfélagar, enda taki stofnanir þær, er hlut eiga að máli, á sig allar skuldbindingar launagreiðanda samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1969

30. apríl 1969.

217

Nr. 20.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 88 20. des. 1968, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969“ komi: tímabilinu 1. jan. til 10. maí 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 3. gr. laganna verði 1. gr. og orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð, settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leita um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli, annar en síld, sé upptækur til ríkissjóðs.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskrannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu og flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari málsg. skal ávallt tímabundið.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er íslenskum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þá er rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A 1. Frá línu, réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er átta sjómíllur utan

við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07.5' n.br. 21°31.2' v.lg.) og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

- A 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.
- A 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið á svæði því, sem um getur í A 2, að undanskildu því svæði og þeim tíma, er getur í A 5.
- A 4. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A 1, og takmarkast svæði þetta að vestan og austan, svo sem í A 1 greinir.
- A 5. Þrátt fyrir ákvæði A 3 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á tímabilinu 1. júní til 1. október á svæði, sem takmarkast af línu, réttvísandi norður af Rauðunúpum (grunnlínupunktur 6), og línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9).
- A 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.
- A 7. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

- B 1. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9), að línu, réttvísandi norðaustur frá Bjarnarey (65°47.1' n.br. 14°18.3' v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan við grunnlínu milli eftirfarandi staða: Langaness (grunnlínupunktur 9), Skálatóarskers (65°59.7' n.br. 14°37.5' v.lg.) og Bjarnareyjar (65°47.1' n.br. 14°18.3' v.lg.).
- B 2. Á tímabilinu 1. október til 16. apríl er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, er í B 1 getur.
- B 3. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Bjarnarey (65°47.1' n.br. 14°18.3' v.lg.), að línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8' n.br. 13°55.4' v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B 4. Frá línu, réttvísandi norðaustur af Ósfles (65°37.8' n.br. 13°55.4' v.lg.), að línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu, sem dregin er milli Ósflesjar, Almenningsflesjar (65°33.1' n.br. 13°40.6' v.lg.), Glettinganess (grunnlínupunktur 10) og grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 3/1961 (grunnlínupunktur 11—17).
- B 5. Á tímabilinu 1. nóvember til 1. maí er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á svæði því, sem um getur í B 4, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu þá, sem þar getur.
- B 6. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalsbaks.
- B 7. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá grunnlínu (grunnlínupunktur 10—11) á svæði, sem takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Álftavíkurtanga (sunnan Húsavíkur), og línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Dalatanga.

C. Suðausturland.

- C 1.** Frá línu, réttvísandi suðaustur af Selskeri (grunnlínupunktur 17) að 18° vestlægrri lengd, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 4 sjómilur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.
- C 2.** Á tímabili því, sem í C 1 segir, er skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er milli Selskers (grunnlínupunktur 17) og Hvítinga (grunnlínupunktur 18) og síðan í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan af línu, réttvísandi suðaustur frá Hvítingum (grunnlínupunktur 18) og að vestan svo sem í C 1 greinir.

D. Suðurland.

- D 1.** Frá 18° vestlægrri lengd til 20° vestlægrar lengdar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómilur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961.
- D 2.** Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í D 1 greinir.
- D 3.** Frá 20° vestlægrri lengd að línu, réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48.0' n.br. 22°42.7' v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 8 sjómilur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 28), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 29), Einidrangs (63°27.4' n.br. 20°37.2' v.lg.), Selvogs (63°49.1' n.br. 21°39.4' v.lg.), Hópsness (63°49.3' n.br. 22°24.6' v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), sbr. þó D 8 og D 9.
- D 4.** Á tímabilinu 1. maí til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómilur utan við grunnlínu þá, er í D 3 getur, á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem þar greinir, sbr. þó D 8 og D 9.
- D 5.** Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, og takmarkast svæði þetta að austan og vestan, svo sem getur í D 3, sbr. þó D 8 og D 9.
- D 6.** Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárós (63°46.5' n.br. 20°49.0' v.lg.), sbr. þó D 9.
- D 7.** Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57' vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22°32' vesturlengdar, sbr. þó D 9.
- D 8.** Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman. Enn fremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsíma-

strengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

- D 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem um getur í D 3—D 7.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

- E 1. Frá línu, réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8' n.br. 22°44.2' v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.
- E 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir eða minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið á svæði, sem takmarkast að austan og vestan, svo sem í E 1 getur, utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. þó E 9.
- E 3. Frá línu, réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52.8' n.br. 22°44.2' v.lg.), að 64°40' norðlægrar breiddar, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 4 sjómíliur utan grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30) og Gáluvíkurtanga (64°44.9' n.br. 23°55.3' v.lg.), sbr. þó E 9.
- E 4. Á tímabilinu 1. október til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 1 sjómílu innan við grunnlínu þá, er getur í E 3, milli 64°0' norðlægrar breiddar og 64°35' norðlægrar breiddar, sbr. þó E 9.
- E 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti, 4 sjómíliur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52.8' n.br. 22°44.2' v.lg.) í punkt, 4 sjómíliur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04.9' n.br. 22°41.7' v.lg.), og þaðan í Malarrifsvita (64°43.7' n.br. 23°48.5' v.lg.), en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem um getur í E 3, sbr. þó E 9.
- E 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða og í réttvísandi vestur frá þeim, sbr. þó E 9:
- a) 64°12' n.br., 22°20' v.lg.
b) 64°25' n.br., 22°30' v.lg.
- E 7. Frá 64°40' n.br. að línu, réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita (64°53.1' n.br. 24°02.9' v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið að línu, sem dregin er 4 sjómíliur utan við grunnlínu milli Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 30), Gáluvíkurtanga (64°44.9' n.br. 23°55.3' v.lg.), Hraunvarar (64°49.6' n.br. 24°01.0' v.lg.), Skálasnaga (grunnlínupunktur 32) og Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), sbr. þó E 9.
- E 8. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 1. janúar upp að einni sjómílu frá fjörumarki, en þó ekki austan við línu, sem dregin er úr Malarrifsvita í punkt, 4 sjómíliur réttvísandi vestur frá Garðskagavita, en að norðan og sunnan takmarkast svæði þetta, svo sem um getur í E 7, sbr. þó E 9.
- E 9. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem um getur í E 1—E 8.

F. Breiðafjörður.

- F 1. Frá línu, réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, (grunnlínupunktur 33), er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, sbr. þó F 5.
- F 2. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti, 2 sjómíllur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita í Bjargtanga (grunnlínupunktur 33), milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 250° úr stað á $65^\circ 09'$ n.br. $23^\circ 40'$ v.lg. og 290° úr stað á $65^\circ 19'$ n.br. $23^\circ 51'$ v.lg., sbr. þó F 5.
- F 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. júní til 16. september utan línu, sem dregin er 2 sjómíllur réttvísandi norður frá Öndverðarnesvita og þaðan í punkt $65^\circ 0'$ n.br. $23^\circ 30'$ v.lg. og þaðan í punkt $65^\circ 09'$ n.br. $23^\circ 40'$ v.lg., og línu, sem dregin er í 250° réttvísandi stefnu úr þeim punkti, sbr. þó F 5.
- F 4. Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er réttvísandi 250° úr punkti $65^\circ 09'$ n.br., $23^\circ 40'$ v.lg., og línu úr þeim punkti í punkt $65^\circ 19'$ n.br., $23^\circ 51'$ v.lg., og þaðan í réttvísandi 290° , sbr. þó F 5.
- F 5. Ráðherra er heimilt að hanna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 15. maí, eftir því sem þörf þykir, á svæðum, sem getur í F 1—F4.

G. Vestfirðir.

- G 1. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. október til 1. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 3/1961, á eftirgreindum svæðum:
- á svæði, sem takmarkast af línunum, réttvísandi 300° frá Kópanesi (grunnlínupunktur 34) og Fjallaskagavita ($66^\circ 0.4'$ n.br., $23^\circ 48.8'$ v.lg.) og
 - á svæði, sem takmarkast af línunum, réttvísandi norðvestur frá Rit ($66^\circ 21.3'$ n.br., $23^\circ 11.5'$ v.lg.) og réttvísandi norður frá Kögri (grunnlínupunktur 37).

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr. og orðist svo:

Heimildir þær, sem veittar eru í 2. gr. til veiða með botnvörpu og flotvörpu, taka og til dragnótaveiða. Að öðru leyti halda áfram gildi sínu lög nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir visindalegu eftirliti.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum um takmarkaðan tíma og á tilteknum veiðisvæðum, ef hafis lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

4. gr.

2. gr. laganna verði 4. gr. og orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, þar sem því er óheimil veiði, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

5. gr.

Í 4. gr. laganna, sem verði 5. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr., og í stað orðanna: „2. gr.“ orðin: 4. gr.

6. gr.

Í 6. gr. laganna, sem verði 7. gr., komi í stað orðanna: „1. gr.“ orðin: 1., 2. og 3. gr. og í stað orðanna: „4. gr.“ orðin: 5. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nú gerist skipstjóri sekur um ítrekuð brot á lögum þessum, og er þá heimilt að svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma.

7. gr.

5.—8. gr. laganna verði 6.—9. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. laganna gilda til ársloka 1971.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Stjórn Háskólans er falin háskólaráði, rektor og háskólaritara.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum Háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu Háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan Háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi Háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.

Háskólaritari hefur eftirlit með daglegri starfsemi Háskólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða Háskólann.

Rektor eða háskólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum, er snerta Háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

3. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta á fundum háskóladeilda eftir ákvörðun aðalfunda í viðkomandi deildarfélagi stúdenta, svo og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af stúdentaráði, og einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjör-

gengir til starfa deildarforseta. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

4. gr.

5. gr. 2. málsg. orðist svo:

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

5. gr.

7. gr. 1. málsg. orðist svo:

Forseti Íslands skipar háskólaritara, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs, en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og háskólaritara. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

7. gr.

9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild og viðskiptadeild. Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.

Við Háskólann starfa rannsóknarstofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði svið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfs-

8. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun eða mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna á rannsóknarstofnunum og öðrum háskólastofnunum.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann, halda starfsheitum sínum.

9. gr.

11. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnktar og erlenda sendikennara, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentastörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentastarf við Háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundum þá ekki atkvæðisrétt.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknarstofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

10. gr.

14. gr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 8. gr. 2. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar, sem starfa við Háskólann við gildistöku laga þessara, svo og aðjúnktar megi sitja deildarfundum.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundum, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildar-ráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

11. gr.

15. gr. 2. málsg. orðist svo:

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisþærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

12. gr.

Við 17. gr. laganna bætist þessi málsliður:

Heimilt er samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að halda próf utan kennsluársins, þegar sérstaklega stendur á.

13. gr.

18. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

14. gr.

19. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem vikur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Staðgengill tekur sæti þess, sem vikur, á deildarfundum og hefur þar atkvæðisrétt, enda sé hann settur til að gegna embætti eða starfi fastráðins kennara.

15. gr.

21. gr. 2. mgr. orðist svo:

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

16. gr.

Á eftir 21. gr. 3. málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

17. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti Háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við Háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki stundað nám við Háskólann í tvö kennslumisseri samfleytt, eftir því sem þær kröfur um námsástundun eru greindar í reglugerð fyrir skólann í heild eða einstakar námsgreinar. Nú hefur stúdent gert háskóladeild sinni viðhlítandi grein fyrir fjarvistum, og skal þá ekki má nafn hans af stúdentaskrá, þótt hann sæki ekki Háskólann allt að fjögur misseri, enda skrái hann sig í árlegri skráningu.

18. gr.

Við 27. gr. bætast svofelld ákvæði, er verði 2., 3. og 4. málsgreinar:

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Nú stengt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

19. gr.

29. gr. 1. málsg. síðasti málsliður orðist svo:

Við meistaraþróf dæma þó kennarar hlutaðeigandi deildar einir.

20. gr.

29. gr. 3. málsg. orðist svo:

Þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein segir, getur viðkomandi deild mælt svo fyrir, að prófdómandi utan Háskólans dæmi próf í stað innan skóla prófdóm-
anda, og við próf í forspjallsvisindum skal vera einn prófdómandi utan Háskólans.

21. gr.

30. gr. orðist svo:

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viður-
kenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja
má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

22. gr.

Við 31. gr. i. f. bætist svo hljóðandi málsliður:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktors-
nafnbóta.

23. gr.

37. gr. 1. málsg. orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

a) Í guðfræðideild 4, b) í læknadeild 16, c) í lagadeild 6, d) í heimspekideild 14,
og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36,
18. apríl 1962, 6. gr., e) í verkfræði- og raunvísindadeild 6, f) í viðskiptadeild 4.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun mennta-
málaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt
til á fjárlögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi 1. gr. laga nr. 27 29.
apríl 1967, um breytingu á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Fulltrúi, er Félag háskólakennara nefnir til setu í háskólaráði, tekur sæti þar
1. maí 1969 og sama er um annan fulltrúa, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands til-
nefnir. Frá sama tíma tekur annar fulltrúi stúdenta á deildarfundum sæti þar.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga
nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum og gefa þau
út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Við rektorskjör í maí 1969 skal veita félagi tannlækanema kost á að nefna einn
fulltrúa, er atkvæðisrétt á um kosningu rektors. Fulltrúar deildarfélaga, sem sæti
eiga á fundum háskóladeilda við gildistöku laga þessara, einn frá hverri deild, skulu
eiga kost á að taka þátt í rektorskjöri í maí 1969. Ef um fleiri fulltrúa en einn er að
ræða, ákveður stjórn deildarfélags, hvaða fulltrúi skuli hafa atkvæðisrétt við rektors-
kjör í maí 1969.

Gjört að Bessastöðum, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

17. maí 1969.

229

Nr. 23.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útfegin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1 600 þús.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

7. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánnum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi	24.3
Boranir við Námafjall	30.4
Rannsóknir á Efra-Pjórsársvæði	9.3
Rafmagnsveitur ríkisins	42.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	13.4
Landshafnir	5.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	43.5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	29.6
Reykjanesbraut í Breiðholti	2.8
Keflavíkurlflugvöllur	3.9
Menntaskólinn við Hamrahlíð	10.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu	3.0

Samtals 225.0

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Vikja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kaupúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi viðbót, svo hljóðandi:

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
- e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitolanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

3. gr.

Síðasti málsj. 2. mgr. 28. gr. orðist þannig:

Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

4. gr.

85. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 7 10. apríl 1968, orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 12 14. maí 1964 og laga nr. 7 10. apríl 1968, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög, nr. 71 30. desember 1963, og gefa löginn út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum, 20. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1969

Nr. 25.

232

23. apríl 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem háðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 26.

2. maí 1969.

L Ö G

um eftirlaun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964 — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tím-
anum liðnum rétt til eftirlauna.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964. Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

Undanþága samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

2. maí 1969.

Nr. 27.

L Ö G

um Handritastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu islenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um skipun hans í starfið fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora.

Til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af ráðuneytinu.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 36/1962, um Handritastofnun Íslands.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, þar sem meðal annars sé ákvæði um sektarviðurlög um brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

2. maí 1969.

Nr. 30.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt, þrátt fyrir bann þessarar greinar, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskípum í íslenzkum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968, að báðum árunum meðtöldum.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum skv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvilandi lánnum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti
fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, er Sambandi íslenzkra berklasjúklinga er veitt til að reka vöruhappdrætti samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, skal gilda til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ættleiðingu, nr. 19 11. febrúar 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 6. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Læknaþingastöð er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknaþingum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknaþingar, þar af minnst einn læknaþingur.

Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Áður en ákveðið er að stofna læknaþingastöð, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi læknaþinga, ef þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð læknaþingum. Nú hefur læknaþingastöð verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsg. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknaþingastöð samkv. fyrstu málsg. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknaþing, ef um fleiri en eitt læknaþing er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja læknaþinga. Ákvæði þessarar málsg. gildir einnig, þegar svæði læknaþingastöðvar er stækkað.

Læknamiðstöð skal að jafnaði vera aðsetursstaður lækna þeirra, er gegna störfum við stöðina. Til læknamiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður að tillögu landlæknis og að fenginni umsögn Læknafélags Íslands, hve margir héraðslæknar og/eða aðrir læknar skuli starfa við læknamiðstöð. Um skipun héraðslækna fer samkv. 5. gr., en stjórn læknamiðstöðvar ræður aðra lækna að stöðinni.

Kostnaður við byggingu starfshúsnæðis fyrir læknamiðstöð og íbúðir héraðslækna, sem starfa við stöðina, greiðist samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga. Þó skal kostnaður, sem leiðir af stofnun læknamiðstöðvar, sem tekur yfir tvö eða fleiri læknishéruð samkv. 1. gr., greiddur að fullu úr ríkissjóði. Nú óska hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því, að fleiri læknar en ráðherra hefur ákveðið, sbr. 5. mgr., starfi við læknamiðstöð, og bera þá sveitarfélög ein kostnað af aukningu á húsakynnum, sem af slíkri læknafjölgun leiðir.

Nú er ekki til héraðslæknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknamiðstöð, sem tekur yfir tvö eða fleiri héruð, er sett á stofn, og fer þá um kostnað við byggingu einnar héraðslæknisíbúðar samkvæmt almennum ákvæðum sjúkrahúsalaga. Byggingar og búnaður, sem er í eigu einstakra læknishéraða, þar sem læknamiðstöð er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknamiðstöðvar, annar en laun héraðslækna, greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda, hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Nú fer fram í læknamiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer þá um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi samkv. þeim lögum.

Í stjórn læknamiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn eða sveitarstjórn, ef læknamiðstöð nær aðeins yfir eitt læknishérað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu álitum hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis samkv. taxa, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slíkrar þjónustu eins og um læknamiðstöð væri að ræða.

Nánari ákvæði um tilhögun og starfsemi læknamiðstöðva skal setja í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. málsg. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar, að fjárhæð allt að 3128 millj. kr. (35.5 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hauki Sigurðssyni, bónda á Arnarstöðum, Helgafellssveit, eyðijörðina Úlfarsfell í sama hreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um Landsbókasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveislu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra,
2. að afla erlendra rita í öllum greinum vísinda, bókmennta, lista, tækni og samfélagsmálefna,
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði,
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar innan lands og utan,
5. að leiðbeina þeim, er til safnsins leita, og örva til bóklestrar og fræðaiðkana.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafn varðveitir handritasöfn þau, er það hefur viðað að sér frá öndverðu, en skal jafnframt vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu.

Það skal vinna að öflun mynda af íslenzkum handritum, ef frumrit eru ekki fáanleg. Landsbókasafnið og Handritastofnun Íslands skulu hafa samráð um þetta síðasta atriði, skipta þar með sér verkum, svo að ekki komi til tvíverknaðar.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknnum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum (og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í lögnum um afhendingu slíkra eintaka) og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal halda uppi og greiða fyrir bókaskiptum við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við önnur bókasöfn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félag eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

8. gr.

Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavardar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.

Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.

9. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Heimild þessi nær jafnframt til starfrækslu þeirrar, er leiðir af 8. gr.

Menntamálaráðherra skipar bókaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum landsbókavardar. Um tölu þeirra fer eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

10. gr.

Laun landsbókavardar og annarra fastra starfsmanna skulu vera samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

11. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Bókaverðir skulu vera landsbókaverði til fulltingis um bókaval, hver í þeirri grein eða greinum, sem hann er kunnugastur.

Háskólaráð skipar safninu jafnframt ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim greinum, er ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókaverði er heimilt að leita ráða eða hlíta tillögum enn annarra sérfróðra manna.

12. gr.

Í Landsbókasafni skal vera myndastofa, og annist þeir, sem þar starfa, alla myndagerð fyrir safnið, en þjóni jafnframt öðrum opinberum stofnunum, eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

Um samstarf Háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Íslands og stofnanir hans, skal sett sérstök reglugerð í samræmi við 8. og 9. gr. þessara laga og 2. og 36. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

14. gr.

Í Landsbókasafni skal vera bókbandsstofa, og bindi starfsmenn hennar bækur safnsins og rit, en veiti jafnframt Þjóðskjalasafni þjónustu, svo sem verið hefur.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 44/1949, um Landsbókasafn Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Else, húsmóðir á Akureyri, fædd í Kanada 20. ágúst 1914.
2. Andersen, Steffen Magnus, járnsmiður á Álafossi, fæddur í Danmörku 20. október 1937.
3. Andersson, Sven Bertil Herder, fulltrúi á rannsóknarstofu í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 23. nóvember 1933.
4. Andreasen, Gudrun Viola, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 19. nóvember 1935.
5. Angelo, Greta Laila, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Noregi 30. janúar 1945.
6. Awad, Ahmed Hafez, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 26. febrúar 1942.
7. Christensen, Helge Sigurd, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 10. júlí 1934.
8. Christoffersen, Richard Örn Johnsen, nemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 15. júní 1946.
9. Colding, Konny Mitsi, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 1. júlí 1937.
10. Dam, Thorlak, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 24. febrúar 1930.
11. Framme, Gisela Ella Flora, húsmóðir á Hríshóli í Reykhólasveit, fædd í Þýskalandi 3. apríl 1934.
12. Gaard-Jensen, Karen Margrethe, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 28. maí 1916.
13. Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, húsmóðir í Syðstu-Mörk, Vestur-Eyjafjallahreppi, fædd á Íslandi 8. september 1930.
14. Harbo, Jörgen, sjómaður á Dalvík, fæddur í Danmörku 14. janúar 1944.
15. Holm, Anelise Helga, húsmóðir á Akureyri, fædd í Danmörku 4. september 1934.
16. Holmer, Jonna, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 26. júní 1937.
17. Höjgård, Elly Susanna Samueldóttir, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 20. nóvember 1926.
18. Jakob Úlfarsson, læknanemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 25. júní 1943.

19. Jelle, Aase Kathrine Poulsen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 23. marz 1934.
20. Jensen, Celinda Elisabeth, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 3. október 1946.
21. Jensen, Doren Hjörmunda, húsmóðir á Vopnafirði, fædd í Færeyjum 29. júní 1944.
22. Joensen, Heinz Peter, blikksmiður í Hafnarfirði, fæddur í Danmörku 1. janúar 1943.
23. Johannesen, Anna Malena Salomina Leo, húsmóðir í Sandgerði, fædd í Færeyjum 6. september 1911.
24. Kluck, Jón Michael, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur á Íslandi 11. janúar 1950.
25. Kutscher, Rolf Kurt Ernst, verzlunarmaður á Ísafirði, fæddur í Þýzkalandi 27. marz 1943.
26. Lambaa, Angelika Sofie Malene, ráðskona á Akranesi, fædd í Færeyjum 6. nóvember 1899.
27. Larsen, Hanne Oda Ann, flugfreyja í Reykjavík, fædd í Danmörku 12. desember 1941.
28. Larsen, Max Helmer, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 24. ágúst 1943.
29. Ludvig, Sonja Friborg, húsmóðir í Súðavík, fædd í Færeyjum 9. september 1932.
30. Lukesova, Antonie, ekkja í Reykjavík, fædd í Tékkóslóvakíu 22. nóvember 1896.
31. Mann, Hans, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 18. september 1913.
32. Mitchell, Michael Bruce Mackinnon, verkamaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Englandi 18. desember 1942.
33. Möller, Renate Hedwig Erika, húsmóðir að Helgafelli í Mosfellssveit, fædd í Þýzkalandi 23. júlí 1936.
34. Mörköre, Henry Christian, sjómaður í Vestmannaeyjum, fæddur í Færeyjum 27. september 1939.
35. Müller, Einar, sjómaður á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1942.
36. Newman, Gerald Davis, verkamaður í Höfnum, fæddur á Íslandi 15. september 1951.
37. Nirk, Sibilla, tannlæknir í Reykjavík, fædd í Lettlandi 27. janúar 1938. Fær réttinn 27. maí 1969.
38. Otto, Annelene Irma, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 23. nóvember 1935.
39. Petersen, Birgit Vini Borg, húsmóðir í Vestmannaeyjum, fædd í Danmörku 1. nóvember 1938.
40. Petersen, Jensa Kitty, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Færeyjum 26. júní 1935.
41. Pilipienko, Tamara, húsmóðir á Akureyri, fædd í Póllandi 7. maí 1917.
42. Poulsen, Sjurður Johan Joen-Henriksson, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Færeyjum 28. marz 1946. Fær réttinn 8. júní 1969.
43. Rinne, Antti Ensio, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Finnlandi 28. maí 1933.
44. Sobh-Khiz, Manutcher, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Íran 30. júlí 1946.
45. De Sousa, Carlos Alberto Felizardo, verkamaður í Hafnarfirði, fæddur í Portúgal 1. maí 1944. Fær réttinn 1. okt. 1969.
46. Steffen, Gisela Friederike Elisabeth, húsmóðir í Borgarnesi, fædd í Þýzkalandi 6. marz 1932.
47. Svendsen, Ole Bernhard Palmqvist, verkamaður í Vogum, fæddur í Danmörku 31. júlí 1950.
48. Toftum, Edith Maria, húsmóðir í Keflavík, fædd í Færeyjum 9. maí 1942.
49. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Austurríki 17. nóvember 1932.

50. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.
 51. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.
 52. Woods, Russel Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.
 53. Woods, Russel Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1969 greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt er úr gildi felld 12. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema sýslunefnd hafi fallizt á aðra skiptingu.

Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eru ein fjallskiladeild, hafa sveitarstjórnir þeirra í sameiningu á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála í því upprekstrarfélagi, eftir því sem nánar er ákveðið í fjallskilasamþykkt eða af sýslunefnd.

3. gr.

Í fjallskilasamþykkt, er sýslunefnd setur, skal kveðið á um réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda,

fjallskil, smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði, er að framkvæmd fjallskila lúta.

Fjallskilasamþykkt tekur ekki gildi, fyrr en staðfest hefur verið af ráðuneyti því, sem fer með landbúnaðarmál, enda komi ákvæði hennar eigi í bág við þessi lög.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

4. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

5. gr.

Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur sýslunefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeiganda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki sýslunefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki sýslunefndar komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.

6. gr.

Sýslunefnd semur, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, skrá yfir alla afrétti, er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hvernar jarðar í sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki jarðeiganda eða umráðamanns jarðar. Breytingar á afréttum eða réttindum yfir þeim skulu þegar færðar í afréttaskrá. Afréttaskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar.

7. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt.

Um skyldu til að reka búfé á afrétt fer eftir því, sem fyrir er mælt í fjallskilasamþykkt.

8. gr.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að í slíkt afréttarland megi eigi taka búpening til sumargöngu af utanhreppsmönnum, sem eigi hafa þar upprekstrarétt, nema með samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi hreppsnefndar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun hreppsnefndar, krafizt mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um hagatoll, hvort heldur ákveðinn er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

9. gr.

Nú ris ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar samkvæmt 8. gr., og skal þá, ef hreppsnefnd tekst eigi að miðla málum, vísa ágreiningnum til sýslunefndar, er úrskurðar málið. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til dómstóla.

10. gr.

Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt samkvæmt 7. eða 8. gr., nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. er að ræða. Um slíkar leyfisveitingar, svo og um gjaldskyldu leyfishafa fyrir afréttarnot, skulu nánari fyrirsmáli sett í fjallskilasamþykkt.

11. gr.

Enginn má hafa afnot afréttar fyrir sjálfan sig, svo sem grasnyt og hlunnindi, nema hreppsnefnd leyfi. Eigi tekur þó ákvæði þetta til fiskveiði eða annarra hlunninda, sem í einkaeign eru, þótt í afrétti séu.

12. gr.

Nú eru beitilönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi með líkum hætti og afréttir, og skal þá reglum laga þessara um afrétti beitt um þau eftir því, sem við getur átt og nánar er fyrir mælt í fjallskilasamþykkt.

13. gr.

Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori, fyrr en sveitarstjórn leyfir.

Eftir að sveitarstjórn hefur ákveðið, að vorsmölun skuli lokið, og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afrétt né gera afréttarþúpeningi ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

14. gr.

Telji hreppsnefnd eða bæjarstjórn afrétt ofsetinn, getur hún gripið til eftirtalinnna úrræða:

- a. Snúið sér til gróðurverndarnefndar sýslunnar, ef til er, ella landgræðslustjóra, og óskað álits um ástand landsins eða aðstoðar til gróðureflingar.
- b. Ákveðið, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram.
- c. Bannað, að stóðhross séu rekin í afrétti, enda séu þau þá undanþegin fjallskilum.
- d. Átt frumkvæði að itölu í afréttinn samkvæmt III. kafla laga þessara.

15. gr.

Nú eru tveir hreppar eða fleiri í fjallskiladeild (upprekstrarfélagi) og þykir hreppsnefnd í einum þeirra nauðsyn til bera að ganga úr fjallskiladeildinni og stofna nýja, og boðar þá hreppsnefnd til fundar með búendum í hreppnum, sem upprekstur eiga, og lætur atkvæði ganga um málið. Verði $\frac{3}{4}$ þeirra, er atkvæðisrétt eiga, því fylgjandi að ganga úr fjallskiladeildinni, tilkynnir hreppsnefnd það sýslunefnd, og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum nýja skilarétt, ef þörf krefur. Sýslunefnd kýs þrjá óvilhalla menn í skiptanefnd, til að stýra skiptum á sameiginlegum eignum fjallskiladeildarinnar. Náist ekki samkomulag aðila um þau skipti, að því er varðar lausafé og mannvirki, sker skiptanefnd úr.

Um skiptingu afréttalanda fer sem hér segir:

- a. Þar sem hver hreppur í fjallskiladeild þeirri, sem skipta á, hefur frá fornu fari annazt um fjallskil á ákveðnum afréttahluta og haft rétt til upprekstrar í hann, skal ákveða landamerki, þar sem leitamót hafa verið frá fornu fari, og færi sýslunefnd þau í afréttaskrá.
- b. Þar sem afréttur hefur verið leitaður sameiginlega, skal Landgræðsla Íslands fengin til að meta afréttinn gróðurmati og gera tillögur um skiptingu eftir reglum III. kafla þessara laga. Náist eigi samkomulag aðila um landamerki, sker skiptanefnd úr. Kostnað af störfum skiptanefndar og landgræðslunnar ber sá aðili, er skipta beiddist. Nú þykist annar hvor aðili vanhaldinn af úrskurði skiptanefndar í einhverju efni, og má þá skjóta honum til landbúnaðarráðherra, sem tilnefnir þrjá menn í yfirskiptanefnd, og úrskurðar hún um ágreiningsatriði. Kostnað af störfum hennar bera aðilar að jöfnu.

III. KAFLI

Um ítölu.

16. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

17. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt ítölu á jörðum í hreppnum, nokkrum hluta hans eða í afréttarlöndum hreppsins, enda mæli gróðurverndarnefnd sýslunnar með, að ítala verði gerð. Skal þá boða búendur hreppsins eða hreppshlutans til fundar um málið. Sá telst búandi, er jörð hefur eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hver mál verði til umræðu. Fundur telst lög-mætur, ef fleiri sækja en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hrepps-hlutans. Hver maður hefur eitt atkvæði og eigi fleiri, þótt hann nýtti eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Skrá skal í fundargerð, hve margir séu búendur á viðkomandi svæði svo og hversu margir hafi greitt atkvæði um fundarefnið. Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um ítölu, og skal hún þá boða til fundar, sem að framan segir.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt, skal málið sent viðkomandi gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að tveim árum liðnum.

18. gr.

Ef verulegur samgangur búpenings er milli heimalanda jarða eða afrétta tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 17. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar- eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögsmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 17. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem við verður komið, send oddvita sýslunefndar svo og oddvita hreppsnefndar í þeim hreppi, sem upptök átti að ítölu kröfu.

Nú fellir hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til gróðurverndarnefndar, ef til er, ella til sýslunefndar, sem tekur ákvörðun um málið að fenginni umsögn landgræðslustjóra.

19. gr.

Þegar gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu, samkvæmt 17. eða 18. gr., skal hún taka ákvörðun um málið svo fljótt sem ástæður leyfa.

Ítala skal gerð af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnið einn mann, og er sá formaður nefndarinnar, Búnaðarfélag Íslands tilnefnið annan og landgræðslustjóri hinn þriðja. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

20. gr.

Ítala skal byggjast á beitarþolsrannsókn á viðkomandi landi samkvæmt 40. gr. laga nr. 17 24. apríl 1965, um landgræðslu. Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, með tilliti til beitarþols. Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknnum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjartegunda, ef landið er mjög einhæft.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, má undanþiggja ítölu í heimaland, enda mæli gróðurverndarnefnd (landgræðslustjóri) með undanþágu. Nú er hluti jarðar utan girðingar, og skal þá sá hluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn eða varamenn þeirra að greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

21. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 20. og 22. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

22. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsbum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í afrétt eða heimalönd en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella við landverð jarðanna að frádrögnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem völ er á, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamat var gert. Sá, er ekki vill una úrskurði sveitarstjórnar, getur skotið málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Heimilt er sveitarfélagi, sem eigi fyllir ítölu sína í afréttarland, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbum ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar

jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

23. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að gróðurverndarnefnd eða sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd sýslunnar, telur nauðsynlegt, að gerð sé ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til landgræðslustjóra um, að málið verði tekið til meðferðar. Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir annan og landgræðslustjóri hinu þriðja.

24. gr.

Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og ætla megi, að ofbeiti í afréttum eða öðrum sumarhögum valdi, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka málið.

25. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

26. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfiritölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjú menn í yfiritölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 25. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

27. gr.

Ef beitarþol lands breytist að dómi gróðurverndarnefndar, eða fimm ár eru liðin frá því, er ákvörðun um ítölu tók gildi, er skylt að taka ítöluna til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af viðkomandi sýslunefnd. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

IV. KAFLI

Um ágang afréttarpenings o. fl.

28. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, og getur þá sá, er fyrir verður, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps eða hreppa, er afrétt þann nota, er ágangspeningur kom frá. Heimilt er þó í fjallskila-

samþykkt að ákveða að nokkru aðra skipan á skiptingu þessa kostnaðar. Sama gildir um kostnað við búfé, sem stendur við afréttargirðingar.

29. gr.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, og geta þeir þá krafizt girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 7. gr. laga nr. 10 25. marz 1965 (girðingarlaga).

30. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

31. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði. Uppboðsandvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

32. gr.

Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur.

V. KAFLI

Um göngur og réttir.

33. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði um vorsmölun heimalanda og afrétta.

34. gr.

Á hvern afrétt skal gera tvennar almennar leitir hið fæsta á hverju hausti. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um leitir á hverjum afrétti.

35. gr.

Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskyld er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum þessara laga og eftir því og á þann hátt, er sveitarstjórn mælir fyrir um á hverjum stað. Húsbændur skulu inna af höndum fjallskil fyrir heimamenn sína, nema sveitarstjórn leggi þau á þá sérstaklega.

36. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum

að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þáttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það samkvæmt 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna.

Í fjallskilasamþykkt skal ákveða nánar, hvað skuli vera aðalleitir, er ákvæði þessi taka til.

37. gr.

Sveitarstjórn eða umboðsmaður hennar (fjallskilastjóri) skipar fyrir um reglu-
legar afréttargöngur og aðrar leitir samkv. fjallskilasamþykkt, sbr. 33. og 35. gr. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað, sem gengur í örugg-
um girðingum eða á eyjum.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, að haustsmölun heimalanda verði metin til aðal-
fjallskila að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

38. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með
samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun
heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi
sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau
skiptist þannig, að eigendur bera $\frac{1}{2}$, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, $\frac{1}{4}$ og
ríkið $\frac{1}{4}$. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

39. gr.

Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarstarhögum skal jafnað niður á fjall-
skilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að
leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands
og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt.

40. gr.

Hver fjallskiladeild ritar gerðabók og færir sérstakt bókhald. Skal fjallskila-
reikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður
komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Þeim kostnaði fjallskilasjóðs, sem ekki verður inntur af hendi með skyldu-
vinnu og óvissar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir, er heimilt að jafna niður eftir
fyrirmælum 39. gr.

Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

41. gr.

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal
hann þá, eftir ákvörðun hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjall-
skilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af mats-
verði fjallskilanna.

42. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, getur hann kært til hreppsnefndar
eða bæjarstjórnar, er úrskurðar kærana. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til
sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna af hendi þau
fjallskil, er honum voru gerð.

43. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að sérstakir kostnaðarliðir, sem af fjallskilum stafa,
greiðist úr sveitarsjóði.

44. gr.

Í fjallskilasamþykkt skulu vera ákvæði, er tryggja eins vel og verða má, að göngur fari fram samtímis í löndum, er saman liggja og ekki eru aðgreind frá öðrum með girðingum, vötnum eða fjallgörðum.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafist hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í högum. Rétt er, að um þetta séu nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt.

45. gr.

Sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt, hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera í fjallskilaumdæmi, að fengnum tillögum sveitarstjórna. Þar skal og tiltekið á sama hátt, hvaða leitarsvæði skuli gengin til hverrar réttar og hvaða daga göngur skuli gerðar á hverjum stað. Gangnadögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar, enda sé þess gætt, ef göngum er flýtt eða frestað, að breytingin nái til þeirra leitarsvæða, er saman liggja.

46. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

47. gr.

Þegar byggja þarf rétt, er landeiganda skylt að leggja til land undir hana, þó ekki tún eða engi.

Metnar skulu landeiganda bætur fyrir jarðrask í sambandi við nýbyggingu réttar eða endurbætur, og rétt á ábúandi á árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

48. gr.

Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja almenningarétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið með samkomulagi aðila, kostnaður við bygginguna greiddur úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar eða deilda. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 39. gr. og 43. gr. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

VI. KAFLI

Um hreinsun heimalanda eftir réttir.

49. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjafé komist til réttra eigenda.

50. gr.

Skyldur er hver bóndi eða landráðandi að hirða fé það, sem finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið. Í fjallskilasamþykkt skal kveðið nánar á um skil afbæjarfjár.

VII. KAFLI

Um eftirleitir og öræfaleitir o. fl.

51. gr.

Eftirleitir skal gera á afrétt, ef líklegt er, að þar leynist fé. Skal í fjallskilasamþykkt kveða nánar á um eftirleitir.

52. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumar-göngulöndum, og skal þá sýslunefnd eða nefndir hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti.

53. gr.

Í fjallskilasamþykkt má heimila sveitarstjórn að láta lóga fé á hausti, er finnst í öræfaleitum.

54. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kindar úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggja hundruðum hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sýslusjóður, þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

VIII. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

55. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

56. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megi út verð hværrar kindar, ef eigandi finnst.

Annar óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Nánari ákvæði má setja í fjallskilasamþykkt.

57. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

58. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

59. gr.

Nánari fyrirmæli um meðferð og förgun ómerkinga og annars óskilapenings má setja í fjallskilasamþykkt.

IX. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

60. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggst eyrnamark á fé sínu. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skytt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á vinstra horni, ef fé er hyrnt, en ella plötu í vinstra eyra, með sömu stöfum og hreppsrennimarkið. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afrétta.

61. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars manns en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossamörk og skil á hrossum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sér-ákvæði í fjallskilasamþykkt.

62. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Í fjallskilasamþykkt má ákveða, hvers konar mörk megi taka upp, svo og banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru.

63. gr.

Skytt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 66. gr., skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti mark, eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

64. gr.

Nú tilkynna tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar í markaskrá, og skal þá erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki eða gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu, þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða námerkt í sama afréttarfélagi.

Nú á maður kaupamark eða gjafamark, en annar sams konar gerðarmark, og skal þá sá af bregða, er gerðarmark á, en ef báðir eiga erfðamark, skal sá hafa, er á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð.

65. gr.

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt, og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal hin fyrsta samtíma prentun fara fram tveimur árum eftir að lög þessi taka gildi. Skal hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í viðkomandi markaskrá og borga fyrir, eftir því sem stjórn fjallskilaumdæmis ákveður.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Skal markavörður annast söfnun marka og sjá um útgáfu markaskrár. Skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta.

Í fjallskilasamþykkt ber að setja nánari ákvæði um gerð og útgáfu markaskrár. Þar má einnig setja fyrir mæli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar.

66. gr.

Eigendaskipti að marki skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir, ef maður flyzt milli fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, skal hann þegar senda tilkynningu um það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

67. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktá, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 5000.00 til 50 000.00, og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

68. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1969.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Jónsbók, Landsleigubálgur, 33., 34., 46., 47., 48., 49. og 53. kap.

Réttarbót Eiríks konungs frá 2. júlí 1294, 5., 39. og 44. gr.

Lög nr. 39/1959, um ítölu.

Enn fremur öll önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eittra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

Heimilt er þó veiðistjóra eða sérstökum trúnaðarmönnum hans, að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, að eittra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelða vinnslu þeirra með öðrum hætti.

Lyfjaverzlun ríkisins skal láta veiðistjóra í té eitur í þessu skyni, eftir fyrir-mælum heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur, húsfreyju að Þykkvabæ I, jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur skv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti.

Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um ættaróðal og óðalsrétt.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 89. löggjafarþing, hefur lokið störfum.
Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 17. maí 1969.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 3. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. 5. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 9. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

4. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 11. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

5. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. 1.—4. mgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skal áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Útan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

b. 6. mgr. falli niður.

6. gr.

Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

7. gr.

14. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

- b. Í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins“ í 2. mgr. komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
 Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

8. gr.

Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ í 2. mgr. 15. gr. laganna komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

9. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skyllt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

10. gr.

17. gr. laganna breytist sem hér segir:

- a. Í stað orðsins „Áfengisverzlunin“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og í stað orðanna „Áfengisverzlunar ríkisins“ komi: Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
 Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstaafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

11. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

12. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgðar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskríteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

13. gr.

2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistar-sjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

15. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.

Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá dómsmálaráðherra með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

16. gr.

33. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Sektarákvæði í 1. mgr. 1. tölul. breytist þannig, að í stað „4000—20000“ komi: 10000—50000, í stað „8000—40000“ komi: 20000—100000, og í stað „16000—80000“ komi: 40000—200000.

b. 4. mgr. 1. tölul. orðist svo:

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.

c. Sektarákvæði í 2. tölul. breytist þannig, að í stað „400—12000“ komi: 1000—30000.

17. gr.

Sektarákvæði í 34. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

18. gr.

Sektarákvæði í 36. gr. laganna breytist þannig, að í stað „2000—20000“ komi: 5000—50000.

19. gr.

Sektarákvæði í 37. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vinteg-

undir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrir mæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

21. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 2000—20000, og í stað „1600—20000“ komi: 4000—50000.

22. gr.

40. gr. laganna breytist sem hér segir:

- a. Í stað orðanna „veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926“ í 1. mgr. komi: veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963).
- b. Sektarákvæði í niðurlagi greinarinnar breytist þannig, að í stað „200—4000“ komi: 500—10000.

23. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—20000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

24. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—8000“ komi: 500—20000, og í stað „400—16000“ komi: 1000—40000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsg. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

25. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsg. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—10000 króna sekt og neytanda 500—5000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsg. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—20000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsg. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsg. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

26. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

27. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 1000—5000 og í stað „800—4000“ komi: 2000—10000.

28. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—16000“ komi: 500—40000.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1969.

30. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í áfengislög, nr. 58 24. apríl 1954, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram allt að 150 milljónir króna af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjunni h.f. við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að taka lán í þessu skyni.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. nefndra laga gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni h.f., sem ríkissjóður kann að verða skráður fyrir við aukningu hlutafjár umfram upphaflegt stofnfé félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tilögum læknadeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengið til að gegna.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hættu af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og tekið er fram í 4. mgr. 2. gr.

3. gr.

Á eftir IV. kafla, 21. gr., komi nýr kafli, er verður V. kafli, 22.—26. gr., svo hljóðandi:

Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

22. gr. — Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

23. gr. — Ef læknir sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr., hlítir ekki fyrir mælum þar að lútandaði eða verður uppvis að því að ávís (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn læknadeildar háskólans, að svipta lækninn leyfi til að ávís slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.

Nú verður læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr., uppvis að því að ávís sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkv. fyrstu málsg. Þó skal lækninum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsg.

24. gr. — Læknir getur afsalað sér rétti til að ávís ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

25. gr. — Nú hefur læknir ekki leyfi til að ávís ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr., og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

26. gr. — Læknir, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávís ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

4. gr.

V. kafli laganna verður VI. kafli, og 22. gr. verður 27. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 51 30. maí 1942, lög nr. 27 21. maí 1960 og lög nr. 26 23. marz 1961, öll um breyting á 2. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 8 15. febr. 1964 inn í lög nr. 47 23. júní 1932 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Læknalög.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

ÞJÓÐMINJALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenskra ríkisins. Forseti skipar þjóðminjavörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varðveita íslenskar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum köflum laga þessara.

3. gr.

Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar ástæður leyfa.

4. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum, sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.

7. gr.

Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknnum íslenskra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

8. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

II. KAFLI**Fornminjar.****A.*****Fornleifar.*****9. gr.**

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverker eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

10. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

11. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

12. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

13. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

15. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

16. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

B.*Forngripir.***17. gr.**

Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo að vitað sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu, með því að ella væri hætt á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. málsg. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkómum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.

18. gr.

Greidda skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

19. gr.

Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.

III. KAFLI**Kirkjugripir og minningarmörk.****20. gr.**

Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

21. gr.

Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 20. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

22. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hveurrar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

23. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.

24. gr.

Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

25. gr.

Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

26. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.

27. gr.

Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðuð í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

28. gr.

Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokki eða B-flokki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

29. gr.

Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

30. gr.

Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa eða húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkvæmt 1. málsg., og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

31. gr.

Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsg. 30 gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

32. gr.

Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú liður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

33. gr.

Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 30. gr.

34. gr.

Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rifið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra réttihafa að eigninni.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 26. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.

35. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 34. gr. taka ekki til, rífa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif

eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni. Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.

Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess, að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda. Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.

Nú hefur ríkið eignast friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málgr., og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málgr. 34. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málgr. 34. gr. Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.

Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málgr. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins eða sveitarstjórnar muni ekki fram fara.

36. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

37. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

38. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Byggðasöfn.

39. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 40. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

40. gr.

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðháttar. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

41. gr.

Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyrar, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

42. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

43. gr.

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hættu búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhírðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveislu í þjóðminjasafni.

VI. KAFLI**Almenn ákvæði.****44. gr.**

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. VI. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

45. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

46. gr.

Brot gegn ákvæðum 11.—14. gr., 1. málsg. 17. gr., 19. gr., 21. gr., 29. gr., 30. gr., 33. gr., 4. málsg. 35. gr. og 36. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggji við broti samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

47. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að framselja eða veðsetja sammingsbundnar dánarbætur, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

21. maí 1969.

Nr. 54.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1967 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga kr. 4 113 800 000.00	kr. 4 408 919 516.11
2. — —	3. — A.	— — 558 350 000.00	— 640 824 945.79
3. Tekjur samkvæmt	3. gr. B.	fjárlaga kr. 75 000.00	kr. 570 117.54
4. — —	4. —	— — 8 000 000.00	— 59 555 410.27
5. — —	5. —	— — 25 000 000.00	— 25 402 166.89
6. Eignahreyfingar	skv. 20. gr.	fjárlaga — 6 100 000.00	— 339 229 098.93
Mismunur			— 208 951 352.94
		kr. 4 711 325 000.00	kr. 5 683 452 608.47

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:	
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga kr.	11 008 000.00	kr. 11 959 178.74
2.	—	8. —	—	3 359 000.00	— 3 765 221.74
3.	—	9. —	—	36 790 000.00	— 36 436 882.58
4.	—	10. — I.	—	58 265 000.00	— 68 402 340.56
5.	—	10. — II.	—	36 746 000.00	— 37 879 433.51
6.	—	10. — III.	—	13 270 000.00	— 15 443 607.67
7.	—	11. — A.	—	251 221 000.00	— 249 529 691.04
8.	—	11. — B.	—	98 439 000.00	— 113 879 360.58
9.	—	11. — C.	—	5 200 000.00	— 5 671 763.67
10.	—	12. —	—	216 227 000.00	— 203 575 160.51
11.	—	13. — A.	—	550 000.00	— 520 000.00
12.	—	13. — B.	—	38 497 000.00	— 42 820 963.73
13.	—	13. — C.	—	81 732 000.00	— 85 794 999.97
14.	—	13. — D.	—	27 651 000.00	— 30 618 647.70
15.	—	13. — E.	—	13 007 000.00	— 14 316 755.42
16.	—	13. — F.	—	16 675 000.00	— 18 803 105.17
17.	—	14. — A.	—	663 611 000.00	— 678 697 410.86
18.	—	14. — B.	—	53 285 000.00	— 59 641 368.65
19.	—	15. —	—	43 776 000.00	— 44 423 526.73
20.	—	16. — A.	—	225 484 000.00	— 217 798 609.30
21.	—	16. — B.	—	236 630 000.00	— 203 727 848.22
22.	—	16. — C.	—	21 545 000.00	— 22 660 062.02
23.	—	16. — D.	—	53 117 000.00	— 55 855 019.06
24.	—	16. — E.	—	41 177 000.00	— 39 420 866.16
25.	—	17. —	—	1 106 901 000.00	— 1 072 919 134.68
26.	—	18. —	—	102 330 000.00	— 93 436 904.74
27.	—	19. — 1.	—	708 000 000.00	— 756 593 352.17
28.	—	19. — 2.	—	248 000 000.00	— 268 358 631.88
29.	—	19. — 3.	—	5 000 000.00	— 238 730 838.18
30.	—	19. — 4.	—	17 000 000.00	—
31.	—	19. — 5.	—	8 000 000.00	—
32.	—	19. — 6.	—	1 000 000.00	— 1 288 921.00
33.	—	19. — 7.	—	20 000 000.00	— 23 875 336.62
34.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	—	245 886 000.00	— 966 607 665.61
	Mismunur	—	—	1 946 000.00	—
				kr. 4 711 325 000.00	kr. 5 683 452 608.47

Gjört i Reykjavík, 21. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um brunavarnir og brunamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands íslenskra tryggingarfélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, brunamálastjóra til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera maður með sérþekkingu á brunamálum, er sé annaðhvort verkfræðingur eða tækni-fræðingur. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

- Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:
- a. Að leiðbeina sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
 - b. Að hafa á hendi brunavarnaeftirlit með öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
 - c. Að yfirfara uppdraetti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum um brunamál sé fullnægt.
 - d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
 - e. Að hafa æfingar með slökkviliðum og halda námskeið fyrir slökkviliðsmenn.
 - f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
 - g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi varðandi brunavarnir, þar með talið að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.

- h. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
- i. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Kaupstaðir og kauptún, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, skulu halda uppi brunavörnum, er séu í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi gegn eldsvoða, og kosta þær.

Heimilt er sveitarstjórn að kjósa sérstaka brunamálanefnd til að fara með brunamál í sveitarfélaginu, og ákveður hún tölu nefndarmanna o. s. frv., sbr. 30. gr.

Ef brunamálanefnd er ekki kosin, fer bæjarstjórn (bæjarráð) eða hreppsnefnd með störf brunamálanefndar. Þegar talað er í lögum þessum um brunamálanefnd, er einnig átt við þessa aðila.

Ályktanir brunamálanefndar eru háðar samþykki sveitarstjórnar.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (brunamálanefndar), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að ákvæði þessarar greinar skuli gilda utan kaupstaða og kauptúna. Þar fer hreppsnefnd með verkefni brunamálanefndar.

II. KAFLI

Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Brunavarnir, skv. 4. gr., eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið, sem fullnægi þeim kröfum um öryggi, sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður.

6. gr.

Sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, skv. 4. gr., er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber og að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

7. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur og umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviliðs á allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Brunamálanefnd skipar menn í slíkt slökkvilið, að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Heimilt er að skjóta ákvörðun hennar til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

9. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 8. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

10. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

11. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir heinu tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið kaupstað eða kauptún þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi kaupstað eða kauptúni annast slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar.

13. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem í hættu eru, og kveðja til hjálp.

14. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

15. gr.

Fjártjón, sem hlýzt af ráðstöfunum samkv. 14. gr., telst brunatjón.

16. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og slökkvistörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæzlulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem hjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

17. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til, að hann valdi ekki frekari truflun.

18. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvóddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI

Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sóttun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.

20. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal og, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talizt kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að meiriháttar fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegum sérstaks búnaðar til slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

21. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Brunamálanefnd skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir. Bætur til eiganda skal greiða úr sveitarsjóði. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess gagns, sem aðili kann að hafa af framkvæmdunum.

22. gr.

Enginn má fara þannig með eld eða eldfim efni, að eldsvoði geti auðveldlega af því hlotizt.

23. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

24. gr.

Í reglugerð skal kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis. Einnig skal ráðherra setja reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

IV. KAFLI

Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

25. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 16. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

26. gr.

Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómur) skal, eins fljótt og við verður komið, halda réttarrannsókn út af bruna til þess að komast að orsök hans og atvikum öllum. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjón nemur ekki 10 000.00 kr. og eldsupptök eru kunn. Afrit af dómsgögnum skal senda til viðkomandi tryggingafélaga og til brunamálastofnunarinnar. Héraðsdómur skal einnig senda brunamálastofnuninni upplýsingar um eldsupptök, þótt réttarrannsókn fari ekki fram.

V. KAFLI

Um brunavarnagjald o. fl.

27. gr.

- a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðggjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðggjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
- b. Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
- c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr rikissjóði.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um hífýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

29. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar eru brotin, og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til, að úr sé bætt. Hann leggur málið fyrir brunamálanefnd, sem ákveður, hvort senda skuli málið til héraðsdómara (í Reykjavík sakadóms).

Brunamálanefnd getur ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda, eða ákveðið honum dagsektir allt að 1000 krónur á dag, unz úr er bætt, og renna þær í sveitarsjóð. Þá getur hún og ákveðið, ef almannahætta

stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, unz úr hefur verið bætt, og er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. 2. mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunamálanefnd svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar, og brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta, skv. 29. gr., og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem henni eru veittar í þeirri grein.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki ráðherra að setja sérstaka samþykkt um stjórn og meðferð brunamála í sveitarfélaginu.

32. gr.

Um matsgerðir skv. lögum þessum fer skv. lögum nr. 61/1917.

33. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 30. gr., má innheimta með lögtaki.

34. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi lög nr. 37/1948, um brunavarnir og brunamál, svo og lög nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Dorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elli-

heimilum lán til byggingar leiguhúsnaðis í kaupstöðum, kauptínum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „þrjú ár“ í síðari málslíð 2. málsgreinar 2. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnaðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Húsnaðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara, byggingarsamvinnufélaga og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlána-reglum húsnaðismálastjórnar. Lán þessi skiptast síðan milli væntanlegra íbúðar-kaupenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um tollheimtu og tolleftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um tollstjórn, tollsvæði, hafnir o. fl.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæzlustjóri.

Vara: Sérhver hlutur, sem farið er með sem vöru skv. tollskránni.

Farartæki: Sérhvert tæki, sem nota má til flutnings á vörum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Far: Skip eða flugfar.

Aðkomufar: Far, sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far, sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari, sem er í utanlandsferðum, eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

Far í utanlandsferðum: Far telst vera í utanlandsferðum, ef það flytur ótollafgreiddar vörur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vörur til útlanda.

2. gr.

Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra.

Tollstjórar annast tollheimtu og tolleftirlit. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kaupþúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum. Fjármálaráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma, ef sérstaklega stendur á.

Fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála, eftir því sem henta þykir.

Við tollstjóraembættið í Reykjavík skal vera sérstakur tollgæzlustjóri, skipaður með sama hætti og héraðsdómarar að fengnum tillögum tollstjóra, og skal hann fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. 32. gr. laga nr. 85 frá 1936. Tollgæzlustjórinn annast í umboði tollstjóra stjórn tollgæzlunnar í Reykjavík, eftir því sem nánar verður ákveðið, og yfirstjórn tollgæzlunnar utan Reykjavíkur, eftir því sem fjármálaráðherra ákveður í erindisbréfi, er hann setur honum.

3. gr.

Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæzlumenn og aðrir tollstarfsmenn. Með reglugerð skulu sett fyrir mæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.

Í tollhöfnum, þar sem tollstjóri er ekki búsettur, skal vera fastur tollgæzlumaður eða annar umboðsmaður tollstjóra.

4. gr.

Utan Reykjavíkur eru fastir tollgæzlumenn skyldir til að gegna jafnframt almennum löggæzlustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæzlumenn í Reykjavík, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Ekki verða þó tollgæzlumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56 frá 20.

apríl 1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæzlustörfum gegn vilja sínum.

Með samkomulagi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og viðkomandi sveitarstjórnar má ákveða, að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum, þar sem henta þykir.

Fela má áhöfnum skipa og flugvéla landhelgisgæzlunnar að vinna við toll-eftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum landhelgisgæzlunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæzlustörf, án þess að þeir hafi tollgæzlu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæzlumenn.

5. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli, er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fastar tollstöður, að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

6. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum, sem því tilheyra, og hafið 4 sjómíli út frá stórstraumsfjöruborði, talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma. Firðir og vikur teljast til tollsvæðisins 4 sjómíli til hafs frá línu, sem dregin er þar sem 12 sjómíli verða milli nesja, næst fjarðarmynni. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð, að hafsvæðið milli þessarar línu og fiskiveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, skuli einnig teljast til tollsvæðis ríkisins.

7. gr.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

- | | |
|-------------------|---------------------------|
| 1. Reykjavík. | 8. Neskaupstaður. |
| 2. Akranes. | 9. Eskifjörður. |
| 3. Ísafjörður. | 10. Vestmannaeyjar. |
| 4. Siglufjörður. | 11. Keflavík. |
| 5. Akureyri. | 12. Keflavíkurflugvöllur. |
| 6. Húsavík. | 13. Hafnarfjörður. |
| 7. Seyðisfjörður. | |

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollaafgreiddar vörur og geyma og tollaafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kaптúnunum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- | | |
|--------------------|------------------------|
| 1. Borgarnes. | 11. Blönduós. |
| 2. Ólafsvík. | 12. Sauðárkrókur. |
| 3. Stykkishólmur. | 13. Ólafsfjörður. |
| 4. Patreksfjörður. | 14. Raufarhöfn. |
| 5. Þingeyri. | 15. Vopnafjörður. |
| 6. Flateyri. | 16. Reyðarfjörður. |
| 7. Suðureyri. | 17. Fáskrúðsfjörður. |
| 8. Bolungarvík. | 18. Djúpivogur. |
| 9. Hólmavík. | 19. Höfn í Hornafirði. |
| 10. Hvammstangi. | 20. Þorlákshöfn. |

Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tiltekna vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra, falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað, að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað, sem af því leiðir.

Fjármálaráðherra ákveður einnig, fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, upphæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tolleftirlit.

9. gr.

Þegar tollgæzlumenn eru að störfum, skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum og sýna, ef með þarf, einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands.“ Rétt er og, að farartæki tollgæzlumanna hafi tollfánann, sem skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efra stangarreit fánans.

Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennishúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tollgæzlumenn að starfi.

Lögreglan og áhafnir varðskipa skulu veita tollgæzlunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæzlustarfa.

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæzlumenn á sama hátt og mælt er fyrir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 82 frá 1961.

10. gr.

Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

11. gr.

Öll för, sem eru á tollsvæði ríkisins, eru háð eftirliti tollgæzlunnar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að framkvæma leit og rannsókn alls staðar í skipum og flugförum, sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að gera leit í öllum farartækjum, sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæzlumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum, sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau, þegar tollgæzlumaður gefur um það merki.

Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæzlumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að störfin gangi sem greiðast, og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæzlunnar, sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

12. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að leita á mönnum, sem eru í farartækjum, hús-um eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum, þar sem tollgæzlumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum samkvæmt ákvæðum 10. og 11. greina hér að framan.

Leit á manni má aðeins framkvæma skv. skipun æðsta tollgæzlumanns, sem við er staddur, þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolfteftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafizt þess, að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt, að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

Þegar leit er talin nauðsynleg, getur tollgæzlumaður óskað aðstoðar lögreglunnar, ef með þarf.

13. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur, hverjar sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, pósthlutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess, að vörurnar séu fluttar í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolfteftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar.

Tollgæzlumönnum er heimilt að skrá og merkja muni, sem eru í islenzkum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

14. gr.

Tollgæzlumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, ef nauðsyn krefur.

Tollgæzlumönnum er heimilt að handtaka mann, sem staðinn er að eða grun-aður um tolllagabrot, og færa hann til yfirheyrslu eða fá hann lögreglunni í hendur.

Rétt er tollgæzlumönnum að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tolllagabrota.

15. gr.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar

vörusendingar, meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing mundu ekki koma að haldi.

Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

Verði læsing eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenskra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

16. gr.

Tollgæzlumenn geta afkvið far, sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum, þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið, að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Enginn, sem er um borð í aðkomufari, má fara frá borði fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvöllum eða annars staðar, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar, þegar tollgæzlumaður óskar þess, og gera grein fyrir, hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

17. gr.

Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur, þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlu sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

18. gr.

Tollyfirvald getur krafíð hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafíð kaupskýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

Gjaldeyrissstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.

Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær er tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkningarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

III. KAFLI

Um för í utanlandsferðum.

19. gr.

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. málsg. 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

Íslensk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypra mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnarfyrirvöld, hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land, þar til tollafgreiðslu er lokið.

20. gr.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæzlunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórnin skal gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugvéla í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðarstjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæzlunni þá aðstoð, sem hún má, í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því, að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

21. gr.

Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um, að á skrána séu færðar allar þær vörur, sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. **Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær, sem henni tilheyrja.**
7. Skrá yfir vista- og birgðaförða farsins.
8. Skrá yfir allar aðrar vörur, sem farið kann að flytja.
9. Öll önnur tollskjöl, sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
10. Önnur skjöl og skilríki, sem ákveðið kann að verða, eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

Auk þess, sem segir í 23.—25. gr. hér á eftir, skulu í reglugerð sett nánari fyrir-mæli um skjöl þessi.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæzlunni allar upplýsingar, sem þörf er á, um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm, svo og allar geymslur og aðra staði, þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Heimila má, að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar, sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka í sínar vörslur þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnarskrá og önnur skjöl, sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda farsins, er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna farsins og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

23. gr.

Aðalfarmskrá skal samin í minnst fjórum samhljóða eintökum. Þrjú eintakanna skulu afhent tollgæzlunni, en eitt þeirra ber stjórnanda fars að hafa í farinu, þar til affermingu er lokið, og færa í það, hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn.

Á aðalfarmskrá skulu færðar allar vörur, sem farið hefur meðferðis. Eigi er þó nauðsynlegt, að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum, og venjulegur farangur ferðamanna og áhafnar, allt eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

Í farmskrá skal greina vörusendingar í óslitinni töluröð ásamt stykkjatölu, merki og númeri, vöruheiti og þunga, eða rúmmáli, ef um trjávið er að ræða. Enn fremur skal greina sendanda og viðtakanda hvernar vörusendingar. Sé viðtakandi ókunnur, skal greina nafn þess, sem annast ber vörusendinguna fyrir hans hönd.

Farmskrá frá hverri höfn skal heft saman og innsiglið, ef um fleiri blöð en eitt er að ræða. Farmskránni skal fylgja vottorð, undirritað af stjórnanda farsins og afgreiðslumanni í viðkomandi höfn, er greini blaðsíðutal farmskrárinnar, tölu vörusendinga og heildarþunga þeirra, svo og breytingar og leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á skránni. Í vottorðinu skal vera yfirlýsing um, að farið hafi ekki tekið í viðkomandi höfn aðrar eða meiri vörur en í farmskránni greinir. Undirskriftirnar undir vottorðið skulu staðfestar af íslenzkum ræðismanni eða tollgæzlumanni á staðnum.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr farinu, sem flytur þær hingað til lands.

Tollgæzlan getur krafizt þess af útgerð fars eða umboðsmanni, að eitt af ein-tökum aðalfarmskrárinnar sé sent til landsins á undan farinu, ef við verður komið, og afhent tollgæzlunni svo fljótt sem verða má.

Eftir að aðalfarmskrá hefur verið afhent tollgæzlunni, er óheimilt að breyta skránni nema með samþykki tollyfirvalds.

24. gr.

Á hverri innlendri höfn, sem far tekur til þess að afferma ótollafgreiddar vörur, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem þar eiga að affermast, og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki affermdar aðrar eða meiri ótollafgreiddar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

Komi síðar í ljós, að þar verði affermdar úr farinu meiri vörur en á útdrætti greinir, skal stjórnandi þess áður tilkynna það tollgæzlunni og afhenda farmskrár um þær vörur, ásamt leiðréttingu á fyrra vottorði sínu, áður en afferming hefst.

Verði vörur ekki allar affermdar úr fari í þeirri höfn, sem farmskrá eða útdrættir greina, skal það tilkynnt og leiðrétting við farmskrárvottorðið afhent tollgæzlunni þegar að lokinni affermingu.

Tollgæzlumenn skulu í fyrstu höfn, sem farið tekur hér á landi, athuga, hvort það hefur meðferðis alla útdrætti þá úr farmskrá, sem um ræðir í 1. mgr.

25. gr.

Forði aðkomufars og birgðir, sem eru umfram það, sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í fari, skulu þegar sett undir innsigli. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar. Afhenda skal tollgæzlunni skrá um vörur þessar (innsiglið farsins), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Tollgæzlumenn geta krafizt þess, að ótollafgreiddar vörur, forði og birgðir, svo og varningur áhafnar, sé flutt úr fari til geymslu, meðan það hefur dvöl hérlandis.

Setja má í reglugerð ákvæði um, hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands, ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess, að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæzlan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

26. gr.

Afferming fars er háð eftirliti tollgæzlunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrr en afhent hafa verið í fyrirskipuðu formi skjöl þau, sem um ræðir í 21., 23., og 24. gr.

Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

Að lokinni affermingu í hverri höfn, er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæzlunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum, sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd, má tollgæzlan láta gera hana á kostnað farsins.

Finnist í fari ótollafgreidd vara, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum, skal farið greiða allan kostnað við leit í því, og má kyrrsetja farið á þess kostnað, unz leit er lokið. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða smávægilegan ólöglegan innflutning í vörzlum áhafnar eða farþega.

27. gr.

Áður en far í utanlandsferðum lætur úr fyrstu höfn, sem það hefur tekið hérlandis, til annarrar innlendrar hafnar, ber stjórnanda þess að taka tollvegabréf fyrir það.

Tollgæzlan gefur út tollvegabréf í fyrirskipuðu formi.

Stjórnanda fars ber að vitja tollvegabréfa samkvæmt 1. mgr. til tollgæzlunnar og gefa jafnframt allar upplýsingar um farið, ferðir þess og farm og annað, sem máli kann að skipta í sambandi við gerð tollvegabréfsins. Tollgæzlumenn geta krafizt, að stjórnandi fars sýni þau skjöl, sem hann hefur með höndum, til staðfestingar upplýsingum, sem hann gefur, svo sem farmskrá farsins eða önnur hleðsluskilríki.

Stjórnanda fars ber að varðveita tollvegabréfið, meðan farið er hér við land, og sýna það tollgæzlumanni, hvenær sem krafizt er.

Á síðari höfnum, sem farið tekur, geta tollgæzlumenn fært á tollvegabréfið þær upplýsingar, sem þörf er á vegna framkvæmdar tollgæzlustarfsins. Brottfararleyfi til annarra innlendra hafna skal veitt með áritun á vegabréfið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til fiskiskipa, nema þau flytji ótollafgreiddar vörur milli hafna.

28. gr.

Með far, sem er í utanlandsferðum og tekið hefur fyrstu höfn, en sýnir ekki tollvegabréf skv. 27. gr. laga þessara við komu til síðari hafna, skal farið á sama hátt sem um aðkomufar væri að ræða.

Tollgæzlumenn geta jafnan ákveðið, að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum, eða skip, sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomuför að því er tollaftirlit varðar.

29. gr.

Áður en afferming fars í utanlandsferðum hefst í síðari höfnum, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr farmskrá um allar ótollafgreiddar vörur, sem eiga að affermast á þeirri höfn, sbr. 24. gr. Einnig ber honum að sýna aðalfarmskrá farsins og leyfa tollgæzlunni afnot hennar, meðan farið stendur við.

Hafi farið jafnframt meðferðis ótollafgreiddar vörur, sem það hefur ekki flutt til landsins í þeirri ferð, ber stjórnanda þess að leggja fram sérstaka farmskrá um þær. Flytji farið einnig tollafgreiddar vörur eða innlendan varning, ber enn fremur að leggja fram farmskrá yfir þær.

Afferming má ekki hefjast fyrr en þessum skyldum hefur verið fullnægt, sbr. og 26. gr.

30. gr.

Án leyfis tollgæzlunnar má enginn ferma vörur í far, sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla, sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæzlunnar, ber stjórnanda farsins að afferma þær aftur, ef tollgæzlan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðunar gjalda af henni.

31. gr.

Áður en far leggur af stað úr innlendri höfn, ber stjórnanda þess eða afgreiðslumanni að afhenda tollgæzlunni farmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur tekið til útflutnings þaðan.

Áður en far leggur af stað úr seinustu höfn hérlandis, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlumanni heildarfarmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur meðferðis til útflutnings, ásamt vottorði um, að farið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri vörur til útflutnings. Eigi er þó nauðsynlegt,

að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum til neyzlu í því, svo og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Enn fremur ber stjórnanda farsins að afhenda farþegaskrá í tvíriti um alla þá farþega, sem fara úr landi með farinu.

32. gr.

Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi, þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er, ásamt innsigliðsskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

33. gr.

Skylt er útgerðarmönnum skipa og flugfara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, að leggja tollgæzlunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæzlan að koma upp slíku húsrými, ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því, sem ákveðið verður.

Kostnað við flutning tollgæzlumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo og að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber förunum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förunum, og má innheimta hann með lögtaki.

Stjórnanda fars ber að sjá tollgæzlumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaust og eftir því sem hæfa þykir opinberum starfsmönnum.

34. gr.

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum skv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

35. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara, sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæzlumönnum fullnægjandi grein fyrir, að um herfar sé að ræða, og má krefjast þess, að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum, sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110 frá 1951, eru för, sem í 1. málsg. getur, undanþegin innsigliun vista, birgða eða annars varnings um borð.

Ef tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum þeim, sem um ræðir í 1. málsg., ber yfirmanni þeirra áður að afhenda tollgæzlunni tvíritið skrá um vörurnar. Tollgæzlan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum sem öðrum varningi, sem fluttur er til landsins.

Ákveða má, að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför, sem eru opinber eign og ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og ekki flytja vörur eða farþega gegn greiðslu.

Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsigliun forða, enda greiði þau kostnað af varðstöðu um borð.

IV. KAFLI

Um vörzlu og tollmeðferð aðfluttra vara.

36. gr.

Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörzlu.

Tollgæzlan getur jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar beint úr farartæki í húsrými, sem hún hefur umráð yfir, til rannsóknar á kostnað farmflytjanda, svo og geymslu og tollafgreiðslu, ef henta þykir.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

37. gr.

Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæzlustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði, eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar, og skal þannig frá þeim gengið, að því verði auðveldlega við komið.

Þeim, sem geyma ótollafgreiddar vörur, er skylt að láta tollgæzlunni ókeypis í té hæfilegt aðgreint rúm í vörugeymslum sínum til rannsóknar á vörum.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests, sem tolyfirvald tiltekur, getur tolyfirvald látið bæta úr ágöllum á kostnað hans eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

Nú er ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði, sem er það langt frá farinu, að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæzlunnar, og ber stjórnanda fars þá að greiða þann aukakostnað, sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum, sem tollgæzlan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við toleffirlit í vörugeymslum sínum eftir því, sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um geymslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki, að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði og að tollur og önnur opinber gjöld séu greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldinu.

Heimilt er þó ráðherra að greiða af uppboðsandvirði vöruleigu fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu hennar til landsins.

38. gr.

Utan þeirra húsa eða geymslusvæða, sem tollgæzlan rekur eða viðurkennd hafa verið samkvæmt 37. gr., er óheimilt að geyma ótollafgreiddar vörur, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra í hvert sinn. Þeim, er slíkt leyfi fær, skal skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórin í samráði við tollgæzlustjóra setur fyrir leyfinu, og greiða allan kostnað við eftirlit með vörunni.

39. gr.

Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæzlunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema sérstakt leyfi viðkomandi tollstjóra komi til hverju sinni. Skal hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem hann telur nauðsynleg, til þess að tryggilega sé með vöruna farið og að sá, sem leyfið fær, greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

40. gr.

Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum þeim, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörzlum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugeymslu eða farartæki án leyfis tollstjóra eða tiltekins umboðsmanns hans.

Vöru, sem komin er í viðurkennt geymsluhús eða á viðurkennt eða leyft geymslusvæði, má ekki flytja þaðan, nema að fengnu leyfi tollstjóra, hvort sem um flutning milli geymslustaða innan sama tollumdæmis er að ræða, flutning milli tollumdæma eða endursendingu til útlanda.

41. gr.

Póststjórnin annast vörzlu á ótollafgreiddum póstsendingum. Tollgæzlumenn skulu jafnan hafa aðgang að húsakynnum, þar sem ótollafgreiddar póstsendingar eru geymdar eða teknar til póstméðferðar.

Ákvæði 36. gr. gilda einnig um póstsendingar.

42. gr.

Þegar lokið er affermingu úr farartæki á vörum frá útlöndum, ber stjórnanda farartækis eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantanir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við affermingu varanna. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því, sem við verður komið.

43. gr.

Áður en vara er tekin til tollafgreiðslu, ber innflytjanda að afhenda tollstjóra um hana aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum.

Um vinnu og aðstoð innflytjenda við tollméðferð vöru fer eftir því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum. Nánari ákvæði um þetta efni má setja í reglugerð eða öðrum fyrirmælum fjármálaráðuneytisins.

V. KAFLI

Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.

44. gr.

Flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands er háður leyfi og eftirliti tollgæzlunnar.

Ótollafgreiddar vörur er einungis heimilt að senda eða flytja til ákvörðunarstaðar, sem er tollhöfn, og í viðurkennda vörugeymslu, sbr. þó 4. mgr. 7. gr. Póstsendingar, sem eru í vörzlum póststjórnarinnar, eru undanþegnar þessu ákvæði.

45. gr.

Um farmskrá fara í innanlandsferðum, sem flytja ótollafgreiddar vörur, gilda ákvæði 29. gr. og önnur ákvæði 3. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að önnur farartæki en för, sem flytja ótollafgreiddan varning innanlands, skuli hafa meðferðis skrá um þann flutning, og setur jafnframt fyriræli um gerð þeirra.

Skrá samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ber afgreiðslumanni viðkomandi farartækis að afhenda tollgæzlunni á sendingarstaðnum áður en farartækið leggur af stað, svo og tollgæzlunni á ákvörðunarstað áður en afferming hefst.

46. gr.

Ef flytja á milli tollhafna ótollafgreidda vöru, sem hefur verið affermd hérlandis, skal sendandi afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstaðnum framsendingarbréf um vöruna. Fylgibréf þetta sendir tollstjóri á sendingarstaðnum, eða umboðsmaður hans, tollstjóra í því umdæmi, sem varan á að flytjast til, með tilkynningu um, að vörusendingin sé ótollafgreidd. Fjármálaráðuneytið ákveður nánar gerð slíkra fylgibréfa og tilkynninga.

47. gr.

Á framsendingarbréfi, sem fylgir ótollafgreiddri vöru, skal greinilega skráð, að varan sé ótollafgreidd og að hana megi ekki afhenda viðtakanda, nema að fengnu leyfi viðkomandi tollstjóra.

Framsendingarbréf skal afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstað vörunnar svo tímanlega, að skoðun á vörunni geti farið fram áður en henni er komið í farartæki.

48. gr.

Ákveða má í reglugerð, að sérstakt leyfi þurfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, eða að slíkir flutningar séu þeim einum heimilir, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum. Enn fremur má ákveða, að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

49. gr.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að framsenda vöru, ábyrgist, að hún sé send af stað án ónaðslynlegrar tafar og sé strax lögð fram við tollstjóra eða umboðsmann hans á ákvörðunarstað í óbreyttu ástandi.

Sendandi og flutningsmaður ótollafgreiddrar vöru, sem flutt er milli tollhafna, bera ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, sem ekki kemur fram á ákvörðunarstað, nema þeir geti fært að því sönnur, að varan hafi glatazt í flutningi af ástæðum, sem þeim verður ekki um kennt.

Aðflutningsgjöldum af þeim hluta sendingar, sem glatazt hefur eða farizt í flutningi innanlands, fylgir lögveð í þeim hluta vörusendingarinnar, sem komið hefur til skila.

VI. KAFLI

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.

50. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvöruheymslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47 11. júní 1960.

51. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra, þar sem varan er flutt úr fari því, sem hana flytur til landsins. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. 5. kafla laga þessara, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi, sem varan er send til.

52. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47 frá 1960, og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, 1½% fyrir hvern mánuð frá gjald-daga, sbr. 50. gr., dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja.

Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollýfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

53. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

54. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskylda vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búíð er að greiða gjöld þessi, sektir, dráttarvexti og kostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörunar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefur tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörunar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekn á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru. Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum, þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði. Sé uppboðsandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði, skal greiða vöru eigandanum afganginn, ef hann gefur sig fram innan 1 árs frá uppboðsdegi. Að þeim tíma liðnum fellur upphæðin til rikissjóðs.

VII. KAFLI**Um vantaniir, skemmdir og endursendingu á vörum.****55. gr.**

Ef vöru vantar úr aðkomufari, má draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi vöntunin verið könnuð á þann hátt, sem segir í 42. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð heimilað lækkun á tollverði vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á, að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um frádrátt vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina, að hún berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið ákveður, og á hana færðar þær sönnur, sem tollyfirvald tekur gildar.

56. gr.

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðryrnun, sem orðið hefur á vör-
unni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

57. gr.

Heimilt er, samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu;
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundizt að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður samkvæmt 1. mgr. 52. gr., frá því hún var flutt hingað til lands, enda sé þá sett full fjártrygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda;
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan sex mánaða frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna, enda nemi aðflutningsgjöld ekki lægri upphæð en 5000 krónum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

VIII. KAFLI

Um útflutning.

58. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskirteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölu- eikningum um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent áður en vara er flutt í far og svo tímanlega, að áður geli farið fram rannsókn á henni.

Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki

veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

59. gr.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

IX. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

60. gr.

Það er ólöglegur innflutningur, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir, ef gjaldskyld vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, ef ótollafgreidd vara, sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings, eða vara, sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum, er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós, að um borð í fari er vara, sem ekki er færð á farmskrár eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð fyrirskipuð grein fyrir, og skal þá litið svo á, að eigandi hennar hafi gerzt sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn, ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkv. lögum þessum, ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

61. gr.

Brot gegn ákvæðum 60. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir vörur, enda þótt hann viti eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

62. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot. Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, og skal þá refsað eftir þeim lögum.

63. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn, sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru, og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni, að hvorki honum né þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að svikja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum, og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta, sem veit eða má vita, að

upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert samkvæmt 60. til 62. grein, skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar við þá, sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollmál.

64. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrir mælum laga um innflutning fullnægt.

65. gr.

Sá, sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur toll-einkenni, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæzlunnar brotið eða fjarlægð, án þess að sá seki finnist, varðar það þann, sem ábyrgð ber á lásum eða innsigliinu, sektum, nema hann geti gert sennilegt, að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna, og hann tilkynni tollgæzlunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita, ef maður aflar sér aðgangs að vörum, sem eru undir tollinnsigli, án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

66. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru, sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins skv. ákv. laga nr. 110 frá 1951, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkv. þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggja ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út af samningssvæðum, samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, vörur, sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn, ber stjórnandi farartækis ábyrgð á brotinu.

67. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, ef maður misnotar leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi, sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum tollalögum og reglugerðum eða fyrir mælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

68. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð, sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum, má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og dagsektum allt að 500 krónum á dag, og getur tollyfirvald ákveðið sektirnar í bréfi til viðkomanda, og má gera aðför í eignum hans fyrir sektunum.

69. gr.

Það varðar stjórnanda fars eða útgerðarmann sektum, ef farmskrár og út-drættir fylgja ekki fari, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er, eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir í lögum eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tollgæzlumanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum. Ef svo stendur á sem að framan greinir eða

það kemur í ljós við rannsókn á farmi fars, að á farmskrána eru ekki færðar allar vörur, sem þar eiga að vera, þer úlgerð fars allan kostnað við rannsóknina og eftirlit með affermingu, þ. á m. talningu á farmi.

70. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vöruheymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Auk þess ábyrgist eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruafgreiðslu greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni, og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir þeim gjöldum ásamt kostnaði. Hafi fullnægjandi skjöl til ákvörðunar aðflutningsgjalda af hinni afhentu vöru ekki verið lögð fram, skal tollyfirvald áætla gjöldin þannig, að þau megi örugglega teljast nógu hátt ákveðin. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru, sem er ólöglega afhent samkvæmt framan-sögðu.

71. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 500 000 krónum.

72. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru, sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn, eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess, hver er eigandi hennar, eða til eignarhafta, sem á henni hvíla, nema vörzlumaður hafi komiðt yfir vöruna á sáknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið, og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut verð vörunnar auk tolla og gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar, er heimilt að gera farartæki upptæk, sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptæka er heimil, þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis, ef ástæða er til að ætla, að eigandinn hafi vitað eða mátt vita, í hvaða tilgangi nota átti farartækið. Í stað farartækis má gera verðmæti þess upptækt.

Nú verður refsíabyrgð ekki fram komið, og er þó heimilt að beita eignaupptöku. Verði ekki upplýst, hver sökunautur er, skal varan innan mánaðar frá því hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

73. gr.

Farartæki, sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins, skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði, sem stjórnandi farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfaragerðar og með þeim hætti, sem segir í 54. gr. Sé sökunautur búsettur hér á landi eða eigi eignir hér, skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar, skv. 1. mgr.

74. gr.

Heimilt er að svipta þann, sem sekur hefur gerzt um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum, réttindum samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna.

75. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru skulu, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, renna í ríkissjóð.

76. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 10 000.00, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 50 000.00.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu skv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.

X. KAFLI**Ýmis ákvæði.****77. gr.**

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

78. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

79. gr.

Fjármálaráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og gert nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á slíku samkomulagi.

80. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 frá 1956 og önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi. Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, skulu halda gildi sínu eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

28. maí 1969.

Nr. 61.

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1967, eru veittar kr. 766 133 777.87 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	kr. 13 200 239.92
af kr. 68 539 268.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Ríkisútvarpið	— 6 889 230.60
en tekjur fóru kr. 5 953 400.25 fram úr fjárlagaáætlun.	
3. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 1 094 017.28
en tekjur fóru kr. 455 964.85 fram úr fjárlagaáætlun.	
4. Innkaupastofnun	— 1 210 211.43
af kr. 3 274 485.39 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Bessastaðabú	— 510 618.67
en tekjur urðu kr. 200 665.79 umfram fjárlagaáætlun.	
6. Hvanneyrarbú	— 51 491.23
en tekjur fóru kr. 12 773.26 fram úr fjárlagaáætlun.	
7. Reykjabú	— 161 524.80
en tekjur fóru kr. 244 918.00 fram úr fjárlagaáætlun.	

8. Vífilsstaðabú	kr.	62 091.42
af kr. 293 070.38 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9. Kópavogsbú	—	20 292.82
af kr. 25 419.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

Kr. 23 199 718.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	406 221.74
— — — — - 10. gr. I.	— —	—	10 137 340.56
— — — — - 10. gr. II.	— —	—	1 133 433.51
— — — — - 10. gr. III.	— —	—	2 173 607.67
— — — — - 11. gr. B.	— —	—	15 440 360.58
— — — — - 11. gr. C.	— —	—	471 763.67
— — — — - 13. gr. B.	— —	—	4 323 963.73
— — — — - 13. gr. C.	— —	—	4 062 999.97
— — — — - 13. gr. D.	— —	—	2 967 647.70
— — — — - 13. gr. E.	— —	—	1 309 755.42
— — — — - 13. gr. F.	— —	—	2 128 105.17
— — — — - 14. gr. A.	— —	—	15 086 410.86
— — — — - 14. gr. B.	— —	—	6 356 368.65
— — — — - 15. gr.	— —	—	647 526.73
— — — — - 16. gr. C.	— —	—	1 115 062.02
— — — — - 16. gr. D.	— —	—	2 738 019.06
— — — — - 19. gr. 1.	— —	—	48 593 352.17
— — — — - 19. gr. 2.	— —	—	20 358 631.88
— — — — - 19. gr. 3.	— —	—	233 730 838.18
— — — — - 19. gr. 6.	— —	—	288 921.00
— — — — - 19. gr. 7.	— —	—	3 875 336.62

Kr. 400 545 385.06

Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar

Inn fóru kr. 333 129 098.93 fram úr fjárlagaáætlun. — 365 588 392.81

Samtals kr. 766 133 777.87

Gjört i Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um fyrirtækjaskrá.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal halda skrá, er nefnist fyrirtækjaskrá, yfir einstaklinga, félög og aðra aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu, svo og yfir embætti, stofnanir (þar með sjálfseignarstofnanir) og félagssamtök, sem að dómi Hagstofunnar hafa þá starfsemi, að ástæða sé til að skrá þau. — Skrá þessi skal færð jafnóðum til samræmis við áorðnar breytingar, eftir því sem við verður komið.

Aðili, sem byggir hús eða annað mannvirki til eigin nota, eða framkvæmir viðgerð á slíkum eignum í eigin notkun, telst ekki reka sjálfstæða atvinnu samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., nema um sé að ræða byggingu eða viðgerð vegna atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi, er um ræðir í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar.

2. gr.

Í þessum lögum er orðið fyrirtæki notað sem samheiti um alla þá aðila, sem fyrri málsg. 1. gr. tekur til. Orðið atvinnurekstur tekur á hliðstæðan hátt til hvers konar starfsemi, sem þessir aðilar reka sem slíkir.

3. gr.

Stjórnvöld ríkisins og annarra opinberra aðila í sambandi við atvinnurekstur styðst við skrár og önnur starfsgögn frá fyrirtækjaskrá, eftir því sem hlutaðeigandi stjórnvöld ákveða í samráði við Hagstofuna. Auk þess skal fyrirtækjaskrá vera tæki til hagskýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna o. fl.

4. gr.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá nafn og aðsetur fyrirtækja, auðkennisnúmer þeirra, atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, og þau atriði önnur varðandi störf og hagi fyrirtækja, sem hún ákveður.

Fyrirtæki, sem hafa með höndum fleiri en eina tegund starfsemi samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, eða reka sömu starfsemi á tveimur eða fleiri stöðum, skulu, eftir því sem aðstæður leyfa, skráð samkvæmt því í fyrirtækjaskrá, þ. e. hver atvinnugrein og hver starfsstaður telst þar sérstök rekstrareind.

5. gr.

Í fyrirtækjaskrá hefur hvert fyrirtæki sitt auðkennisnúmer. Einstaklingur, sem rekur sjálfstæða atvinnu í eigin nafni, hefur nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá sem auðkennisnúmer. Önnur fyrirtæki skulu fá sérstakt auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá. Hagstofan gefur út skirteini til þeirra, þar sem auk heitis og póstaðseturs er tilgreint auðkennisnúmer, atvinnugreinarnúmer og þau atriði önnur, sem henta þykir að hafa á skirteininu.

Opinber aðili, er notar auðkennisnúmer fyrirtækjaskrár í umsýslu sinni, getur krafizt þess, að fyrirtæki sýni skirteini (sbr. 1. málsg.) sem sönnunargagn um númer og önnur skráningaratriði í fyrirtækjaskrá.

Heimilt er að gefa út sérstakt skirteini fyrirtækjaskrár einnig til einstaklinga, sem reka sjálfstæða atvinnu í eigin nafni (sbr. 1. málsg.), og kemur það þá í stað nafnskirteinis í þessu sambandi.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, með reglugerð eða á annan hátt, að aðilar þeir, er um ræðir í 1. málsg. 1. gr., skuli tilkynna Hagstofunni upphaf og lok atvinnurekstrar síns, enn fremur aðsetur starfsstöðva og breytingar á því, og loks þær breytingar aðrar, sem upplýsingar þarf að fá um til starfrækslu fyrirtækjaskrár. — Upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er aðili hefur sölu eða hliðstæða afhendingu á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna. Þó skal upphaf atvinnurekstrar reiknast frá þeim tíma, er hlutaðeigandi hóf notkun aðkeypts vinnuafls vegna hans, ef það á sér stað áður en sala á vöru eða þjónustu til viðskiptamanna hefst.

Ákvarðanir samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. um, að tilkynningarskylda skuli koma til framkvæmda, skulu bundnar við tilteknar greinar samkvæmt atvinnuvega-flokkun Hagstofunnar.

Hagstofan gerir eyðublöð undir tilkynningar þær, er um ræðir í 1. málsg., og kveður á um skilafresti og annað í því sambandi.

7. gr.

Skattyfirvöld aðstoða Hagstofuna við starfrækslu fyrirtækjaskrár með veitingu upplýsinga og eftirgrennslunum, eftir því sem nánar verður ákveðið með samkomu-lagi ríkisskattstjóra og hagstofustjóra.

Aðrir opinberir aðilar, er hafa undir höndum upplýsingar, sem þörf er á til starfrækslu fyrirtækjaskrár, skulu láta þær í té samkvæmt því, sem um semst milli hlutaðeigenda.

8. gr.

Heimilt er að krefja alla húseigendur og aðra umráðamenn húsnæðis upplýsinga um, hvaða fyrirtæki hafa starfsstöð í húsum þeirra.

Heimilt er að krefjast þess af félagssamtökum aðila, sem reka sjálfstæða atvinnu í einstökum greinum — þar á meðal af félagssamtökum meistara í iðnaði — að þeir láti í té skrár yfir meðlimi sína og aðstoði á annan hátt við starfrækslu fyrirtækjaskrár.

9. gr.

Til hagnýtingar fyrirtækjaskrár til skýrslugerðar um atvinnuvegina skulu fyrirtæki láta Hagstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína og aðra hagi, að svo miklu leyti sem eðlileg þörf fyrir slíka skýrsluöflun segir til um. Fyrirtæki skulu láta slíkar upplýsingar í té á þann hátt og á þeim tímum, sem Hagstofan ákveður.

10. gr.

Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkvæmt 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigenda. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

11. gr.

Hagstofan veitir hverjum sem er upplýsingar um það, sem skráð er um einstök fyrirtæki samkv. fyrri málsg. 4. gr., enda sé eigi um að ræða upplýsingar, er Hagstofan hefur fengið frá fyrirtækjum sem trúnaðarmál, sbr. 10. gr. Embætti og stofnanir fá slíka þjónustu ókeypis, enda þurfi þær upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Sé hér um að ræða meiri háttar verk, getur Hag-

stofan þó krafizt greiðslu. Að öðru leyti tekur Hagstofan greiðslu fyrir veitingu upplýsinga úr fyrirtækjaskrá, eftir gjaldskrá, sem hún setur.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að í stað manntals árið 1970 samkvæmt lögum nr. 4/1920 skuli, með aðstoð fyrirtækjaskrár og þjóðskrár, fara fram athugun á mannafla þjóðarinnar til atvinnustarfa á þessu ári, með þeim hætti, sem Hagstofan ákveður í samráði við aðra opinbera aðila, sem mál þetta snertir.

13. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Nú bregzt það, að látnar séu í té upplýsingar samkvæmt 9. gr., áður en almenn-um skilafresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað aðila með dagsektum, 100—1000 kr. á dag, til að láta upplýsingar í té. Dagektir taka gildi 5 dögum eftir að aðili meðtekur símskeyti eða bréf um þær, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Nú kemur það í ljós, að aðili, er skal veita upplýsingar samkvæmt 9. gr., hefur vanrækt að láta þær í té áður en skilafresti lauk, og varðar það þá sektum allt að 10 000 kr.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. Skal greiðsla þessi innt af hendi eigi síðar en 7 dögum eftir að hlutaðeigandi afhenti Hagstofu hina síðbúnu skýrslu eða setti hana í póst.

15. gr.

Nú er ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 1. málsg. 6. gr., og skulu þá brot gegn ákvæðum um tilkynningarskyldu varða sektum 300—3000 kr. Ákvæði 2. málsg. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, skulu gilda um mál þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um áfengis- og tóbaksverzlun.

1. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum vínanda og áfengi, sem flytja má til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli. Þó er öðrum aðilum heimilt að flytja til landsins varning, sem inniheldur vínanda, hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt, að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan.

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og vindlinga-pappír og eldspýtur.

Lög þessi taka ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða, ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Ráðherra er heimilt að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og flugvéla á áfengi og tóbaki.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks, samkvæmt lögum þessum, og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins einni skal heimil starfræksla tóbaksgerðar, svo og framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls.

3. gr.

Fjármálaráðherra ákveður útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, svo og aðra fasta starfsmenn og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn eða framleiðir samkvæmt 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vinnveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

6. gr.

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn og/eða framleiðir, selur hún innanlands í heildsölu.

7. gr.

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar.

Umbúðir um vindlinga skulu á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun:

VIÐVÖRUN
VINDLINGAREYKINGAR
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM

8. gr.

Leggja skal hald á vörur þær, sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi, og skal afhenda þær Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til ráðstöfunar.

Vörur, sem hér um ræðir, skulu með dómi eða sátt upptækar til rikissjóðs.

II. KAFLI**Um verzlun með lyf o. fl.****9. gr.**

Íslenzka ríkinu er heimilt að reka lyfjaverzlun og lyfjagerð í tengslum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins undir nafninu Lyfjaverzlun ríkisins. Lyfjaverzlun ríkisins er skylt að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, þó ekki til endursölu einstaklingum, enn fremur lækna og dýralækna, er rétt hafa til lyfjasölu, svo og sjúkrahús.

Enn fremur skal Lyfjaverzlun ríkisins útvega, í samráði við landlækni, hvers konar efni til ónæmisaðgerða.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra fyrir Lyfjaverzlun ríkisins og setur honum erindisbréf. Fullnægi forstjóri Lyfjaverzlunar ríkisins ekki skilyrðum 9. gr. 1.—5. liðar, sbr. 6. lið lyfsöluglaga nr. 30 frá 29. apríl 1963, skipar ráðherra sérstakan yfirlyfjafræðing, sem fullnægir greindum lagaskilyrðum.

11. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Lyfjaverzlun ríkisins skulu hafa sameiginlegt skrifstofuhald, en aðskilinn fjárhag.

12. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins fer með einkaréttindi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að því er varðar vinnu til lyfja og vinnu til lyfjaverzlunar ríkisins ber ábyrgð á afgreiðslu vinnu til lækninga og rannsóknastofa.

13. gr.

Lyfjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja inn frá útlöndum, vinna úr, verla með og flytja út þau lyf og efni, sem heyrna undir lög um tilbúning og verzlun með ópíum og fleira, nr. 14 frá 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 frá 2. maí 1968, um breytingu á þeim lögum, í samræmi við lög og aðrar stjórnlagareglur, eins og þær eru á hverjum tíma.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema varði þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

Lög nr. 69 frá 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, með síðari breytingum. Lög nr. 58 frá 8. september 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, með síðari breytingum. Lög nr. 65 frá 10. desember 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og lög nr. 3 frá 2. marz 1961, um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

2. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn Bandalagsins eða af hálfu fjármálaráðherra um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík allsherjaratkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.

2. gr.

Landspildurnar eru:

I. Landspila, sem afmarkast að vestan af mörkum Vífilsstaða og Hofstaða, að norðan af mörkum Fífuhvamms, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Vífilsstaðavegi.

II. Landspilda, sem afmarkast að vestan og norðan af girðingu við Hraunsholtslæk, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af mörkum Urriðavatns.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggðarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

3. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarféлага Íslands,

reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um loðdýrarækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

4. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

Umsagnar yfirdýralæknis skal leitað í hvert sinn, er innflutningsleyfis fyrir loðdýrum er óskað.

5. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Peir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

Að fengnu álitu veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýrabúsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð þess er öll í samræmi við fyrrgreindar áætlanir, og tryggt sé, að loðdýrabúinu veiti forstöðu kunnáttumaður með a. m. k. eins árs reynslu í hirðingu, fódruun og meðferð dýranna, og úttekt hefur farið fram af veiðistjóra eða umboðsmanni hans.

Nú er umsókn um byggingu loðdýrabús á skipulagsskyldu svæði, og skal þá landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags um staðsetningu, áður en byggingarleyfi er veitt.

Til stækkunar loðdýrabús þarf viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins, og er óheimilt að nota viðbótarbyggingar eða nýbyggingar, fyrr en úttekt veiðistjóra eða umboðsmanns hans hefur farið fram.

7. gr.

Embætti veiðistjóra samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

8. gr.

Loðdýrabú, þar sem minnar eru geymdir, skal hafa þrefalda vörn, vírnetsbúr með hreiðurkassa, lokaðan dýrhaldan skála á steiptum ramma og dýrhelda ytri girðingu úr traustu og viðurkenndu efni, til varnar því, að dýr geti sloppið úr haldi. Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki. Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

9. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óhagræði eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Valdi óviðkomandi menn skemmdum í loðdýrabúum, eða ónæði, sem tjón verður af, varðar það sektum og fullri bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúu, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkt af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

10. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörzlu, og skal þá sá, er vörzluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, 2000—10000 kr., ef út af er brugðið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 2000—20000 kr., nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa eða vörzlumanni réttindamissi til að reka loðdýrabú.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1951, um loðdýrarækt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G**um áburðarverksmiðju ríkisins.****FÖRSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er vól á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. hinn 1. júlí 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp miðað við sama tíma og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi skv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti, sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skulu eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

10. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h.f., á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. júní 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. júlí 1969.

14. gr.

Hinn 1. júlí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. júlí 1969 til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum.

18. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

19. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5., 6. og 7. málslíður 1. málsgreinar 14. gr. laganna falli niður.

2. gr.

15. gr. hljóði svo:

- Rétt til bóta samkv. lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:
- a. eru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögum, sem lög þessi taka til og hafa 20 meðlimi eða fleiri. Þó skulu meðlimir félaga, sem hafa færri meðlimi en 20, og gert hafa samning við atvinnurekendur um greiðslur til atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir gildistöku þessara laga, öðlast rétt til bóta samkvæmt lögum þessum.
 - b. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu í a. m. k. 1144 dagvinnustundir, eða 572 dagvinnustundir ef um reglubunda hálf dagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kaupaxta verkalýðsfélags eða kjarasamningi. Bótapegi, sem fullnægir ákvæðum þessa stafliðs, missir ekki rétt sinn til bóta, þó að hann taki starfi, sem ekki er tryggingaskyldt samkv. lögum þessum, og stundi það allt að 24 mánuðum. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Enginn getur þó öðlast bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingarskyld, eða atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði. Sá, sem öðlast bótarétt, samkvæmt grein þessari, heldur honum, þó að hann síðar fullnægi ekki ákvæði þessa stafliðs um vinnustundun vegna skráðs atvinnuleysis á tímabilinu. Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni með læknisvottorði, að þeir séu þá færir til almennrar vinnu.
 - c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, skv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum sex mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 36 virka daga, þar af 9 daga á síðustu 18 dögum, eða í 9 daga virka, ef um algert og samfellt atvinnuleysi er að ræða. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, samkvæmt lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Verði meira en 12 dagar milli skráninga, reiknast að auki 6 daga biðtími. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða verkþann nær til.
- b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan.
- e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunar-skrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkþann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við taxa eða kjarasamninga hlutaðeigandi verka-lýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður að-eins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á, enda sé ekki um að ræða starfsgrein, sem hann stundaði, þegar hann varð atvinnulaus, eða önnur hlið-stæð störf. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vösbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfs-grein, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, sem veldur ekki bótamissi, samkvæmt ákvæðum þessa staflíðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bóta-greiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.
- f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af.
- g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem húa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.
- h. dvelja erlendis.

Sá, sem orðið hefur uppvis að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vis-vitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bóta-missi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brot fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslur, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftast rétt til bóta, samkvæmt þessum staflíð, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu sam-fellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

4. gr.

17. gr. orðist svo:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virk-um. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, á umsækjandi rétt til bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Fáir hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlast rétt til bóta, falla bótagreiðslur niður frá þeim tíma þannig, að við ákvörðun þess dagafjöldu, sem greiða skal bætur fyrir, skal draga frá, auk vinnudaganna, einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu. Nemi launagreiðslur í slíkri vinnu meiru en tvöföldum 2. dagvinnutaxta Dagsbrúnar, skal enn fremur draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir tekjur umfram það, sem svarar til 8 klst. vinnu samkv. 2. taxa Dagsbrúnar.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir sunnudaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 156 daga virka á síð-ustu 12 mánuðum.

5. gr.

18. gr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera sem hér segir:

- a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 266.00 á dag. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur samkvæmt b-lið þessarar greinar. Bætur samkvæmt c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt grein þessari einnig karl og kona, sem húa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.
- b. Til einstaklinga kr. 230.00 á dag.
- c. Til bótaþega kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri, yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlags-úrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna má nema kr. 355.00 á dag. Enginn getur þó fengið hærri dagpeninga en sem svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, og greiðast á þær sömu verðlagsbætur og á grunnkaup skv. 2. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkv. lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en bætur almannatrygginganna. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Nú hefur umsækjandi haft hálfsdagsvinnu, og skulu bætur til hans þá nema ½ bótum, sbr. a—c-liði þessarar greinar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

19. gr. orðist svo:

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er sjóðstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.

7. gr.

Fyrsta málsgr. 20. gr. orðist svo:

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau skulu vera hvort tveggja í senn, skráningareyðublöð til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun. Skulu eyðublöð þessi fást hjá út- hlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

8. gr.

Orðið „vikulega“ í 21. gr. laganna falli niður.

9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

10. gr.

Á eftir 23. gr. komi ný grein, sem verði 24. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. b og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 81/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 28 25. apríl 1966.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað og kaптúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

2. gr.

f-liður 3. gr. laganna falli niður og stafliðir greinarinnar breytast í samræmi við það.

h-liður, sem nú verður g-liður, orðast þannig:

að annast atvinnuleysisskráningar og láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu, enda leggi þeir fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. 5. gr.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Vinnuveitendur skulu og láta launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, innan 12 síðustu mánaða. Í vottorði þessu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Enn fremur er vinnuveitendum skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilinu. Slík neitun jafngildir, að umsækjandi neití vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.

4. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., sem orðist svo:

Sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, skal snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann utan sveitarfélags síns í sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar þar, sem umsækjandi um atvinnu. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir vinnumiðlun heimilissveitar þá tilkynningu um skráninguna hverju sinni, sem launþeginn lætur skrá sig. Jafnframt skal litið á slíkan umsækjanda sem umsækjanda um atvinnu í heimabyggð sinni.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera nauðsynleg eyðublöð til afnota við framkvæmd laga þessara, þar á meðal eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár og vottorð vinnuveitenda, sbr. 5. gr. Útbúa skal sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og umsókn um bætur til úthlutunarnefndar, sem vinnumiðlun ritar í þrítíti. Tvö eintök skal senda hlutaðeigandi úthlutunarnefnd eða verkafélagsfélagi, en vinnumiðlun heldur þriðja eintakinu.

Eyðublöð, samkvæmt lögum þessum, skulu afhent hlutaðeigendum ókeypis.

6. gr.

Greinatala laganna raskast þannig, að 6. gr. verður 8. gr. og síðari greinar samkvæmt því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Egbert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

2. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn, og skal hún þannig skipuð: 3 menn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og tveir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku þessara laga skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

4. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

- a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Renni fé þetta til deildar frystra fiskafurða.
- b. Fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeild frystra fiskafurða fái í hlutfalli við gengishagnað af frystum fiskafurðum, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar og skiptingar á sama hátt við stofnun nýrra deilda.

5. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Greiðsla hluta verðhækkunar samkvæmt þessari grein skal áætluð fyrir fram fyrir ekki lengri tíma en hálf t. ári í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyrisskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

6. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 7. og 8.

gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

8. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsg. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stígbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns.

9. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði laga þessara, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerð um stofnun nýrra deilda.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1968 skal vera í gildi verðtrygging fyrir frystar fiskafurðir, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og fyrir frysta rækju. Skal miða verðtrygginguna við verðlag við áramót 1967/68. Skiptist verðtryggingin í tvö tímabil, miðað við framleiðslu frá 1. janúar til 31. júlí annars vegar, en frá 1. ágúst til 15. nóvember hins vegar. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu um sig hærra en það var um áramótin 1967/68, greiði framleiðendur helming þeirrar hækkunar í Verðjöfnunar-sjóð. Verði meðalverðið á hvoru tímabilinu fyrir sig lægra en það var um áramótin 1967/68, skal helmingur þeirrar lækkunar greiddur úr Verðjöfnunarsjóði fyrir framleiðslu fyrra tímabilsins, en þrjú fjórðu hlutar fyrir framleiðslu síðara tímabilsins.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um Stjórnarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Forseti lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.

Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar starfsmann Forsætisráðuneytis ritara ráðherrafunda. Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,
dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
félagsmálaráðuneyti,
fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
iðnaðarráðuneyti,
landbúnaðarráðuneyti,
menntamálaráðuneyti,
samgönguráðuneyti,
sjávarútvegsráðuneyti,
utanríkisráðuneyti og
viðskiptaráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

5. gr.

Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

6. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, er lúta fjármálaráðherra, eru sjálfstæðar stjórnardeildir innan fjármálaráðuneytis.

Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, eftir því sem við á.

7. gr.

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum.

8. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr.

9. gr.

Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

II. KAFLI**10. gr.**

Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Ríkisendurskoðandi stýrir ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.

Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

11. gr.

Starfsdeild ráðuneytis, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans.

Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri eða skrifstofustjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

12. gr.

Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra.

13. gr.

Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi hann úr starfi

jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

15. gr.

Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 3. október 1903, 1. gr.

Lög nr. 1 2. jan. 1917 um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Auglýsing um breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917 um skipting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands nr. 1 5. janúar 1922.

Lög nr. 58 11. júní 1938 um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Önnur lagaboð, er fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, skulu ráðuneyttisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar, sem þá eru fastir starfsmenn án skipunar í embætti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr., hljóta veitingu embætta sinna samkvæmt nefndu lagaboði.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:

I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráða-
birgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum (þ. e. fiskiskípum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávar-
afurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald
þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnnum hluta af
fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum og hlutaráðinna land-
manna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 100 krónur
á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 85 krónur á
úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórð-
ungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar
af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með
sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða
ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjöldu og áhafnarstærðar skal aflatrygg-
ingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lög-
skráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki
borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta
greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið
bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari
ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til út-
flutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Gjört i Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um vegáætlun fyrir árin 1969—1972.

Alþingi hefur 17. maí 1969 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1969—1972.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1969—1972 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1.1 Benzínjaldi	364.1	418.8	450.0	483.3
1.2 Þungaskatti	130.1	138.8	147.4	156.0
1.3 Gúmmíjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	533.6	605.2	651.0	697.3
Endurgreiðslur af:				
1.1.1 Benzínjaldi	11.5	13.6	14.5	14.5
1.2.1 Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	514.1	583.6	628.5	674.8

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. króna.)

2.1 Stjórn og undirbúningur:	1969	1970	1971	1972
2.1.1 Launagreiðslur	10.9	12.1	12.8	13.5
2.1.2 Eftirlaunagreiðslur	1.3	1.3	1.5	1.5
2.1.3 Skrifstofukostnaður	4.8	5.0	5.0	5.0
2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur ..	4.0	4.0	4.0	4.0
2.1.5 Umferðartalning og eftirlit	1.5	1.5	1.5	1.5
	—————	22.5	23.9	24.8
2.2 Viðhald þjóðvega:				
2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega ...	175.0	197.4	206.9	211.9
2.2.2 Vegmerkingar	1.5	1.5	1.5	1.5
2.2.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	5.7	6.1	6.4	6.6
	—————	182.2	205.0	214.8
2.3 Til nýrra þjóðvega:				
2.3.1 Til hraðbrauta	50.0	85.0	100.0	125.0
2.3.2 Til þjóðbrauta	45.1	50.7	55.3	72.5
2.3.3 Til landsbrauta	30.9	57.4	63.3	56.9
2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu	4.0	4.0	4.0	4.0
2.3.5 Tryggingagj., orlof o. fl.	4.4	5.9	6.8	8.2
2.3.6 Til rannsóknna á Skeiðarársandi	3.5	1.8	1.1	1.2
	—————	137.9	204.8	230.5
2.4 Til fjallvega o. fl.:				
2.4.1 Til aðalfjallvega	1.0	1.1	1.1	1.1
2.4.2 Til annarra fjallvega	1.4	1.5	1.5	1.6
2.4.3 Til reiðvega	0.2	0.2	0.2	0.2
2.4.4 Tryggingagj., orlof o. fl.	0.1	0.1	0.1	0.1
	—————	2.7	2.9	2.9
2.5 Til brúargerða:				
2.5.1 Til brúa 10 m og lengri	34.7	38.0	40.6	38.0
2.5.2 Til smábrúa	6.1	6.1	6.8	8.5
2.5.3 Tryggingagj., orlof o. fl.	1.5	1.2	1.4	1.5
	—————	42.3	45.3	48.8
				48.0

	1969	1970	1971	1972	
2.6 Til sýsluvegasjóða:	17.1	18.5	18.5	18.5	18.5
2.7 Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	58.0	62.3	66.1	68.7	
2.8 Til véla- og áhaldakaupa:					
2.8.1 Til véla- og verkfærakaupa	14.0	14.0	15.0	16.0	
2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa	3.0	4.0	4.0	4.0	
	17.0	18.0	19.0	20.0	
2.9 Til tilrauma í vegagerð:	2.6	2.9	3.1	3.3	
2.10 Til greiðsluhalla á vegáætlun 1968:	31.8				
Samtals	514.1	583.6	628.5	674.8	

Sundurliðun.

2.3 Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:	Fjárhæðir í millj. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.
1. Reykjanesbraut (A 2):					
1. Vextir af afborganir lána	6.8	6.8	6.8	6.8	27.2
2. Vesturlandsvegur (B 1):					
1. Miklabraut—Rofabær	7.0	38.0	25.0	—	—
2. Rofabær—Höfðabakki	12.0	11.0	10.0	—	—
3. Höfðabakki—Korpa	—	—	36.0	44.0	—
4. Um Skeiðhól	3.5	2.6	0.9	—	—
5. Um Hafnará	1.6	—	—	—	—
6. Um Seleyrargil ytra	0.8	—	—	—	—
7. Um Brynjudalsá	—	—	2.7	10.9	—
8. Til rannsókna á Hvalf. og Borgarf. samkv. þál.till.	0.7	0.9	0.4	0.1	208.1
3. Borgarnesbraut (B 24):					
1. Við Borgarnes	0.2	—	—	—	0.2
4. Norðfjarðarvegur (F 26):					
1. Um Egilsstaðakaupþún	—	—	2.2	—	2.2
5. Suðurlandsvegur (G 1):					
1. Vextir og afborganir lána	0.9	0.8	—	—	—
2. Lækjarbotnar—Svínahraun	3.7	—	—	6.0	—
3. Svínahraun—Reykjarfell	—	—	—	17.3	—
4. Hveragerði—Bakkarholtsá	—	—	—	18.7	—
5. Bakkarholtsá—Selfoss	7.5	20.9	12.0	16.1	—
6. Um Skeggjastaði	—	—	—	1.1	—
7. Við Lyngás	0.4	—	—	—	—
8. Um Eystri-Rangá (við nýja brú)	0.8	—	—	—	—
9. Skuld vegna flutnings raflína ..	0.1	—	—	—	106.3
6. Verkfræðilegur undirbúningur	4.0	4.0	4.0	4.0	16.0
Fært á 2. 3. 1	50.0	85.0	100.0	125.0	360.0

2. Til þjóðbrauta:		Fjárhæðir í þús. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.	
1. Grindavíkurvegur (A 5):						
1. Gíghæð—Svartengi	—	—	—	500	—	
2. Ofan Grindavíkur	500	560	560	—	2120	
2. Garðskagavegur (A 7):						
1. Keflavík—Garður	—	530	400	—	930	
3. Vesturlandsvegur (B 1):						
1. Um Hraunsnef	—	480	—	1200	—	
2. Um Austurá	—	640	—	—	—	
3. Um Tunguá	—	—	—	290	—	
4. Um Haukadalsá	—	1800	2230	—	—	
5. Um Laxá	500	—	—	—	—	
6. Fellsendi—Nesoddi	—	—	700	1100	—	
7. Brekka—Hvoll	400	—	—	—	—	
8. Um Neðri-Brunná	—	—	—	1080	—	
9. Kleifahlíð	460	—	—	—	—	
10. Í Gilsf. um Drifandahamar ..	540	—	—	—	—	
11. Í Gilsfirði	460	—	—	—	—	
12. Í Þorskafirði, Kinnarstaðir— Kollabúðir	—	1000	1500	1500	15880	
4. Stykkishólmsvegur (B 26):						
1. Um Borg á Mýrum	—	—	1900	—	—	
2. Um Grundarlæk	—	—	450	—	—	
3. Skjálög—Kolbeinsstaðir	—	—	520	1600	—	
4. Á Kerlingarskarði	500	—	—	—	—	
5. Um Nesvog	—	2800	—	—	7770	
5. Ólafsvíkurvegur (B 36):						
1. Rif—Enni	—	—	480	800	—	
2. Enni	1850	—	—	—	3130	
6. Grundarfjarðarvegur (B 41)	150	—	—	—	150	
7. Vestfjarðavegur (C 1):						
1. Sunnan Þingmannaheiðar	1500	600	600	600	—	
2. Gemlufallsheiði	—	650	650	650	—	
3. Breiðadalsheiði	1300	2000	1400	1000	—	
4. Um Tunguá í Skutulsfirði	—	—	—	480	11430	
8. Barðastrandarvegur (C 7):						
1. Kleifaheiði	940	1620	1640	2030	—	
2. Í Vatnsfirði	—	—	—	1000	7230	
9. Strandavegur (C 28):						
1. Í Bæjarhreppi	90	—	—	—	—	
2. Kjörseyri—Laxá—Hlaðhamar .	—	1750	—	—	—	
3. Húsavíkurkleif—Hrófártún ...	—	—	—	2200	—	
4. Hrófártún—Viðidalssá	—	—	1800	—	5840	
10. Sauðárkróksbraut (D 23):						
1. Um Grófargil	—	—	—	1680	—	
2. Um Staðará	—	—	—	1790	3470	
11. Siglufjarðarvegur (D 33):						
1. Norðan Sauðárkróksflugv. ...	500	500	—	—	—	
2. Um Vatn	430	900	—	—	—	
3. Um Hagnesvík	—	—	1300	—	—	

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
4. Ketilás—Lambanesás	—	—	2000	—	—
5. Um Lambanesá	—	—	1600	—	—
6. Um Almennunga	11840	—	—	—	19070
12. Norðurlandsvegur (E 1):					
1. Um Norðurá í Heiðarsporði ..	—	—	—	1170	—
2. Biskupsbeygja á Holtavörðuh. .	430	—	—	—	—
3. Hæðarsteinsbrekka	1450	—	—	—	—
4. Um Síká	400	4000	—	—	—
5. Um Sporðshús	—	—	440	4000	—
6. Um Laxá á Ásum	—	1160	—	—	—
7. Um Langadal	—	1010	2000	4000	—
8. Um Bólstaðarhlíðarbrekku ...	300	—	—	—	—
9. Við Löngumýri	—	530	—	—	—
10. Um Djúpadalsá	—	1850	—	—	—
11. Um Úlfsstaðagil	—	—	—	930	—
12. Á Öxnadalsheiði	—	3000	—	—	—
13. Um Fnjóská	1130	—	—	—	—
14. Norðan Lauga	230	—	—	—	—
15. Kárhóll—Reykjadalsá	—	1000	1500	—	—
16. Norðan Mývatns	—	500	—	—	—
17. Á Mývatnsöræfum	300	—	—	—	31330
13. Ólafsfjarðarvegur (E 2):					
1. Reistará—Hagaás	—	—	1740	1260	—
2. Brimnesá—Karlsá	—	—	1000	2500	—
3. Um Ólafsfjarðarmúla	2020	—	2220	—	—
4. Um Lágheiði	—	—	—	1000	11740
14. Kinnarvegur (E 21):					
1. Halldórsstaðir—Fellssel	—	—	1350	—	—
2. Um Ófeigsstaði	—	—	300	800	—
3. Um Húsabakka	—	1610	1190	—	5250
15. Þingeyjarsýslubraut (E 25):					
1. Norðan Vestmannsvatns	—	—	—	4000	—
2. Í Aðaldalshrauni	510	490	—	—	—
3. Einarstaðir—Húsavík	1550	—	—	—	—
4. Sunnan Húsavíkur	360	—	—	—	—
5. Norðan Húsavíkur	800	—	—	—	—
6. Um Köldukvísl	—	—	1200	—	—
7. Um Auðbjargarstaðabrekku ..	350	—	—	—	—
8. Lindarbrekka—Hóll	—	—	900	—	—
9. Kópasker—Klifshagi	—	1000	500	1500	—
10. Norðan Kópaskers	750	—	—	—	—
11. Á Ytra-Hálsi	350	—	—	—	—
12. Kollavík—Sævarland	—	—	—	9440	—
13. Um Svalbarð	—	400	2100	—	—
14. Um Ytri-Brekkur	650	—	—	—	26850
16. Austurlandsvegur (F 1):					
1. Á Jökuldalsheiði	1800	3400	—	—	—
2. Á Jökuldal	—	—	—	900	—
3. Um Rangá	890	—	—	—	—
4. Í Skriðdal	—	1500	—	2500	—

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
5. Í Breiðdal	1440	—	—	1560	—
6. Ós—Starmýri	900	4000	4100	5000	—
7. Í Lóni	—	1000	—	—	28990
17. Stranda- og Jökulsárhlíðarv. (F 2):					
1. Í Bakkafirði	—	1000	—	900	—
2. Í Vopnafirði	—	441	586	1380	—
3. Á Hellisheiði	—	500	—	—	—
4. Í Hlíð	—	—	1500	—	6307
18. Norðfjarðarvegur (F 26):					
1. Egilsstaðir—Eskifjörður	586	1000	1900	1800	—
2. Um Oddsskarð	650	1400	2500	2450	12286
19. Suðurfjarðavegur (F 31):					
1. Um Vattarnes	2200	—	—	—	—
2. Í Stöðvarfirði	500	—	1600	—	4300
20. Suðurlandsvegur (G 1):					
1. Við Rauðalæk	110	—	—	—	—
2. Við Steinslæk	—	—	—	1460	—
3. Þverá—Eyland	—	—	—	1300	—
4. Affall—Vorsabær	—	1000	—	—	—
5. Við Kattarnef	1800	—	—	—	—
6. Holtsá—Þorvaldseyri	—	—	650	1071	—
7. Við Svaðbælisá	—	—	420	—	—
8. Við Bakkakotsá	—	—	220	—	—
9. Við Kaldaklifsá	—	—	1780	—	—
10. Í Mýrdal	—	1460	500	—	11771
21. Þingvallavegur (G 3):					
1. Í Þjóðgarði	140	170	340	—	650
22. Biskupstungnabraut (G 9):					
1. Við Kerið	—	—	2500	—	—
2. Við Borgargil	—	880	—	—	—
3. Við Minni-Borg	—	—	—	550	3930
23. Skeiðavegur (G 23):					
1. Laugarás—Biskupst.br.	—	—	—	1000	—
2. Suðurlandsvegur—vegamót við Reyki	540	540	540	540	3160
Fært á 2. 3. 2	45096	50671	55306	72511	223584

3. Til landsbrauta:

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
1. Nesvegur (A 6):					
1. Flugv.—Reykjanesviti	—	1010	1940	910	—
2. Við Grindavík	—	—	—	900	4760
2. Meðalfellsvegur (A 14):					
1. Vesturlandsv.—Bugða	450	160	—	—	—
2. Eyjatjörn—Laxá	—	430	—	—	1040
3. Kjósarskarðsvegur (A 15):					
1. Vesturlandsv.—Laxá	—	—	300	—	—
2. Fremri-Háls—Fellsendi	—	200	—	—	500

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
4. Dragavegur (B 2):					
1. Um Kornahlíð	120	90	—	—	—
2. Um Geldingadraga	—	1060	—	1450	2720
5. Svínadalsvegur (B 3)	40	—	—	—	40
6. Leirársveitarvegur (B 6)	150	—	—	—	150
7. Melasveitarvegur (B 7):					
1. Um Belgsholt	550	—	—	—	550
8. Mófellsstaðavegur (B 8):					
1. Um Hrepp	—	220	—	—	220
9. Skorradalsvegur (B 9):					
1. Háafell—Fitjar	—	700	900	—	1600
10. Borgarfjarðarbraut (B 11):					
1. Um Norðurá hjá Haugum	—	—	2290	—	—
2. Hjá Síðumúlaveggjum	—	—	—	950	3240
11. Reykdælavegur (B 16):					
1. Um Logaland	150	—	—	—	150
12. Hálsasveitarvegur (B 17):					
1. Um Deildargil	450	—	—	—	—
2. Hringsgil—Húsafell	—	—	1000	—	1450
13. Hvítársíðuvegur (B 18):					
1. Um Kalmanstungu	—	—	—	500	—
2. Um Hvítá hjá Bjarnast.	—	640	—	—	—
3. Kinnargil	—	—	—	300	—
4. Um Þorgautsstaði	—	—	—	450	1890
14. Þverárhliðarvegur (B 19):					
1. Um Örnólfsdalsá	170	—	480	—	650
15. Norðurárdalsvegur (B 22):					
1. Höll—Hafþórsstaðir	700	—	—	—	—
2. Hafþórsstaðir—Skarðshamrar .	—	2000	1000	—	3700
16. Þursstaðavegur (B 27)	50	—	—	—	50
17. Hraunhreppsvegur (B 30):					
1. Um Akra	30	—	—	—	—
2. Akrar—Kálfalækur	—	—	—	1000	1030
18. Heydalsvegur (B 33)	1470	1840	1850	4500	9660
19. Útnesvegur (B 40)	—	1280	1450	—	2730
20. Hörðudalsvegur (B 44)	200	—	—	500	700
21. Hálsabæjavegur (B 45)	—	200	—	200	400
22. Hlíðarvegur (B 46)	60	—	—	—	60
23. Haukadalsvegur (B 47)	—	200	400	—	600
24. Laxárdalsvegur (B 48)	200	500	450	1500	2650
25. Klöfningsvegur (B 49)	1050	1540	1500	1300	5390
26. Neðribyggðarvegur (B 50)	40	—	200	—	240
27. Efribyggðarvegur (B 51)	320	340	—	—	660
28. Staðarhólsvegur (B 52)	20	—	—	—	20
29. Sælingsdalsvegur (B 53)	40	—	—	—	40
30. Tröllatunguheiði (C 3)	—	—	1000	—	1000
31. Reykhólasveitarvegur (C 4):					
1. Um Beruffjörð	—	400	—	—	—
2. Um Barmahlíð	—	—	900	—	—
3. Um Hrafnanes	—	—	—	660	1960

		Fjárhæðir í þús. kr.				
	1969	1970	1971	1972	Samt.	
32. Örlygshafnarvegur (C 9):						
1. Að flugvelli og Hafnarfj.	550	—	—	—	—	
2. Vörðubrekka	—	—	170	290	1010	
33. Rauðasandsvegur (C 10)	—	900	—	500	1400	
34. Kollsvíkuvvegur (C 11)	—	330	—	—	330	
35. Bildudalsvegur (C 12):						
1. Um Hálf dán	480	—	—	—	—	
2. Reykjarfjörður—Trostars- fjörður—Helluskarð	—	—	—	1000	1480	
36. Tálknafjarðarvegur (C 14):						
1. Frá Bildudalsvegi að Tungu- þorpi	150	1000	800	—	1950	
37. Ingjaldssandsvegur (C 17):						
1. Sandsheiði	—	400	—	—	—	
2. Um Núp	—	—	—	800	1200	
38. Valþjófsdalsvegur (C 18):						
1. Frá Þórustöðum að Grundar- enda	—	—	—	350	350	
39. Flateyrarvegur (C 20):						
1. Frá Selakirkjubóli að Hvilft ..	—	—	1200	2000	3200	
40. Súgandafjarðarvegur (C 21)	—	460	460	460	1380	
41. Bolungarvíkurvegur (C 22)	400	2000	2300	2000	6700	
42. Djúpvegur (C 24)	2280	4000	4500	4500	15280	
43. Vatnsfjarðarvegur (C 25):						
1. Frá Djúpvegi að Hörgshl. og Bjarnarskarð	—	440	—	—	—	
2. Í Ísafirði	—	—	900	—	1340	
44. Snæfjallastrandarvegur (C 27):						
1. Utan við Mórillu	920	380	—	—	1300	
45. Strandavegur (C 28):						
1. Balar—Kaldbakskleif	1040	200	—	—	—	
2. Brattabrekka	—	—	—	341	1581	
46. Laxárdalsvegur (B 48):						
1. Um brú á Laxá	—	470	—	—	470	
47. Drangsnævegur (C 31):						
1. Norður úr Drangsnæþorpi ..	580	—	—	—	—	
2. Hálsgr.—Sandnes, Drangsnæ— Kaldrananes	—	660	—	—	—	
3. Vestan Kaldrananess	—	—	410	—	1650	
48. Norðurfjarðarvegur (C 32):						
1. Urðarhlíð	—	—	600	—	600	
49. Heggstaðanesvegur (D 1):						
1. Mýrar—Bessastaðir	—	—	—	1000	—	
2. Um Grímsá	—	—	—	110	—	
3. Um Sanda	200	—	—	—	1310	
50. Vesturárdalsvegur (D 3):						
1. Kollafoss—Húkur	50	—	—	—	50	
51. Fitjavegur (D 4):						
1. Norðurlandsvegur—Fitjaá	—	640	—	—	640	
52. Vatnsnesvegur (D 5):						
1. Um Þórsá	—	—	110	—	110	

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
2. Norðan Hvammstanga	—	480	1000	100	—
3. Í Vestur-Hópi	—	—	—	1000	2580
53. Þorgrímsstaðadalsvegur (D 6):					
1. Vatnsnesvegur—Tunguá	—	—	1330	—	1330
54. Borgarvegur (D 7):					
1. Síða—Reyðarlækur	340	—	—	—	—
2. Gottorp—Borg	—	—	—	900	1240
55. Vatnsdalsvegur (D 9):					
1. Kornsa—Miðhús	150	—	300	—	450
56. Reykjabraut (D 11):					
1. Beinakelda—Reykir	2830	2940	—	—	5770
57. Svínvetningabraut (D 13):					
1. Tindar—Langamýri	—	800	—	—	—
2. Tindar—Blönduós	—	600	—	—	1400
58. Svartárdalsvegur (D 17)	—	400	350	—	750
59. Skagavegur (D 18):					
1. Tjörn—Tjarnarklif	550	—	—	—	—
2. Um Digramúla	—	220	—	—	—
3. Bergskáli—Kleifargil	—	—	—	1250	—
4. Í Gönguskörðum	—	—	3800	—	5820
60. Þverárfjallsvegur (D 21):					
1. Um Njálssaðabrúnir	720	—	—	—	720
61. Sæmundarhlíðarvegur (D 24)	50	400	—	—	450
62. Skagafjarðarvegur (D 25):					
1. Á Kjálka	—	600	—	—	—
2. Álfagerði—Mælifell	—	—	—	1000	1600
63. Hegranesvegur (D 34)	—	—	—	1000	1000
64. Deildardalsvegur (D 37)	—	1500	—	—	1500
65. Bæjarvegur (D 40)	—	—	900	—	900
66. Sléttuhlíðarvegur (D 41)	300	—	—	—	300
67. Flókadalsvegur vestri (D 42):					
1. Um Sigríðarstaði	—	1000	—	—	1000
68. Kleifavegur (E 3):					
1. Sunnan Syðri-Ár	—	210	—	—	210
69. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 4):					
1. Hóll—Vatnsendi	40	—	—	500	540
70. Svarfaðardalsvegur (E 5):					
1. Um Klaufabrekku	100	—	—	—	—
2. Klaufabrekka—Dalvík	—	—	1600	—	1700
71. Hauganesvegur (E 7):					
1. Ólafsfjarðarvegur—Hauganes	—	—	1670	—	1670
72. Hörgárdalsvegur (E 11):					
1. Um Dunhaga	300	—	—	—	—
2. Dunhagi—Myrká	—	—	400	—	700
73. Dagverðareyrarvegur (E 12):					
1. Ólafsfjarðarvegur—Endur-					
varpsst.	—	700	500	—	—
2. Um Glæsibæjarflóa	—	200	—	—	1400
74. Blómsturvallavegur (E 13)	30	—	—	—	30

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
75. Eyjafjarðarbraut (E 14):	1969	—	—	3320	—
1. Um Rifkelsstaði	—	—	—	—	—
2. Við Finnastaðaá	—	530	—	—	—
3. Við Torfufellsá	200	—	—	—	—
4. Norðurlandsv.—Hrafnagil	—	—	2200	—	6250
76. Svalbarðsstrandarvegur (E 17):					
1. Um Þórisstaði	300	2130	—	—	2430
77. Fnjóskadalsvegur vestri (E 18):					
1. Sunnan Skóga	520	—	—	—	520
78. Vaglaskógarvegur (E 19):					
1. Um Mörk	150	—	—	—	150
79. Fnjóskadalsvegur eystri (E 20):					
1. Um Ytri-Klauf	—	2300	—	—	—
2. Pálsgerði—Borgargerði	—	—	600	500	3400
80. Fremstafellsvegur (E 22):					
1. Vestan Fremstafells	170	—	—	—	170
81. Út-Kinnarvegur (E 23):					
1. Ófeigsstaðir—Skálaá	320	180	—	—	500
82. Bárðardalsvegur (E 24):					
1. Lundarbrekka—Viðiker	250	500	—	—	—
2. Sunnan Halldórsstaða	—	750	—	—	1500
83. Hvammavegur (E 27):					
1. Um Daufhyl	—	690	—	—	—
2. Við Grenjaðarstað	50	—	1100	—	1840
84. Sandsvegur (E 30):					
1. Þingeyjarsýslubr.—Hraunkot ..	250	—	—	—	250
85. Austurhlíðarvegur (E 31):					
1. Um Stóru-Laugar	—	—	110	—	110
86. Stafnsvegur (E 32):					
1. Narfastaðir—Stafn	—	200	—	—	200
87. Mývatnssveitarvegur (E 33):					
1. Um Garðsgrundir	300	—	—	—	—
2. Lagfæringar á hættulegum st. .	150	—	—	—	450
88. Baldursheimsvegur (E 34):					
1. Um Litlu-Strönd	—	—	110	—	110
89. Vestursandsvegur (E 35):					
1. Um Seyrur	200	—	—	—	200
90. Vopnafjarðarvegur (F 7)	—	1400	1900	—	3300
91. Jökuldalsvegur efri (F 11)	—	800	—	700	1500
92. Jökuldalsvegur eystri (F 12)	—	—	—	400	400
93. Hróarstunguvegir (F 13 og F 14)	—	1000	1000	1000	3000
94. Upphéraðsvegur (F 16)	210	—	1000	1600	2810
95. Fljótsdalsvegir (F 17—19)	—	—	200	—	200
96. Fjarðarheiðarvegur (F 20)	800	1800	1800	1500	5900
97. Seyðisfjarðarvegur (F 21)	180	220	—	—	400
98. Úthéraðs- og Borgarfjv. (F 22) ..	1100	—	2300	2600	6000
99. Lagarfossvegur (F 23)	—	300	—	—	300
100. Hjaltastaðarvegur (F 24)	—	—	300	—	300
101. Mjóafjarðarvegur (F 27)	200	300	200	300	1000
102. Viðfjarðarvegur (F 28)	—	—	—	500	500
103. Vallanesvegur (F 29)	60	—	—	340	400

	Fjárhæðir í þús. kr.				Samt.
	1969	1970	1971	1972	
104. Skriðdalsvegur (F 30)	—	—	200	—	200
105. Norðurdalsvegur í Breiðd. (F 34)	—	—	500	—	500
106. Breiðdalsvegur syðri (F 35)	—	—	—	200	200
107. Axarvegur (F 36)	—	200	—	200	400
108. Austurlandsvegur í Skaftaf. (F 1):					
1. Austan Jökulsár á Breiðams. .	1300	2100	1900	1300	6600
2. Vestan Jökulsár á Breiðams. .	800	600	600	—	2000
109. Suðurlandsvegur (G 1):					
1. Í Hrífunesbrekkum	—	—	—	1000	—
2. Við Kálfá	150	—	—	—	—
3. Við Ásakvíslar	300	—	—	—	—
4. Við Geirlandsá	—	—	—	900	—
5. Við Brunná	—	810	—	—	3160
110. Þorlákshafnarvegur (G 5):					
1. Sunnan við vegamót í Grims- lækjart.	—	—	1255	—	1255
111. Tjarnarvegur (G 16):					
1. Ofan Vatnsleysu	—	—	—	280	280
112. Geysisvegur (G 18):					
1. Kjóstaðir—Brattholt	2000	1600	—	—	3600
113. Hrunamannavegur (G 26):					
1. Norðan Laxárbrúar	200	—	—	—	200
114. Langholtsvegur (G 28):					
1. Efra-Langholt—Auðsholtsv. .	—	—	—	1000	1000
115. Hrunavegur (G 29):					
1. Við Hruna	100	—	—	—	100
116. Þjórsárdalsvegur (G 31):					
1. Sandlækjarholt—Sandá	1060	1060	1060	1060	4240
117. Gaulverjabæjarvegur (G 39):					
1. Eyrarbakav.—Stokkseyri	—	—	850	—	850
118. Hamarsvegur (G 42):					
1. Skóganes—Sýrlækur	—	—	—	500	500
119. Ásmundarstaðvegur (G 47):					
1. Ásmundarstaðir—Þykkva- bæjarv.	—	—	780	—	780
120. Þykkvabæjarvegur (G 49):					
1. Háfshverfi—Sandhólaferja ...	—	—	—	500	—
2. Í Þykkvabæ	50	—	—	—	—
3. Við Ægissíðu	—	1200	—	—	1750
121. Landvegur (G 51):					
1. Brúarlundur—Skarð	—	—	1150	1340	2490
122. Árbæjarvegur (G 53):					
1. Af Suðurlandsv. til norðurs ..	—	1160	—	—	1160
123. Efri Rangárvallavegur (G 55):					
1. Við Geldingalæk	—	680	—	—	680
124. Fljótshlíðarvegur (G 58):					
1. Við Moshvol	—	—	480	—	480
125. Út-Landeyjavegur (G 60)	100	—	—	—	100
126. Þúfnavegur (G 61)	—	—	540	—	540
127. Reynishverfisvegur (G 74)	—	—	220	—	220

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.			Samt.
		1970	1971	1972	
128. Áltavarsvegur (G 76):	1969	1970	1971	1972	
1. Við Norðurhjáleigu	130	—	640	—	770
129. Meðallandsvegur (G 79):					
1. Ásabrá—Leiðvellir	—	—	—	1300	—
2. Fljótakrókur—Efri-Fljótár ...	—	—	1000	—	—
3. Við Langholt	150	—	—	—	2450
130. Stórhöfðavegur (G 81)	290	146	385	320	1141
131. Til greiðslu skulda á vegum, sem falla úr tölu þjóðvega	590	—	—	—	590
Fært á 2. 3. 3	30950	57396	63340	56881	208567

2.4.1 Til aðalfjallvega.

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.		
		1970	1971	1972
1. Kaldadalsvegur	100	100	100	100
2. Kjalvegur	400	400	400	400
3. Fjallabaksvegur	150	150	150	150
4. Sprengisandsleið	350	450	450	450
Fært á 2.4.1	1000	1100	1100	1100

2.5 Til brúargerða.

	1969	Fjárhæðir í þús. kr.		
		1970	1971	1972
1. Til brúa 10 m og lengri:				
1. Hafnará í Melasveit (B 1)	2300	—	—	—
2. Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18)	1000	1860	2200	—
3. Laxá hjá Búðardal (B 1)	5100	—	—	—
4. Staðarhólsá hjá Kjarlaksv., sýsluv.	130	—	—	—
5. Þingmannaá á Hjarðarnesv., sýsluv.	420	—	—	—
6. Bjarnardalsá í Bjarnardal (C 1)	1400	—	—	—
7. Langá í Skutulsfirði (C 24)	1216	—	—	—
8. Hólsá í Bolungarvík (C 22)	1373	—	—	—
9. Mórilla í Kaldalóni (C 27)	856	—	—	—
10. Svartá hjá Fossum, sýsluv.	784	—	—	—
11. Jökulsá eystri við Austurbug, fjallv.	400	—	—	—
12. Strandhafnará í Vopnaf., sýsluv.	800	—	—	—
13. Rangá hjá Flúðum (F 1)	3500	—	—	—
14. Hólá í Örfæfum (F 1)	2100	—	—	—
15. Stigá í Örfæfum (F 1)	2300	—	—	—
16. Holtás hjá Álftagróf, sýsluv.	165	—	—	—
17. Fljótsvegur í Landeyjum (G 62)	1296	—	—	—
18. Ytri-Rangá ofan við Galtalæk, fjallv.	600	—	—	—
19. Eystri-Rangá hjá Djúpadal (G 1)	8300	—	—	—
20. Til endurgr. á geymslufé Hvítár	710	—	—	—
21. Austurá í Sökkólfsdal (B 1)	—	1400	—	—

	Fjárhæðir í þús. kr.			
	1969	1970	1971	1972
22. Laxá hjá Kjörseyri (C 28)	—	2700	—	—
23. Siká í Hrutafirði (E 1)	—	3300	—	—
24. Laxá á Ásum (E 1)	—	8800	—	—
25. Djúpadalsá í Skagafirði (E 1)	—	5100	—	—
gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að gera ráðstafanir vegna framleiðslu sjósaltaðrar sumarsíldar á miðunum norðaustur og austur af Íslandi, til að koma í veg fyrir rýrnun markaða fyrir saltsíldarframleiðslu landsmanna, svo og til hagsbóta fyrir þá, sem hlut eiga að saltsíldarframleiðslunni á sjó og í landi.

Nefnd, sem skipuð var hinn 2. apríl s. l. til að gera tillögur um hagnýtingu síldar á fjarlægum miðum sumarið 1969, hefur gert tillögur um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum á komandi sumri. Nefndin, sem skipuð var fulltrúum samtaka sjómanna, útvegsmanna, síldarsaltenda, síldar- og fiskimjolsverksmiðja og Síldarútvegsefnendur, stóð einróma að tillögum þessum, eftir að hver fulltrúi hafði ráðfært sig við samtök sín.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Flutningasjóður síldveiða. Sjávarútvegsmálaráðherra setur reglugerð um stjórn og rekstur sjóðsins og skal kostnaður af stjórn og rekstri hans greiðast af fé sjóðsins.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Flutningasjóði eða takast á hendur sjálfskuldaábyrgð á láni, sem Flutningasjóður tæki, svo og að veita Flutningasjóði lán úr ríkissjóði, að fjárhæð allt að 30 milljónum króna eða jafnvirði hennar í erlendri mynt, til greiðslu útgjalda samkvæmt lögum þessum. Stjórn Flutningasjóðs annast lántökur þessar fyrir hönd sjóðsins.

2. gr.

Stjórn Flutningasjóðs skal annast flutninga saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna sumarið 1969. Er henni heimilt að taka á leigu allt að fimm flutningaskip í þessu skyni og gera aðrar ráðstafanir, er nauðsynlegar teljast til að tryggja flutninga, þ. á m. að ráða nauðsynlegt starfsfólk vegna flutninganna, svo og til að veita söluleyfi á fersksíld í umboði viðskiptamálaráðuneytisins. Í reglugerð, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur skal kveðið nánar á um þessi atriði. Kostnaður af þessum ráðstöfunum skal greiðast úr Flutningasjóði. Enn fremur skal setja í reglugerð ákvæði um sölu og afhendingu á tunnum og salti úr flutningaskipum á miðunum og greiðslur fyrir þær vörur.

Greiða skal úr Flutningasjóði styrki til flutninga á sjósaltaðri og ísvarinni síld samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Stjórn Flutningasjóðs skal annast greiðslu flutningastyrkja.

3. gr.

Tekjur Flutningasjóðs er gjald, að fjárhæð kr. 100.00 á tunnu, er greiða skal af útflutningsandvirði hverrar tunnu saltaðrar síldar, sem unnin er úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðum á árinu 1969. Sé síldin notuð til niðurlagningar eða flökunar til útflutnings greiðist tilsvarendi gjald. Gjaldið er miðað við heiltunnu. Skal Síldarútvegsnefnd draga gjald þetta frá útflutningsandvirði hverrar útfluttrar tunnu, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda og greiða það í Flutningasjóð, svo fljótt sem unnt er. Aðrir útflytjendur skulu á sama hátt inna tilsvarendi gjald af hendi í Flutningasjóð. Tekjum Flutningasjóðs samkvæmt þessari grein skal varið til greiðslu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr. og endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal, við ákvörðun fersksíldarverðs sumarið 1969, taka fullt tillit til þessa gjalds til Flutningasjóðsins samkvæmt 1. mgr., þannig að helmingur gjaldsins sé borinn uppi af sjómönnum og útvegsmönnum, en hinn helmingurinn af síldarsaltendum.

4. gr.

Nú reynist inneign í Flutningasjóði, eftir að endurgreidd hafa verið lán ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjöld samkvæmt 1. og 2. gr., og skal hún þá geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Inneign þessari skal varið til greiðslu kostnaðar vegna ráðstafana, er gerðar kynnu að verða vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar sumarið 1970, svo sem sjávarútvegsmálaráðherra kveður á um með reglugerð. Verði ekki gerðar slíkar ráðstafanir, skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Reynist tekjur Flutningasjóðs samkvæmt 3. gr. ekki nægja til endurgreiðslu lána ásamt vöxtum samkvæmt 1. gr., svo og útgjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skal sá mismunur (skuld) greiddur af útflutningsandvirði saltsíldarframleiðslunnar úr síld veiddri á Norður-, Norðaustur- og Austurmiðunum á árinu 1970. Síldarútvegsnefnd skal draga mismun þennan (skuld) frá útflutningsandvirðinu og greiða í Flutningasjóð, áður en kemur til greiðslu andvirðisins til síldarsaltenda, en stjórn Flutningasjóðs skal verja fénu til endurgreiðslu á skuldum sem safnast hafa. Verðlagsráð sjávarútvegsins skal taka fullt tillit til þessa mismunar (skuldar), ef til kemur, við verðákvörðun sumarsíldar til söltunar vorið 1970, og skipta honum til helminga milli útgerðarmanna og sjómanna annars vegar og síldarsaltenda hins vegar.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um framkvæmd söltunar um borð í veiðiskípum, flutninga, losun flutningaskipanna, löndunarstaði o. fl.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

18. júní 1969.

359

Nr. 78.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að kjarasamningum Félags íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélags Íslands, vegna flugvélstjóra, við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., hafi verið sagt upp frá og með 1. febrúar þ. á.

Mikill ágreiningur hafi síðan risið, vegna skattlagningar dagpeninga-uppbótar atvinnuflugmanna og flugvélstjóra, en sá ágreiningur verið leystur 23. maí þ. á., eftir tilfinnanlegar truflanir á flugi í apríl þ. á.

Kröfur stéttarféлага atvinnuflugmanna og flugvélstjóra um kauphækkunir hafi hins vegar verið lagðar fram 3. og 6. júní þ. á., og sé þar krafizt meðalkauphækkana, sem nemi að hundraðshluta margfaldri þeirri kauphækkun, sem samið hafi verið um 19. maí þ. á. milli vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, fyrir mikinn meirihluta launþega innan Alþýðusambands Íslands og nemi meðalhækkun, samkvæmt kröfunum, frá 66.4—115.3 af hundraði fyrir atvinnuflugmenn. Samningsumleitanir hafi engan árangur borið.

Hafi nú Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðað 48 klst. vinnustöðvun, er hefjast eigi kl. 24.00, aðfaranótt 19. þ. m. og Flugvirkjafélag Íslands jafn langa vinnustöðvun flugvélstjóra kl. 12 á hádegi 21. þ. m.

Væri samið við atvinnuflugmenn og flugvélstjóra nú, á grundvelli krafna þeirra, myndi raskað því jafnvægi og vinnufriði, sem komizt hafi á með hinum viðtæku samningum 19. maí þ. á.

Komi til vinnustöðvunar, myndi hún valda algerri stöðvun alls áætlunarflugs íslenzkra flugfélaga, bæði í innanlands- og utanlandsflugi, en rekstursafkoma flugfélaganna myndi bíða slíkan hnekki, að framtíð þeirra væri stefnt í voða, enda myndi slíkt spilla mjög aðstöðu þeirra til samkeppni við erlend flugfélög og fjöldi manna missa atvinnu í landinu. Loks myndi stöðvun alls áætlunarflugs innanlands valda landsmönnum miklum óþægindum og kostnaði.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun á starfsemi íslenzku flugfélaganna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör atvinnuflugmanna og flugvélstjóra í Félagi íslenzkra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélagi Íslands, við störf fyrir íslenzk flugfélög.

A 46

Gerðardómurinn skal einnig kveða á um lausn ágreinings þess, sem upp hefur komið, um einkennisfatnað atvinnuflugmanna og flugvélstjóra.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum og fyrirsvarsmönnum flugfélaga og stéttarfélag, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara atvinnuflugmanna og flugvélstjóra miða í meginatriðum við þá samninga stéttarféлага þeirra við Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f., sem gilt hafa og þær launa- og kjarabreytingar, sem samið var um milli fulltrúa vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, 19. maí 1969.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála þeirra stétta, er lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal samúðarverkföll og verkföll þau, sem boðuð hafa verið 19. og 21. júní 1969.

4. gr.

Laun gerðardómsmanna greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu kaup- og kjaraákvæði í úrskurði gerðardómsins gilda frá gildistöku degi laganna.

7. gr.

Lög þessi gilda til 15. maí 1970. Úrskurður gerðardóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma.

Gjört að Bessastöðum, 18. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

23. júní 1969.

361

Nr. 79.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 96 22. desember 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins hafi farið versnandi og var um síðastliðin áramót skipuð nefnd til að kanna hag þeirra og rekstur og hefur nefndin nú skilað tillögum til úrbóta.

Enda þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr kostnaði og bæta rekstursafkomuna, þá vega þær ekki á móti auknum tilkostnaði Rafmagnsveitnanna á síðastliðnu ári og ber þess vegna brýna nauðsyn til að afla Rafmagnsveitum ríkisins aukinna tekna og hækka verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitnanna samkvæmt lögum nr. 96 22. desember 1965.

Þá þykir rétt að skipuð sé sérstök stjórn, er fari með málefni Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar: Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

3. gr.

Í stað orðanna „50 krónur“ í 2. mgr. 6. gr. laganna komi: 100 krónur.

A 46¹

4. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15 hvers mánaðar. Orkugjald miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal orkumálastjóra strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða orkumálastjóri áætla eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega fyrirfram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem þarf til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

5. gr.

Á árinu 1969 skal aflgjald samkvæmt 5. gr. reiknast þannig að greiða skal 167 kr. fyrir hvert kW af helmingi mesta afhents afls almanaksársins og 420 kr. fyrir hvert kW af helmingi aflsins.

6. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Ráðherra sá, er fer með raforkumál skipar þrjá menn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenskra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra ákveður starfs-hætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift tveggja stjórn-enda.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1969.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

23. júní 1969.

363

Nr. 80.

LÆKNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 49 17. maí 1969 um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932 um lækningaleyfi o. fl. hef látið fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 8 15. febrúar 1964 inn í lög nr. 47 23. júní 1932 um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar og gef þau út svo breytt með fyrir-sögninni: Læknalög.

I. Um lækningaleyfi.

1. gr.

Rétt til að stunda lækningar og kalla sig lækna hér á landi hafa þeir einir, sem til þess hafa fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við læknadeild Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi samkv. 1. mgr. skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum til-lögum læknadeildar háskólans.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum og eru lögráða, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni. Ráðherra getur þó veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja ákvæðum 1. mgr. 3. gr., hafa lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafa nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, er enginn íslenzkur læknir hefur fengið til að gegna.

Læknadeildin eða landlæknir mega ekki mæla með lækningaleyfi til handa þeim, sem eru heilsulausir á þann hátt andlega eða líkamlega, að stafað geti hættu af þeim við læknisstörf, eða þeir fyrir það séu ófærir eða lítt hæfir til læknisstarfa, eða kunnir að drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkun eða hafa kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi og ódugnaði í störfum sínum.

Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennt hægningarlaga á við um hagi hans.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

3. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa tekið próf það eða lokið því námi, er um getur í 2. gr., ótakmarkað lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækna, ef þeir hafa sannað fyrir læknadeild háskólans, að þeir hafi næga kunnáttu og læknadeildin og landlæknir mæla með leyfisveitingunni. Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlæknum samkvæmt tannlækningalögum, nuddurum og öðrum, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

Um meðmæli samkv. þessari grein ber læknadeild og landlækni að gæta hins sama og tekið er fram í 4. mgr. 2. gr.

4. gr.

Læknisefni, sem ekki hefur að fullu lokið námi eða verið veitt lækningaleyfi, má, ef nauðsyn krefur og landlæknir mælir með því, fela um stundarsakir að gegna læknishéraði sem settum héraðslækni eða staðgöngumanni eða aðstoðarmanni héraðslæknis eða annars læknis, eða öðrum ákveðnum læknisstörfum, og hefur hann þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir, og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

II. Um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa.

6. gr.

Læknum og hverjum þeim, sem hafa lækningaleyfi, takmarkað sem ótakmarkað, ber að gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við, fara nákvæmlega eftir henni og gæta fyllstu samvirkusemi í hverju einu, þar á meðal í því að baka ekki sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum, ónauðsynlegri aðstoð o. s. frv.

7. gr.

Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafizt, vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera, vegna fátækrahjálpar, styrkveitinga, trygginga eða þess háttar, og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarendi stofnunum. Heimilt er lækni að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef honum þykir ástæða til vegna ákvæða 10. gr.

Til allra vottorða og umsagna, er læknir gefur út sem læknir, ber honum að vanda sem bezt og segja það eitt, er hann veit sönnur á, hvort sem vottorðin eða umsagnirnar eiga að vera til leiðbeiningar hinu opinbera eða öðrum.

8. gr.

Sérhverjum lækni, öðrum en þeim, sem fyrir elli sakir eða sjúkdóms er hættur störfum, ber í skyndilegum sjúkdóms- eða hættutilfellum, ef hann er nærstaddur

og til hans er leitað — og ekki því alvarlegri forföll banna — að veita hina fyrstu nauðsynlegu læknishjálp, unz til annarrar hjálpar hefur náðst.

9. gr.

Sérhver læknir, sem stundar almennar lækningar í kaupstað eða kauptúni og hefur opna lækningastofu í því skyni, er skyldur til, einnig þó að hann sé ekki embættislæknir, að gegna aðkallandi sjúkravítjunum í kaupstaðnum eða kauptúni, hvenær sem eftir því er leitað, nema hann sé hindraður af öðrum meira aðkallandi læknisstörfum eða öðrum alvarlegum forföllum.

Nú tekur læknir í kaupstað eða kauptúni þátt í félagsskap um, að læknavörður sé til taks til að gegna sjúkravítjunum innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, enda sé vörðurinn fullnægjandi að dómi landlæknis, og er læknirinn þá ekki skyldur til að gegna læknisvítjunum þann tíma, er vörðurinn situr, sbr. þó 8. gr.

10. gr.

Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á, að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komið af með til að afstýra hættu.

Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo og til yfirsetukvenna og aðstoðarfólks lækna við læknisstörf.

11. gr.

Nú verður læknir þess visari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá læknum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til landlæknis.

12. gr.

Læknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til þeirra, sem hafa takmarkað lækningaleyfi, svo sem tannlækna og nuddara, svo og til yfirsetukvenna og annarra tilsvarendi heilbrigðisstarfsmanna.

13. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annarra en héraðslækna, fer eftir því, sem um semst milli stéttarfélags þeirra og ríkisstjórnarinnar.

Við þá samninga skal miða við gjaldskrá héraðslækna og föst meðallaun þeirra, og skal samið um þá hundraðstölu til hækkunar á gjaldskránni, sem ætla má að

hækki greiðslur fyrir áætlað meðalársstarf læknis um álika upphæð og föst meðal-laun héraðslæknis.

Í gjaldskránni skal ákveða greiðslur fyrir tannlækningar, nuddaðgerðir og aðrar tilsvarendi aðgerðir manna með takmörkuðu lækningaleyfi, og eru þau ákvæði bindandi fyrir tannlækna, nuddara og aðra slíka, en kveðja skal fulltrúa frá stéttarfélagi þeirra til, áður en þeir liðir eru ákveðnir.

Semja má um allt að þriðjungi hærri greiðslur til handa sérfræðingum fyrir störf, er heyra til sérgrein þeirra.

Nú hefur lækni, annar en héraðslækni, eða tannlækni eða nuddari eða aðrir með takmörkuðu lækningaleyfi opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki lægri en meðalhéraðslæknislaun, og ber honum þá að fara eftir gjaldskrá héraðslækna.

Nú nást ekki samningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og semur þá landlækni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

14. gr.

Allir lækna og þeir, sem hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga, svo og yfirleitt öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim þær skýrslur viðvirkjandi störfum þeirra, og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar. Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur. Um héraðslækna og aðra lækna, sem hafa laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, má auk sektanna kveða svo á, er þeir þrátt fyrir áminningu vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur, að launagreiðslur þeirra verði stöðvaðar, unz skil hafa verið gerð.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til hvers konar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, sjúkrasamlaga, heilsu- og slysatryggingarstofnana og annarra tilsvarendi, svo og til tannlækna, lyfsala og lyfjabúða, nuddara, yfirsetukvenna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

Í reglugerðinni má enn fremur ákveða, að sektir lækna samkv. þessari grein renni í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna, en sektir annarra heilbrigðisstarfsmanna í tilsvarendi styrktarsjóði þeirra, eftir nánari ákvæðum landlæknis.

III. Um skottulækningar.

15. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar:

1. ef sá, sem ekki hefur lækningaleyfi, býðst til að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, og nær það einnig til lyfsala og aðstoðarfólks þeirra.
2. ef lækni með takmörkuðu lækningaleyfi stundar lækningar fram yfir það, sem leyfi hans er takmarkað við samkvæmt leyfisbréfi hans eða lögum. Nær þetta meðal annars til tannlækna, ef þeir fást við aðrar lækningar en tannlækningar, þar með talda svæfingar, tannsmíði, ef þeir gefa sig við tannlækningum, nuddara, ef þeir taka fólk til meðferðar án tilvísunar og fyrir-sagnar læknis, yfirsetukvenna, ef þær fást við svæfingar eða lyfjagjafir fram yfir það, sem þeim er sérstaklega heimilað, o. s. frv.

3. Ef læknir, sem ekki hefur sérfræðingsleyfi, kallar sig, auglýsir sig eða gefur á annan hátt í skyn, að hann sé sérfræðingur, og gildir hið sama um sérfræðing, ef hann gefur á sama hátt til kynna, að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri, sem hann hefur sérfræðingsleyfi fyrir.
4. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, ráðleggur eða ávísar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða aðeins til þess að auðga sjálfan sig, eða ef hann ráðleggur mönnum eða framkvæmir að ástæðulausu, nema þá sjálfum sér til ávinnings, lækniaðgerð, annað hvort við sjúkdómi, sem aðgerðin getur bersýnilega ekki átt við, eða við sjúkdómi, sem engin ástæða er að gera ráð fyrir, að viðkomandi sé haldinn af.
5. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, ávísar til sölu eða selur lyf undir því yfirskini, að þau eigi að fara til lækninga, en vitandi, að þau verði notuð í öðru skyni, svo sem til nautnar, eða til útsölu í hagnaðarskyni.
6. ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, lætur frá sér vottorð eða umsögn til þess stílaða að gylla í verzlunarskyni lyf, lækningaáhöld eða matvæli, drykki, nautnalyf eða annað, svo að ætla megi, að fólk fyrir það fái skakkar hugmyndir um gildi lyfjanna, lækningaáholdanna, matvælna o. s. frv.
7. ef læknir lánar nafn sitt þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefur eða takmarkað lækningaleyfi, í því skyni að fólk blekkist til að halda, að sú lækningastarfsemi, sem þeir hafa með höndum, fari fram eftir ráðleggingum, undir eftirliti eða á ábyrgð læknisins. Sama gildir um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, ef þeir lána nafn sitt í tilsvarendi skyni.

16. gr.

Þeim, sem hefur takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefur, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki eða aðra smitandi sjúkdóma, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli.

Nú hefur viðkomandi orðið þetta á vegna ónógrar lækniþekkingar, og nægir það honum ekki til sýkunar.

17. gr.

Lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar eru bannaðar hér á landi, einnig læknum og lyfsölum. Nær þetta til auglýsinga í blöðum og tímaritum, á sérstökum auglýsingamiðum eða í flugritum og bréfum, á lyfja- og lækningaáhaldaumbúðum, svo og hvers konar annarra auglýsingaaðferða, þar með taldar ritgerðir, sem til þess eru stílaðar að gylla í verzlunarskyni sérstök lyf eða lækningaáhöld. Á sama hátt eru bannaðar tilsvarendi auglýsingar um lækningakraft drykkja og matvæla, nautnalyfja og annars.

Enn fremur eru bannaðar gyllandi auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað, hvers konar sjúklingum sé tekið á móti og með hverjum kjörum.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út af læknum eingöngu fyrir lækna, svo og í auglýsingabréfum til lækna og á umbúðum lyfja og lækningaáhalda, sem eingöngu koma læknum í hendur.

IV. Um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100—10000 kr., sviptingu lækningaleyfis og fangelsi, nema þyngrri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

Í sektir skal dæma fyrir minni háttar brot, er ekki telst sannað, að það hafi valdið eða ef það er ekki sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni, hvorki fyrir einstaklinga né þjóðfélagið í heild sinni.

Í hæstu sektir skal dæma, ef um ítrekuð minni háttar brot er að ræða, eða ef sannað telst, að brotið hafi valdið alvarlegu tjóni, eða ef það er sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið í heild sinni. Ef lækni, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, á í hlut, má þá jafnframt svipta hann lækningaleyfi.

Lækni og þann, sem lækningaleyfi hefur, má enn fremur svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað, að brotið hafi valdið tjóni, ef það er þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, skottulækningar eða hlutdeild í skottulækningum, lausmælgir um einkamál, sem hann hefur komizt að sem lækni, eða alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum.

Í fangelsi má dæma, ef brotið er þess eðlis, að sannað teljist, að liftjón eða varanlegt heilsutjón hafi hlotizt af, eða að sérstaklega líklegt teljist, að það geri orðið slíks valdandi eða haft viðtækar hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, og heyra þar meðal annars undir brot á 16. gr.

Lækni og þann, sem hefur lækningaleyfi, skal svipta lækningaleyfi fyrir þau brot, sem dæma má í fangelsi fyrir, eða, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem svipta má lækningaleyfi fyrir.

Í fangelsi skal dæma, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem dæma má í fangelsi fyrir.

Lækna og aðra, sem með brotum á lögum þessum gera öðrum skaða, svo að sannað teljist, má auk refsinga dæma til sanngjarnra skaðabóta.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Ef landlækni verður þess var, að lækni, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaða landsins, skal hann áminna hann um að bæta hegðun sína.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, eða sé um einhverja óhæfu að ræða viðkomandi læknisstörfum, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

20. gr.

Nú telur landlækni, að lækni, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafizt var, er hann fékk lækningaleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, sem gerir hann lítt hæfan, óhæfan eða hættulegan við störf sín, enda verði hann ekki án þess fenginn til að hætta þeim, eða vegna drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanoikunar, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, og skýrir hann þá ríkisstjórninni frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknaeildar háskólans, og ef hún fellst á álit landlækni, má svipta viðkomandi lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

21. gr.

Lækni og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

V. Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

22. gr.

Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

23. gr.

Ef læknir sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr., hlítir ekki fyrir mælum þar að lútandi eða verður uppvís að því að ávísá (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn læknadeildar háskólans, að svipta lækninn leyfi til að ávísá slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.

Nú verður læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr., uppvís að því að ávísá sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkv. fyrstu málsg. Þó skal lækninum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsg.

24. gr.

Læknir getur afsalað sér rétti til að ávísá ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

25. gr.

Nú hefur læknir ekki leyfi til að ávísá ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr., og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

26. gr.

Læknir, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávísá ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

VI. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

27. gr.

Ákvæði þessara laga um veitingu lækningaleyfis ná ekki til þeirra, sem lækn-ingarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi. Þeir læknar, sem þá hafa fengið leyfi Læknafélags Íslands til að kalla sig

sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Ísland á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Framan við 42. gr. bætist svofellt ákvæði:

Inntökuskilyrði:

Aðgang að læknisfræðinámi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru samsvarandi prófi. Deildin getur þó sett lágmarks-einkunnir í stúdentsprófi sem skilyrði inntöku.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

2. júlí 1969.

371

Nr. 82.

ÁFENGISLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 30. gr. laga nr. 47 17. maí 1969 um breyting á áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954 hef látið fella meginmál þeirra laga inn í áfengislög nr. 58 24. apríl 1954 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.

2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. KAFLI

Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglum og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu

A 47

tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vinum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenskri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómilur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómilur, og 4 sjómilur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Heimilt er ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. r., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI

Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsg., skulu fara fram, er $\frac{1}{3}$ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsg., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða lækni). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli lækni. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tilögum landlækni, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávisana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

12. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði
- b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. mgr. Skál áfengisvarnaráð tilnefna einn mann í nefndina, Samband veitinga- og gistihúsaiegenda einn mann, en dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin.

Utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. september.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir rikissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í rikissjóð.

Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa. Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Rikissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann rikissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögregluftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

13. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, útsölu hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eða

veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og útsölu hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI

Meðferð áfengis í landinu.

16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skytt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skytt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr.

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstaafgreiðslumaður neita að taka við sendingu.

18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 42. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluannsókn

gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómariinn tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggja fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögreglufirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnnum félaganna, þegar um er að ræða árs-hátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík vinnveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirskini, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vinnveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskirteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

VI. KAFLI

Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almanna-færi, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi lækni-ir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá lækni sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunar-
missis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og lækna-ir.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaut af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsg-
áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóð-
rannsókn, sem lækni-ir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI

Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnunum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Um ákvörðun launa hans fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnunum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

29. gr.

Af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skal árlega leggja í gæzluvistar-sjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkju-sjúkra (nr. 39 19. maí 1964), og fer um meðferð fjár þessa eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar, sbr. nefnd lög.

30. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Skytt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánara á um starfssvið nefndanna að þessu leyti í reglugerð.

Nú ákveður sveitarstjórn utan Reykjavíkur að stofna félagsmálaráð, og getur þá dómsmálaráðherra með sama hætti falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.

31. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnubrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Fræðslumálastjórninni skal skytt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

32. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa í skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI

Refsiákvæði.

33. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni kr. 10 000— 50 000

Öðru sinni — 20 000—100 000

Þriðja sinni — 40 000—200 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa rikissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 1000—30 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign rikissjóðs.

34. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 5000—50 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 33. gr. 1., 3. málsg. r.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

35. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 33. gr.

Sektarákvæði samkvæmt 33. og 34. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.

36. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsg. sömu greinar varða sektum, 5000—50 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

37. gr.

Misbeiti lækni lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 2000—20 000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 4000—50 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengiseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málgr. 39. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

38. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 2000—20 000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 4000—50 000 krónum.

Brjótí nokkur oftast ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

40. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingastarfsemi eða gististaðahalds samkvæmt lögum um veitingasölu og gististaðahald o. fl. (nr. 53 20. apríl 1963), sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 500—10 000 krónum.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum frá 1000—20 000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skal gert upptækt.

42. gr.

Brot gegn 1. málgr. 19. gr. varða sektum, 500—20 000 kr., og ítrekað brot 1000—40 000 kr.

Brot gegn 4. málgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegar sölu. Brjótí nokkur oftast ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að

stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

Brot gegn 5. málsg. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

43. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 1. málsg. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—10 000 króna sekt og neytanda 500—5000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsg. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—20 000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsg. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsg. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

44. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkv. þessari grein, skal gert upptækt.

45. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 1000—5000 kr. Öðru sinni 2000—10 000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

46. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsg., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sækta sektum, 500—40 000.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

47. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

48. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1969.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965,
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagserfiðleikar þess lág-launafólks innan verkalýðsfélaganna, sem keypt hefur íbúðir þær, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið byggja á vegum ríkisins, séu almennt svo miklir, að yfirvofandi sé innan skamms nauðungarsala á íbúðunum, ef lánakjörum verði ekki breytt til hagsbóta fyrir það.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið.

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

27. ágúst 1969.

383

Nr. 84.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að Skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins hafi um nokkurt skeið unnið að athugun á framhaldsnámi í gagnfræðaskólum fyrir þá, sem lokið hafa landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi. Nefnd, sem skipuð var 4. júlí s. l., hefur nú athugað málið nánar, haft um það samband við sveitarfélög og skilað tillögum um, að þegar í haust verði efnt til slíks framhaldsnáms í tilraunaskyni í samráði við þau sveitarfélög, sem lýsa sig reiðubúin til þess að eiga aðild að þessu skólahaldi.

Gildandi lög um gagnfræðanám gera ekki ráð fyrir framhaldsnámi í gagnfræðaskólum. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, bætist:

„VIII. KAFLI

Framhaldsdeildir.

65. gr.

Heimilt er með leyfi menntamálaráðuneytisins að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.

66. gr.

Kostnaður við framhaldsdeildir skal greiddur af ríki og sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 49/1967 um skólakostnað.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1969

Nr. 85.

384

4. júlí 1969.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 4. júlí 1969 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1968, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 2. töluliðar 43. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:
Þó er einnig heimilt að halda próf í janúarmánuði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. júlí 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 86.

9. júlí 1969.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag í einkaerindum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 9. júlí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 14. júlí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

22. september 1969.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í 41. gr. A. a. 2. málsg. falli niður orðin „Skulu þeir stúdentar ... hvorri tveggja grískunni“.

Í 41. gr. A. b. 2. málsg. falli niður orðin „Skulu þeir stúdentar ... úr hebreskri biblíu (útgáfu Kittels)“.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. september 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Árni Gunnarsson.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1969.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 24. september 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nr. 90.

20. október 1969.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 20. október 1969 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

V. kafli B. Læknadeild, 42. og 43. gr., orðist svo:

42. gr.

Kennsla, rannsóknir og nám í læknadeild, svo og um stjórn deildarinnar.

a. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla og rannsóknir í læknisfræði og skyldum greinum.
2. Kennsla læknakandidata eftir því, sem tilefni og ástæður gefast til.
3. Ráðgjöf um heilbrigðismál fyrir stjórnvöld samkvæmt lögum.

b. Inntökuskilyrði.

Aðgang að læknisfræðinámi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru samsvarandi prófi. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í stúdentsprófi sem skilyrði inntöku.

Réttur þeirra, er falla á fyrsta árs prófum, til áframhaldandi setu í deildinni skal ekki vera meiri en réttur nýstúdentna til inngöngu.

c. **Stjórn deildarinnar.**

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarforseta, deildarráðs og deildarfunda.

Deildarforseti hefur umsjón með störfum deildarinnar, og er í forsæti á fundum. Deildarforseta skal kjósa á deildarfundum úr hópi prófessora til tveggja ára í senn.

Varaforseti skal kosinn á sama hátt til tveggja ára.

Deildarráð. Deildarforseta til aðstoðar við afgreiðslu mála skal vera 6 manna deildarráð. Skulu prófessorar tilnefna 3 fulltrúa úr sínum hópi, dósentar 2 úr sínum hópi og Félag læknanema annan fulltrúa sinn á deildarfundum sem fulltrúa í deildarráði. Gildir kosning til tveggja ára. Enginn má sitja í deildarráði lengur en fjögur ár í senn. Velja skal fulltrúa kennara í deildarráð þannig, að þeir annizt kennslu á sem flestum stigum námsins..

Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og oftast, ef þörf gerist.

Varadeildarforseta skal heimil seta á fundum ráðsins, og hefur hann þar tillögurétt. Sama gildir um formann kennslunefndar og kennslustjóra. Deildarráð getur kvatt til ráðuneytis sérfræðinga úr hópi kennara.

Fundir eru því aðeins lögmætir, að minnst 5 af 7 atkvæðisbærum fulltrúum í deildarráði séu viðstaddir.

Deildarráð hefur úrslitavald í öllum málum, er deildina varða, öðrum en þeim, er við koma kennslu og kennsluháttum, sbr. 42. gr. d. um kennslunefnd, svo og málum, er varða embættaveitingar og veitingu doktorsnafnbóta. Ef deildarráð getur ekki útkljáð mál, skal vísa því til deildarfundar. Málum skal einnig vísað til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst 3 ráðsmenn óska þess.

Stúdent sá, sem sæti á í deildarráði, hefur ekki atkvæðisrétt, þegar ráðið fjallar um erindi frá heilbrigðisstjórninni.

Leggja skal greinargerðir frá kennslunefnd fyrir deildarráð til umsagnar. Deildarforseti skal síðan leggja slíkar greinargerðir, ásamt umsögn deildarráðs, fyrir næsta deildarfund.

Færa skal nákvæma gerðabók um starf deildarráðs.

Deildarfundur skal halda minnst tvisvar á ári, í apríl og nóvember, en oftast ef tilefni er til. Enn fremur skal boðað til deildarfunda, ef minnst einn þriðji hluti atkvæðisbærra deildarmanna æskir þess. Deildarfundur sitja prófessorar, dósentar, lektorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta læknadeild, svo og tveir fulltrúar læknastúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags. Prófessorar, forstöðumenn vísindastofnana, fastráðnir dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 2. mgr. háskólalaga, svo og fulltrúar stúdenta, hafa atkvæðisrétt. Stúdentar hafa þó ekki atkvæðisrétt um embættaveitingar né veitingu doktorsnafnbóta. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum.

Deildarfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara. Allir kennarar, sem sæti eiga á deildarfundum, eru skyldir til þess að sækja þá. Deildarfundur er lögmætur, ef minnst helmingur atkvæðisbærra manna situr fund.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem varða kennslu, kennsluhætti og breytingar á kennslufyrirkomulagi í deildinni, svo og um embættaveitingar og veitingu doktorsnafnbóta. Deildarfundur hefur og úrslitavald í þeim málum, sem til hans kann að vera vísað frá deildarráði.

Deildarfundur getur vísað málum til deildarráðs til nánari athugunar og umsagnar.

Deildarforseti skal á deildarfundi gera grein fyrir afgreiðslu mála í deildarráði.

d. Kennslutilhögun.

Um kennslutilhögun deildarinnar fjalla eftirtaldir aðilar:

1. Deildarfundir.
2. Deildarráð.
3. Deildarforseti.
4. Kennslunefnd.
5. Kennslustjóri.
6. Skrifstofa.

Kennslustjóri.

Einn af kennurum deildarinnar er ráðinn sem kennslustjóri gegn sérstakri þóknun. Ráðningartími kennslustjóra er eitt ár í senn og miðast við 1. júlí. Endurráðning er heimil. Veita má kennara undanþágu frá kennsluskyldu á fullum launum á meðan hann gegnir stöðu kennslustjóra.

Störf kennslustjóra:

1. Samning lestrar og kennsluáætlunar (sbr. 23. grein) í samvinnu við kennara deildarinnar, enda staðfesti deildarfundur hana.
2. Samræming námsefnis, kennslu og prófa.
3. Leiðbeiningar fyrir stúdenta og kennara.
4. Skipulag og eftirlit með prófum í samráði við deildina og skrifstofu Háskóla Íslands.

Kennslunefnd.

Í kennslunefnd sitja 11 fulltrúar. Þeir eru: Deildarforseti, kennslustjóri, 6 aðrir kennarar og 3 fulltrúar stúdenta. Skulu kennarar á hverju hinna 6 kennsluára velja 1 úr sínum hópi í kennslunefnd. Fulltrúar kennara í nefndinni eru kosnir til tveggja ára í senn. Í fyrsta sinn verða þrír kosnir til eins árs og þrír til tveggja ára. Endurkjör er heimilt. Fulltrúar stúdenta eru tilnefndir af Félagi læknanema, sem jafnframt ákveður hver þeirra skuli sitja eitt ár eða fleiri í nefndinni. Nefndin velur sér formann úr hópi hinna 6 kosnu kennara.

Verkefni kennslunefndar:

1. Stöðug endurskoðun gildandi kennslufyrirkomulags.
2. Nefndin fylgist með þróun kennslumála hérlendis og erlendis og þá einkum þróun læknakennslu.
3. Nefndin gerir tillögur um breytingar á kennslu og prófum, ef þörf krefur, bæði hvað snertir kennslufyrirkomulag í heild og í einstökum greinum.
4. Ýmis önnur mál varðandi nám og kennslu.

Skrifstofa.

Deildarforseti og kennslustjóri ráða nauðsynlegt skrifstofulið í samráði við háskólaritara eftir því sem fjárveitingar leyfa.

e. Kennslutími.

Kennsluárið í læknadeild er samfeltt frá 15. september til 15. júní án misserisskiptingar, en skipta má árinu milli einstakra kennslugreina eftir því, sem þörf krefur. Námsár í deildinni frá innritun til lokaprófs eru 6, en

heildarnámstími má ekki vera lengri en 8 ár. Undantekningar má veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmætra að dómi deildarfundar. Kennslunefnd er heimilt að veita stúdentum, sem lokið hafa prófum a. m. k. fyrstu tveggja námsára, eins árs leyfi frá deildinni til annars náms eða rannsóknarstarfa. Miða skal leyfið við eitt háskólaár hverju sinni, frá 15. september að telja.

f. Kennslugreinar.

Kennslan í hverri námsgrein er miðuð við, að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar áður en hann skráir sig til prófs í greininni. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, samtölum, umræðuhópum, með sýningum og verklegum æfingum. Kennslustjóri skal sjá um, að kennslan í einstökum greinum verði samhæfð heildinni eins og frekast verður við komið, meðal annars með upp-riðjun undirstöðugreina í tengslum við kennslu í klínískum greinum og samkennslu í þeim. Stúdentar, sem eru í verklegu námi á sjúkradeildum eða rannsóknastofum, skulu sitja fræðslufundi þeirra. Enn fremur skulu stúdentar, sem lokið hafa prófi annars árs, sækja almenna fræðslufundi kennslusjúkra-húsanna.

Til almennrar læknakennslu teljast þessar greinar:

1. Efnafræði, lífræn og ólífræn.

Efnafræði I. Á fyrsta námsári munnleg undirbúningskennsla í efnafræði, aðallega sniðin fyrir stúdentana, sem ekki hafa fengið kennslu í efnafræði í lærdómsdeild. Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til þess að fá að halda áfram námi í efnafræði, líffærafræði og eðlisfræði.

Efnafræði II. Kennsla er munnleg og verkleg á fyrsta námsári. Í ólífrænni efnafræði eru kennd grundvallaratriði almennrar efnafræði, þar með talin höfuðatriði eðlisefnafræðinnar (physical chemistry), frumefnafræði og efnabreytingar. Í lífrænni efnafræði eru kennd grundvallaratriði varðandi aromatiske og alifatiske efni og gerð grein fyrir þýðingu þeirra í lífefnafræði. Próf eru í lok fyrsta námsárs og eru skrifleg og verkleg. Einkunn fyrir skriflega prófið er reiknuð til læknisprófs.

2. Eðlisfræði.

Eðlisfræði I. Á fyrsta námsári munnleg og verkleg kennsla í eðlisfræði (Eðlisfræði I), aðallega sniðin fyrir stúdentana, sem hafa ekki fengið kennslu í eðlisfræði í lærdómsdeild.

Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til að fá að halda áfram námi í efnafræði, líffærafræði og eðlisfræði II.

Eðlisfræði II. (medicinsk fysik). Kennsla er munnleg og verkleg á fyrsta námsári. (Eðlisfræði II.) Farið er yfir þau atriði eðlisfræðinnar, sem hafa mesta þýðingu í líffræði og eru m. a. nauðsynleg undirstaða náms í lífeðlisfræði. Fjallað er um mælingar og tæki, sem notuð eru í læknisfræði.

Skriflegt próf er í lok kennsluárs með einkunn, sem reiknast til læknisprófs.

3. Læknisfræðileg staðtölufraði.

Kennslan fjallar um þau grundvallaratriði staðtölufraðinnar, sem sérstaklega snerta læknisfræði og mat á tölulegum niðurstöðum rannsókna,

svo sem útreikninga á líkum, tíðni, dreifingu, meðalgildum, frávikum og samanburð á slíkum útreikningum.

Skriflegt próf með lágmarkseinkunn, sem ekki er reiknuð með til læknisprófs, er í lok kennslunnar.

4. Erfðafræði.

Kennslan er munnleg og fer fram á námskeiði. Kennslan fjallar um grundvallarlögmál erfðafræðinnar og þýðingu þeirra fyrir mannfæðir, annars vegar eðlilegra eiginleika og hins vegar ýmissa afbrigða og sjúkdóma, sem verður fjallað um síðar í náminu.

Skriflegt próf með lágmarkseinkunn, sem ekki er reiknuð með til læknisprófs, er í lok námskeiðsins.

5. Heimspekileg forspjallavísindi.

Um kennslu í þessari grein vísast til 52. greinar.

6. Líffærafræði, vefjafræði og fósturfræði.

Líffærafræði I. Á fyrsta námsári er kennd líffærafræði beina, vöðva og liða og auk þess vefjafræði sömu líffærakerfa (Líffærafræði I). Einnig er kennd fósturfræði. Kennslan er munnleg og er skriflegt próf í lok kennsluárs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

Líffærafræði II. Á öðru námsári er kennd líffærafræði og vefjafræði annarra hluta líkamans, en beina, vöðva og liða. Einnig er kennd svæðalýsing. Kennslan er munnleg og verkleg. Próf er í lok kennsluárs og reiknast einkunn til læknisprófs.

Kennsla í líkkrufningum má fara fram að sumarlagi. Verklega kennslan í vefjafræði fer fram á öðru námsári.

7. Lífefnafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á öðru námsári. Kennslan er um efnabyggingu líkamans og þær efnabreytingar, sem liggja til grundvallar vexti og viðhaldi hans. Próf er í lok kennsluárs. Einkunn er reiknuð til læknisprófs.

8. Lífeðlisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á öðru námsári, um störf, stjórn og samhæfingu allra vefja, líffæra og líffærakerfa. Próf er í lok kennsluárs. Einkunn er reiknuð til læknisprófs.

Leitast skal við að samræma kennsluna í líffærafræði, lífefnafræði og lífeðlisfræði.

9. Sálfræði fyrir lækna.

Kennslan er munnleg og fer fram í tengslum við kennslu í líffæra- og lífeðlisfræði taugakerfisins á öðru námsári. Farið er yfir helztu atriði þróunarsálfræði, persónuleika, skynjun, nám, greind, tilfinningalíf og félagssálfræði og byggt á því, sem kennt hefur verið í forspjallavísindum. Próf er í lok kennsluárs með lágmarkseinkunn, sem reiknast ekki til læknisprófs.

10. Líffærameinafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á þriðja námsári. Kennslan er um allar helztu sjúklegar breytingar í vefjum, líffærum og líffærakerfum, orsakir þeirra, myndun, útlit og afleiðingar. Próf er í lok kennsluárs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

11. Lyfja- og eiturefnafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á þriðja námsári og fjallar um upptöku, áhrif og útskilnað lyfja hjá heilbrigðum og sjúkum. Einnig eru kennd helztu atriði eiturefnafræði og helztu atriði varðandi lyfseðlaskriftir. Próf er í lok kennsluárs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

12. Sýkla- og ónæmisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á þriðja námsári og fjallar um allar helztu sýklategundir, byggingu þeirra, eiginleika og áhrif á vefi líkamans. Farið er yfir helztu atriði ónæmisfræðinnar. Próf er í lok kennsluárs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

13. Handlæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg. Munnlega kennslan fer fram á fjórða og sjötta námsári. Verklega kennslan fer fram á þriðja, fjórða og sjötta námsári. Verklega kennslan á slysastofu fer fram á sjötta námsári. Kennslan fer fram í nánnum tengslum við kennslu í lyflæknisfræði. Kennslan fjallar um greiningu og meðferð sjúkdóma, sérstaklega þeirra, sem handlæknis- aðgerðum er beitt við. Munnlegt, skriflegt og verklegt próf í handlæknisfræði er í lok sjötta árs og reiknast einkunnir til læknisprófs.

14. Lyflæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg. Munnlega kennslan fer fram á fjórða og sjötta námsári, og verklega kennslan á þriðja, fjórða og sjötta námsári. Kennslan fer fram í nánnum tengslum við kennsluna í handlæknisfræði. Kennslan fjallar um greiningu og meðferð sjúkdóma, sérstaklega þeirra, sem lyflækningum er beitt við. Munnlegt, skriflegt og verklegt próf í lyflæknisfræði er í lok sjötta árs og reiknast einkunnir til læknisprófs.

15. Framhaldskennsla í undirstöðugreinum.

Á 4.—6 námsári skal fara fram viðbótarkennsla í undirstöðugreinum, svo sem lífeðlisfræði, lífefnafræði og fleiri greinum.

Kennsla fjalli um undirstöðuatriði gagnasöfnunar og nýtingu þessara fræða við greiningu og lækningu sjúkdóma.

Kennslunefnd og kennslustjóri marka þessum kennslugreinum stað og tíma í námsskrá, eftir aðstæðum og að fengnum tillögum kennara greinanna.

16. Svæfingafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fjórða námsári og fer fram í nánnum tengslum við kennsluna í handlæknis- og lyflæknisfræði. Kennslan fjallar um helztu atriði varðandi deyfingar, svæfingar og endurlifgun. Próf er í lok fjórða árs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

17. Augnlæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fjórða námsári. Kennslan er um greiningu og meðferð augnsjúkdóma. Próf er í lok fjórða árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

18. Geislalækningafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fjórða námsári. Kennslan er um greiningu sjúkdóma með röntgenmyndum. Einnig eru kennd undirstöðuatriði geisla- meðferðar og geislavarna. Próf er í lok fjórða árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

19. Háls-, nef- og eyrnalækningafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fjórða námsári. Kennslan er um greiningu og meðferð sjúkdóma í hálsi, nefi og eyrum. Próf er í lok fjórða árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

20. Húð- og kynsjúkdómafræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fjórða námsári. Kennslan er um greiningu og meðferð húð- og kynsjúkdóma. Próf er í lok fjórða árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

21. Barnalæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fimmta námsári. Kennslan er um greiningu og meðferð barnasjúkdóma. Próf er í lok fimmta árs. Einkunn reiknast til læknisprófs. Kennsla í meðferð nýfæddra barna fer fram með náinni samvinnu milli barnadeildar og fæðingadeildar. Kennsla í geðsjúkdómum barna fer fram í náinni samvinnu milli barnadeildar og geðsjúkdóma-deildar.

22. Geðlæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fimmta námsári og er um greiningu og meðferð geðsjúkdóma. Próf er í lok fimmta árs og reiknast einkunn til læknisprófs. Um kennslu í geðsjúkdómum barna, sjá barnasjúkdómafræði.

23. Fæðingar- og kvenlæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fimmta ári. Kennslan er um greiningu og meðferð kvensjúkdóma. Kennslan í fæðingarfræði er um eftirlit með barnshafandi konum, fæðingarhjálp og meðferð kvenna eftir barnsburð. Próf er í lok fimmta árs. Einkunn reiknast til læknisprófs. Um kennslu í meðferð nýfæddra barna, sjá barnasjúkdómafræði.

24. Taugalæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á fimmta námsári og fjallar um greiningu og meðferð taugasjúkdóma. Próf er í lok fimmta árs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

25. Heimilislæknisfræði.

Kennslan er verkleg á sjötta námsári og fer fram á væntanlegri heimilislækningastöð læknadeildar Háskóla Íslands og hjá héraðslæknum eftir því, sem um semst. Stúdent tekur þátt í öllum störfum stöðvarinnar og héraðslæknisins. Kennslan miðar að því að veita stúdentum innsýn í störf og aðstöðu heimilislækna. Verklegt próf (heimilislæknisvitjun eða klinik) er haldið í lok sjötta árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

26. Félagslæknisfræði.

Kennslan fer fram á sjötta námsári og er í nánú sambandi við kennslu í heilbrigðisfræði, heimilislækningum og endurhæfingu. Kennslan er munnleg og verkleg og fjallar meðal annars um skipan heilbrigðismála, þar með taldar almannatryggingar, starfsemi heilsuverndarstöðva og áhrif heimilis eða félagslegra aðstæðna á gang sjúkdóma. Próf er í lok sjötta árs og er einkunn reiknuð til læknisprófs.

27. Heilbrigðisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á sjötta námsári og fjallar um helztu atriði heilbrigðisfræði, þar með talið sóttvarnir, atvinnusjúkdómar, manneldisfræði og áhrif umhverfis. Próf er í lok sjötta árs og reiknast einkunn til læknisprófs.

28. Endurhæfingarfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg á sjötta námsári. Kennslan fjallar um andlega og líkamlega endurhæfingu sjúkra og fer fram í nánú sambandi við kennsluna í félagslækningum. Próf er í lok sjötta árs. Einkunn reiknast til læknisprófs.

29. Réttarlæknisfræði.

Kennslan er munnleg og verkleg og er á sjötta námsári. Próf er í lok sjötta árs og er einkunn reiknuð til læknisprófs.

43. gr.

Próf í læknadeild.

Um almenn ákvæði um próf vísast til sjötta kafla reglugerðar um Háskóla Íslands.

Próf í læknadeild eru haldin í lok hvers kennsluárs nema í nokkrum greinum, þar sem einkunn reiknast ekki til læknisprófs. Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg. Kennslustjóri ákveður í samráði við kennara og deildarforseta, hvernig prófa skuli, og skal það tilkynnt í upphafi kennsluárs.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til skrifstofu Háskólans og eru gefnar fjórar einkunnir: 1. ágætt, 2. gott, 3. sæmilegt og 4. slæmt. Sá, sem hlýtur einkunnina slæmt, telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám eru skráðar á prófskirteini, en reiknast ekki með til lokaekunnar.

Einkunnir í eftirtöldum greinum teljast til aðaleinkunnar við læknispróf:

Eðlisfræði II	½
Efnafræði II	1
Líffærafræði I	½
Líffærafræði II	1
Lífefnafræði	1
Lífedeðlisfræði	1
Líffærameinafræði	1
Lyfja- og eiturefnafræði	1
Sýkla- og ónæmisfræði	½
Handlæknisfræði	3
Lyflæknisfræði	3
Svæfingafraði	½
Augnsjúkdómafræði	½
Geislalæknisfræði	½
Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði	½
Húð- og kynsjúkdómafræði	½
Barnasjúkdómafræði	1
Geðsjúkdómafræði	1
Kvensjúkdóma- og fæðingafraði	1

Taugasjúkdómafræði	½
Heimilislæknisfræði	1
Heilbrigðisfræði	1
Félagslæknisfræði	⅓
Réttarlæknisfræði	⅓
Endurhæfingarfræði	⅓

Samtals 22 einkunnir

Deildarráði er heimilt að fengnum tillögum kennslunefndar að breyta hlutfallstölum einkunna, enda sé það tilkynnt í upphafi kennsluárs.

Þau próf, sem tekin eru samtímis, skulu skoðast sem prófhluti í merkingu 68. gr. Stúdent telst ekki hafa staðizt vorpróf fyrsta árs, hafi hann hlotið lægri meðaleinkunn en 9 í hinum fjórum prófgreinum eða undir 7 í einhverri þeirra. Þó skal hann ekki þurfa að þreyta próf í verklegri efnafræði að nýju. Til þess að fá að þreyta skriflegu prófin skal stúdentinn hafa staðizt próf í verklegri efnafræði.

Stúdent telst ekki hafa staðizt próf í eðlisfræði I, efnafræði I, staðtölufræði, erfðafræði og sálarfræði fyrir lækna, nema hann hafi hlotið lágmarkseinkunina 7.

Nái stúdent ekki tilskilinni lágmarkseinkunn í einhverju prófi, eða prófhluta, má hann þreyta þann prófhluta aftur að ári liðnu, enda séu ákvæði um heildarnámstíma því ekki til fyrirstöðu.

Ætlast er til þess, að stúdentar skuli ljúka prófi þegar í nóvember á fyrsta námsári og síðan í lok hvers námsárs. Meira en 8 ár mega ekki líða frá skrásetningu til lokaprófs, nema stúdent hafi verið veikur eða fengið leyfi deildarinnar til rannsóknarstarfa.

Læknisskoðun.

Um læknisskoðun læknanema visast til 33. greinar, en þó með þeim breytingum, að læknisskoun skal fara fram árlega.

2. gr.

V. kafli D. **Heimspekideild**, 54. gr., orðist svo:

54. gr.

I. Kandidatspróf.

Að loknu B.A.-prófi í tveimur greinum, þremur stigum í hvorri, er stúdent heimilt að ganga undir kandidatspróf (cand. mag.-próf). Kandidatinn skal eigi síðar en þremur misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennara, hæfilega afmarkað svið í aðalgrein, kjörsvið, sem hann kynnir sér rækilega. Prófið hefst á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins. Eigi má líða meira en ár, frá því að kjörsviðsritgerð er skilað, þar til hinn hluti prófsins hefst.

Kandidatspróf eru þessi:

a. Kandidatspróf í íslenzku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzku. Kandidatinn velur sér aðalgrein, málfræði og sögu íslenzkrar tungu eða íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í öðrum norrænum málum og/eða bókmenntum, svo og í öðrum germönskum málum.

b. Kandidatspróf í sagnfræði.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í sagnfræði. Kandidatinn velur sér aðalgrein, sögu og menningar-sögu Íslendinga eða almenna sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Nám í hliðargrein er fólgið í viðbótarnámi í þætti greinarinnar eða tímabili, er kandidat velur sér, samkv. reglum, er deildin setur.

Í aðalgrein er prófið bæði munnlegt og skriflegt, en í hliðargrein aðeins munnlegt. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, einkunn fyrir heimaritgerð og þrjár einkunnir fyrir prófúrlausnir, tvær í aðalgrein (fyrir skriflega og munnlega úrlausn) og ein í hliðargrein.

c. Kanídatspróf í ensku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í ensku og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í ensku. Kandidatinn velur sér aðalgrein, enskt mál, málfræði og sögu, eða enskar bókmenntir, skýring þeirra og sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein. Hluti af prófi í hliðargrein skal sýna hagnýtt vald kandiðatsins á ensku máli, í ræðu og riti, og stentz hann því aðeins prófið, að hann hafi hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 68. gr.), hið lægsta einkunnina 7 í þessum hluta prófsins.

Nám í hliðargrein er fólgið í viðbótarnámi í þætti greinarinnar eða tímabili, er kandidat velur sér, samkv. reglum, er deildin setur.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg, en þó getur deildin ákveðið, fyrir kandiðatspróf í hverri grein, að í hliðargrein skuli aðeins prófa munnlega eða einungis skriflega. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, ein einkunn fyrir heimaritgerð, sem hefur tvöfalt gildi í sagnfræði, og þrjár einkunnir fyrir prófúrlausnir, tvær í aðalgrein (fyrir skriflega og munnlega úrlausn) og ein í hliðargrein.

D. Heimilt er að stofna til cand. mag.-prófa í öðrum greinum, eftir að prófessor hefur verið skipaður í greininni.

II. Meistarapróf.

Að loknu B.A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir meistarapróf (mag. art.-próf). Hann velur sér að meginviðfangsefni eina prófgrein, en innan þeirrar prófgreinar nánar afmarkað svið, kjörsvið, er hann skal rannsaka visindalega. Hann skal semja ritgerð um efni úr kjörsviði. Skal kjörsviðsverkefni innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur stúdentinn fyrirlestur í heyranda hljóði og fær 8 daga til að semja hann.

Meistarapróf eru þessi:

a. Meistarapróf í íslenzkum fræðum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og sagnfræði, þrjú stig í hvorri grein, getur lesið til meistaraprófs í íslenzkum fræðum. Prófgreinir eru þrjár: málfræði og saga íslenzkrar tungu, íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og saga, og saga og menningarsaga Íslendinga.

b. Meistarapróf í norrænum málum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í norrænum málum, þar af þrjú stig í íslenzku, getur lesið til meistaraprófs í norrænum málum. Prófgreinir eru tvær: málfræði og saga norrænna mála og norrænar bókmenntir, skýring og saga.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg. Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude) og hæfur með lofi (admissus cum laude). Stúdent stentz ekki prófið, nema aðalritgerð sé metin til 1. einkunnar og einnig aðrir hlutar prófsins samanlagðir. Próffessorar dæma einir um meistaraþróf.

Kandidats- og meistaraþróf skulu vera í áföngum, og skal hvor (hver) prófgrein vera sérstakur áfangi. Til að standast prófið skal stúdent hljóta tilskilda lágmarksmeðaleinkunn samkv. 68. gr. í hvoru (hverju) áfangaprófi. Síðari (síðasti) áfanginn skal ætíð vera próf í kjörsviðsgrein (aðalgrein).

Við hvert kandidatsþróf sérstaklega, svo og við meistaraþróf í norrænum málum, er deildinni á sama hátt heimilt að skipta prófi í aðalgrein í tvo áfanga. Nú er prófi í aðalgrein við kandidatsþróf skipt í tvo áfanga, og skal þá vera ein einkunn, fyrir skriflega og munnlega úrlausn sameiginlega, í hvorum áfanga fyrir sig.

Stúdent skal hafa lokið síðara (síðasta) áfangaprófi eigi síðar en á áttunda misseri, talið frá og með því misseri, er hann gengur undir fyrra (fyrsta) áfangaþrófið. Ef út af bregður, falla fyrri áfangapróf úr gildi.

Stúdent er heimilt að ljúka öðrum prófum en prófi í kjörsviðsgrein (aðalgrein), áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

Nánari reglur um námsefni til cand. mag.- og mag. art.-prófa setja próffessorarnir í hlutaðeigandi greinum.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi við upphafi háskólaársins 1970—71, að því er læknaeild varðar (1. gr.), en þegar í stað, að því er heimspekideild varðar (2. gr.).

Í menntamálaráðuneytinu, 20. október 1969.

Gylfi P. Gíslason.

Knútur Hallsson.

Nr. 91.

4. desember 1969.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. desember 1969 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Fyrirsögn F-liðar V. kafla og fyrirsögn 56. gr. orðist svo:

„F. VERKFRÆÐI OG RAUNVÍSINDAEILD.

56. gr.

Kennsla og nám í verkfræði- og raunvísindadeild, svo og um stjórn deildarinnar.“

2. gr.

Á eftir b-lið 56. greinar komi nýr c-liður, á þessa leið:

Stjórn deildarinnar.

Stjórn deildarinnar er falin deildarfundum, deildarráði og deildarforseta.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar, fastráðnir dósentar og lektorar svo og forstöðumenn vísindastofnana er lúta deildinni. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags, annar úr hópi verkfræðistúdenta og hinn úr hópi BA-stúdenta. Þá ákveður deildin, að dósentar, sem ráðnir voru til kennslu fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, og tveir fulltrúar aðjunktá eigi sæti á deildarfundum. Aðra kennara skal boða á deildarfundum, þegar fjallað er sérstaklega um kennslugreinar þeirra. Eiga þeir kost á að taka þátt í umræðum, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Deildarfundur hefur úrslitavald í málefnum deildarinnar. Hann kýs deildarforseta ásamt varforseta úr hópi prófessora til tveggja ára og að fengnum tillögum frá stjórnarnefndum skora (sbr. lið b) kýs hann formenn þeirra til eins árs. Deildarfundir skulu haldnir reglulega tvisvar á ári, annar að jafnaði í september og hinn í maí. Auk þess skulu deildarfundir haldnir ef 1) deildarráð gerir um það sérstaka samþykkt, 2) fullur helmingur þeirra, er sæti eiga á deildarfundum, sendir deildarforseta skriflega ósk um það, 3) deildarforseti telur nauðsyn til bera. Deildarforseti boðar deildarfundum, stýrir þeim og sér um, að haldin sé fundargerðabók.

Milli deildarfunda fara deildarráð og deildarforseti með ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar og annast venjuleg stjórnunarstörf. Deildarráð hefur samband við stjórnarnefndir skora og felur þeim verkefni.

Skorir.

Deildin skiptist eftir kennslugreinum í fjórar skorir:

1. Stræðfræðiskor.
2. Eðlisfræðiskor.
3. Verkfræðiskor.
4. Náttúrufræðiskor.

Skipting kennslugreina milli skora er ákveðin á deildarfundum á vori og skal tilgreind í kennsluskrá.

Fyrir hverri skor er stjórnarnefnd. Í henni eiga sæti eftirfarandi kennarar í þeim kennslugreinum, sem heyra undir skorina, 1) prófessorar, 2) fastráðnir dósentar og lektorar, 3) dósentar, sem ráðnir voru til kennslu fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, og 4) aðjunktá. Enn fremur á þar sæti einn fulltrúi stúdenta. Nú fer kennari með kennslu í greinum, sem heyra undir tvær skorir eða fleiri, og ákveður þá deildarfundur í hvaða stjórnarnefnd kennari um sæti. Heimilt er deildarfundum að ákveða, að slíkur kennari sitji í fleiri en einni stjórnarnefnd, ef kennsla hans í hlutaðeigandi skor er mjög veruleg eða telst sérstaklega mikilvæg. Sé þá um leið ákveðið, í hvaða skor hann er kjörgengur til formennsku.

Stjórnarnefnd gerir tillögu til deildarfundar um nefndarformann úr hópi fastráðinna kennara. Deildarforseti getur ekki verið formaður stjórnarnefndar, en á rétt til fundarsetu í sérhverri stjórnarnefnd.

Formaður stjórnarnefndar getur með samþykki nefndarinnar ákveðið að bæta í hana ákveðnum kennurum um tiltekinn tíma.

Stjórnarnefnd er deildarráði til ráðuneytis, með sérstöku tilliti til mála, er einkum varða viðkomandi skor, og gerir hún tillögu samkvæmt ósk deildarráðs, eða ef nefndinni sjálfri þykir ástæða til.

Stjórnarnefndir skulu leitast við að fylgjast með almennri þróun í meðferð hlutaðeigandi kennslugreina á sambærilegum stigum erlendra kennslustofnana.

Deildarráð.

Í deildarráði eiga sæti: 1) deildarforseti, 2) formenn stjórnarnefnda skora og 3) þeir tveir fulltrúar aðjunktá, sem sæti eiga á deildarfundum og 4) þeir tveir fulltrúar stúdenta, sem sæti eiga á deildarfundum. Þó skal aðeins annar stúdentanna taka þátt í atkvæðagreiðslu hverju sinni.

Nýtt deildarráð tekur til starfa í upphafi háskólaárs.

Deildarforseti boðar fundi deildarráðs, stýrir þeim og sér um að haldin sé fundargerðabók.

Hlutverk deildarráðs er auk þess, sem um getur í lið a, að vinna að samræmingu námsefnis og prófa, semja kennslu- og stundaskrár og leiðbeiningar fyrir kennara og stúdenta og gera áætlanir um fjár- og húsnæðisþarfir deildarinnar. Deildarráð getur falið sérstökum nefndum með fulltrúum bæði frá deildinni og öðrum aðilum að vinna að tilteknum verkefnum, sem einkum verða framtíð deildarinnar. Með samþykki rektors skulu slík nefndarstörf vera launuð.

Námsnefnd.

Hlutverk námsnefndar er að fylgjast með öllum aðbúnaði í deildinni til kennslu og náms og gera tillögur til úrbóta, ef hún telur þess þörf. Jafnframt skal námsnefndin semja umsagnir um tillögur, er lúta að námsskipan og öðrum málum, er bæði varða kennara og stúdenta.

Í námsnefnd er deildarforseti sjálfkjörinn í forsæti. Auk þess eiga sæti í nefndinni einn fastur kennari kosinn af deildarfundum, einn fulltrúi úr hópi verkfræðistúdenta og annar úr hópi B.A.-stúdenta kosinn af menntamálanefnd stúdentaráðs samkvæmt tilnefningu deildarfélags. Varamenn eru varaforsæti deildarinnar, einn fastur kennari og tveir stúdentar, kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Aðalmenn og varamenn skulu kjörnir til eins árs í senn. Skal kosning fara fram í maí, en kjörið gilda frá upphafi næsta háskólaárs.

Námsnefnd er heimilt að kveðja á fundi sína fleiri fulltrúa stúdenta og kennara, ef þurfa þykir, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt. Nú fjallar námsnefnd um sérstakt kennsluvið eða grein og skulu þá kennarar og fulltrúar þeirra stúdenta, er málið varðar, kvaddir á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sjónarmiði sínu.

Námsnefnd skal koma saman einu sinni á misseri hið minnsta og enn fremur, ef einhverjir tveir nefndarmenn æskja þess. Auk þess er formanni nefndarinnar heimilt að kveðja nefndina til fundar, ef hann telur þess þörf.

Kennarafundir.

Boða skal til almenns kennarafundar í deildinni a. m. k. einu sinni á ári og stýrir deildarforseti fundi.

Eftir þessa breytingu verður núverandi c-liður 56. greinar (Námsefni) d-liður og núverandi d-liður (Námstími o. fl.) e-liður.

3. gr.

Hvarvetna í reglugerðinni, þar sem ræðir um „verkfræðideild“, komi í staðinn orðin „verkfræði- og raunvísindadeild“.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. desember 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

FORSETABRÉF

um frestun Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 90. löggjafarþings, frá 19. desember 1969 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 12. janúar 1970.

Gjört að Bessastöðum, 19. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

12. desember 1969.

Nr. 93.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1970 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfangjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

Nr. 95.

23. desember 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1963,
um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólft flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða, E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 23. apríl 1969.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 31. desember 1969 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svo hljóðandi reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Forsætisráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Stjórnskipan lýðveldisins og stjórnarfar almennt.
2. Embætti forseta Íslands og embættisbústað.
3. Ríkisráð Íslands.
4. Alþingi.
5. Skipun ráðherra og lausn.
6. Skiptingu starfa milli ráðherra og ráðuneyta.
7. Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal ráðstöfun skrifstofuhúsa og gestahúsa ríkisstjórnarinnar.
8. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.
9. Hina íslenzku fálkaorðu og önnur heiðursmerki.
10. Þingvelli og Þingvallabjórðgarð.
11. Embætti húsameistara ríkisins.
12. Embætti blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar.
13. Efnahagsstofnun og verkefni hennar, sbr. II. kafla laga nr. 66/1966.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Lögsagnarumdæmi, dómaskipan, dómstóla, aðra en Félagsdóm, réttarfar og málflutningsmenn.
2. Meðferð ákærvalds, er það ber undir dómsmálaráðherra að lögum, og eftirlit með framkvæmd ákærvalds annars.
3. Framkvæmd refsingar, fangahús og vinnuhæli, reynslulausn refsifanga, náðun og uppgjöf sakar, uppreist æru, fangahjálp og framsal sakamanna.
4. Lögreglu og löggæzlu.
5. Bifreiðaeftirlit og umferð.
6. Gæzlu landhelgi og fiskimiða, sjómælingar og sjókortagerð.

7. Eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja.
8. Framkvæmd áfengislöggjafar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
9. Skipströnd og vogrek.
10. Eftirlit með útlendingum.
11. Öryggisgæzlu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins.
12. Vegabréf, önnur en diplomatisk vegabréf.
13. Sifjarétt, erfðarétt, persónurétt, yfirfjárráð og eignarréttindi.
14. Eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. lög nr. 19 6. apríl 1966.
15. Ríkisborgararétt.
16. Prentfrelsi og prentrétt.
17. Mannréttindi.
18. Kjör forseta Íslands, kosningar til Alþingis, þjóðaratkvæði og aðrar almanna-kosningar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
19. Útgáfu Stjórnartíðinda, lagasafns og Lögbirtingablaðs.
20. Staðfestingu á skipulagsskrám sjóða og stofnana, eins og tíðkapt hefur.
21. Happdrætti, veðmálastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafn-anir.
22. Mælitæki og vogaráhöld.
23. Niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, fasteignasölu, dómtúlka og skjalapýðendur.
24. Almannavarnir.
25. Kirkjumál og safnaða, þar á meðal embætti biskups og skipan prestakalla.
26. Grafreiti og útfararstofnanir, þar á meðal bálstofur.

4. gr.

Félagsmálaráðuneyti fer með mál, er varða:

A. *Stjórn sveitarfélaga og sýslna, þar á meðal:*

1. Sveitarstjórnarkosningar og sýslunefnda, mörk sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Lánasjóð sveitarfélaga, aðstoð við landakaup sveitarfélaga og Bjargráðasjóð Íslands.
2. Framfærslu og sveitfesti.
3. Brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins.
4. Skipulag, skipulagsstjórn ríkisins og embætti skipulagsstjóra.
5. Samband íslenzkra sveitarfélaga.

B. *Íbúðarhúsnæði, þar á meðal:*

1. Húsnæðismálastofnun ríkisins, framkvæmdanefndir byggingaáætlana, byggingasjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, vísitölulán veðdeildar Landsbanka Íslands, launaskatt og sparnað til íbúðabygginga í þéttbýli, Byggingasjóð aldraðs fólks og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.
2. Verkamannabústaði, byggingasjóð og byggingafélög verkamanna og byggingasamvinnufélög.
3. Byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands og elliheimila.
4. Sambýli í fjölbýlishúsum.

C. *Vinnu, þar á meðal:*

1. Stéttarfélag launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm.

2. Skráning atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun, hagræðing á vinnu-
markaði, Atvinnujöfnunarsjóð og atvinnubætur.
3. Endurhæfingu læknisfræðilega og starfslega, vegna skertrar starfshæfni,
endurhæfingarstöðvar, styrktarsjóði vangefinna, fatlaðra og blindra svo og
erfðafjár sjóð.
4. Orlof, heimilishjálpi og orlofssjóði húsmæðra.
5. Atvinnuleyfi útlendinga.

5. gr.

Fjármálaráðuneyti fer með mál, er varða:

I. Hið almenna ráðuneyti.

1. Fjármál ríkisins, að því leyti sem þau eru ekki fengin öðrum aðiljum.
2. Eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirvar þeirra
vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkis-
ins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.
3. Framkvæmdasjóð ríkisins og Jöfnunarsjóð ríkisins.
4. Skatta og tolla, tollgæzlu og tollvörugæmslur.
5. Rekstur verzlunar á vegum ríkissjóðs, þar á meðal Áfengis- og tóbaks-
verzlun ríkisins og Innkaupastofnun ríkisins.
6. Ríkislán og hvers konar lántökur ríkisstofnana, er A-hluti ríkisreiknings
tekur til, sbr. lög nr. 22/1966.
7. Ríkisskuldabréf og ríkisábyrgðir.
8. Launamál starfsmanna ríkisins, þar á meðal eftirlaun ríkisstarfsmanna
og ekkna þeirra.
9. Réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur.
10. Lífeyrissjóði.
11. Fasteignaskráning og fasteignamat.
12. Ríkisféhirzlu og ríkisbókhald.
13. Eftirlit með innheimtumönnum ríkissjóðs.
14. Endurskoðendur og framkvæmd bókhaldslaga.

II. Ríkisendurskoðun.

1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörzlu ríkis-
ins.
2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, er
endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkvæmt sérstöku lögum.
3. Eftirlit með opinberum sjóðum samkvæmt lögum nr. 20/1964.
4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkvæmt, sbr. II. kafla laga nr.
61/1931 og 82. gr. laga nr. 52/1966.

III. Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

1. Undirbúning og samning fjárlaga.
2. Greiðslur umfram fjárlagaheimildir.
3. Framkvæmda- og fjáröflunarátætlanir ríkisins.
4. Húsaleigu- og bifreiðamál ríkisins.
5. Almennar umbætur í ríkisrekstri.

6. gr.

Hagstofa Íslands fer með mál, er varða:

1. Almenna tilhögun og framkvæmd opinberrar hagskýrslugerðar.
2. Söfnun gagna um landshagi, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna, sbr. lög nr. 24/1913.
3. Vísitölu- og verðlagsuppbótarmál.
4. Kauplagnesnefnd.
5. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar.
6. Þjóðskrá og almannaskráning, fyrirtækjaskráning og hliðstæð verkefni.
7. Skýrslur og úrskurði í þágu opinberra aðilja, svo sem verið hefur.
8. Álitserðir og útreikninga til undirbúnings efnahagsráðstöfunum eftir nánari ákvörðun ráðherra.
9. Almenna upplýsingaþjónustu, svo sem tíðkamt hefur.

7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Almenn heilbrigðismál, heilsugæzlu og heilsuvernd.
2. Læknaskipan.
3. Embætti landlæknis og Læknaráð Íslands.
4. Sjúkrahús og heilsuhæli.
5. Hjúkrunar- og elliheimili.
6. Lyf og lyfsala.
7. Eiturefni og hættuleg efni.
8. Áfengisvarnir og bindindisstarfsemi.
9. Hvers konar tryggingar og váttryggingarstarfsemi.
10. Tryggingastofnun ríkisins.

8. gr.

Iðnaðarráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Iðju, iðnað og iðnþróun, Iðnþróunarráð, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
2. Orku, orkuvirkjun, orkuvirki, Orkustofnun og Orkusjóð, sbr. orkulög nr. 58/1967, lög nr. 59/1965 um Landsvirkjun og lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun.
3. Námur og námarekstur.
4. Niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða.
5. Réttindi á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961, einkaleyfi, vörumerki og mynstur.
6. Sementsverksmiðju ríkisins, Landssmiðju, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins og Kísiliðjuna h/f.
7. Iðnlánasjóð og Iðnaðarbanka Íslands h/f.
8. Hinn norræna iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

9. gr.

Landbúnaðarráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Landbúnað og ræktun, þar með talin skógrækt.
2. Landnám ríkisins og landgræðslu.
3. Fræðflun og fóðurs.
4. Veði í ám og vötnum svo og önnur veiðimál, er eigi ber undir annað ráðuneyti.

5. Áveitur og fyrirhleðslur.
6. Loðdýrarækt.
7. Eyðingu refa og minka.
8. Dýralækna og varnir gegn búfjársjúkdómum.
9. Búfjártryggingar.
10. Þjóðjarðir og kirkjujarðir.
11. Mat, verðskráningu, sölu og dreifingu landbúnaðarafurða svo og útflutningsbætur landbúnaðarafurða.
12. Framleiðsluráð landbúnaðarins.
13. Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
14. Mjólkurbú.
15. Grænmetisverzlun landbúnaðarins.
16. Bændaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins.
17. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarfélög.
18. Búreikningaskrifstofu ríkisins.
19. Áburðarverksmiðju ríkisins og Áburðarsölu ríkisins.
20. Vélasjóð.
21. Búnaðarbanka Íslands.
22. Jarðeignasjóð ríkisins, Framleiðnisjóð svo og fjárfestingar- og lánasjóði landbúnaðarins.

10. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. **Kennslu og skóla**, þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla og barnaskóla. Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, matsveina- og veitingaþjónaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verzlunarskóla, tónlistarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, svo og aðra skóla og námsstofnanir, sem ekki eru sérstaklega falin öðru ráðuneyti. Almenna fræðslustarfsemi, þ. á m. námsflokka og bréfaskóla. Lánasjóð íslenzkra námsmanna og námsstyrki, þ. á m. styrki til erlendra námsmanna. Ríkisútgáfu námsbóka. Fræðslumyndasafn ríkisins.
2. **Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir**, sem ekki ber undir önnur ráðuneyti, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóð.
3. **Söfn**, þ. á m. Landsbókasafn, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.
4. **Listir**. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun. Menntamálaráð Íslands. Rithöfundasjóð Íslands. Stuðning við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir.
5. **Ríkisútvarp** (hljóðvarp og sjónvarp).
6. Höfundarétt.
7. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni, Íslenzka málnefnd.
8. Félagsheimili og félagsheimilasjóð.
9. **Æskulýðsstarfsemi, Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, íþróttir, Íþróttasamband Íslands, Íþróttasjóð. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála**, þ. á m. Kvenfélagsamband Íslands.

10. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir.
11. Náttúruvernd, minjar og þjóðgarða, aðra en Þingvelli.
12. Fuglafriðun og fuglaveiðar. Dýravernd. Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
13. Skemmtanaskatt, annað en innheimtu.

11. gr.

Samgönguráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Vegi og vegagerð.
2. Vita, hafnir, Hafnabótasjóð og sjóvarnargarða.
3. Flug og flugvelli.
4. Siglingar.
5. Skipulag samgangna á landi, í lofti og á sjó.
6. Rekstur flutningatækja á vegum ríkisins.
7. Eftirlit með skipum, Skipaskoðun ríkisins, skipamælingar, skráning skipa, lögskráning sjómanna og atvinnuréttindi þeirra.
8. Veðurstofur.
9. Ferðalög, veitingahús, ferðaskrifstofur, umferðarmiðstöðvar og Ferðamálasjóð.
10. Landmælingar.
11. Póst og síma svo og önnur fjarskipti.

12. gr.

Sjávarútvegsráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Sjávarútveg.
2. Friðun og nýtingu fiskimiða.
3. Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
4. Mat sjávarafurða.
5. Fiskifélag Íslands, Fiskimálaráð, Síldarútvegsnefnd og Verðlagsráð sjávarútvegsins.
6. Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins, Fiskimálasjóð, Fiskveiðasjóð Íslands, Styrktar- og lánasjóð fiskiskipa, Stofnfjár sjóð fiskiskipa, Tryggingasjóð fiskiskipa og Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
7. Síldarverksmiðjur ríkisins og Tunnuverksmiðjur ríkisins.

13. gr.

Utánríkisráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki.
5. Réttindi Íslendinga og íslenzka hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra.
7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum, er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða eðli máls.
8. Diplomatísk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
9. Kynningu Íslands og íslenzkra efna með öðrum þjóðum, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.

10. Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæðanna lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvamál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu, sbr. lög nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

14. gr.

Viðskiptaráðuneyti fer með mál, er varða:

1. Verzlun og viðskipti, þar á meðal útflutningsverzlun og innflutningsverzlun.
2. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
3. Skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir.
4. Gjaldreyri.
5. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
6. Gjaldmiðil og myntsláttu.
7. Verðskráningu og verðlag, nema lögð séu til annars ráðuneytis.
8. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verzlun eða annan atvinnurekstur.
9. Verzlunarskrár og firmu.
10. Vörusýningar erlendis.

15. gr.

Málefni, sem eigi er getið í 2.—14. gr., skulu lögð til ráðuneytis, þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1969.

16. gr.

Nú leikur vafi á, hvaða ráðuneyti skuli með mál fara, og sker forsætisráðherra þá úr.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 1970.

Í forsætisráðuneytinu, 31. desember 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING**um skipting starfa ráðherra.**

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipting starfa ráðherra:

1. **Bjarni Benediktsson** fer með forsætisráðuneytið.
2. **Eggert G. Þorsteinsson** fer með sjávarútvegsráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið.
3. **Emil Jónsson** fer með utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.
4. **Gylfi Þ. Gíslason** fer með menntamálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.
5. **Ingólfur Jónsson** fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.
6. **Jóhann Hafstein** fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.
7. **Magnús Jónsson** fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 31. desember 1969.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

19. desember 1969.

409

Nr. 98.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 3. nóvember 1969 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfestur var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 2. og 10. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

1. gr.

Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og

A 50

getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafizt þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

2. gr.

Hafi könnun á hjónavígsluskilyrðum eða lýsing átt sér stað hjá stjórnvaldi einhvers samningsríkjanna, getur stjórnvald í öðru samningsríki, meðan könnun eða lýsing er enn í gildi, framkvæmt hjónavígslu án nýrrar könnunar eða lýsingar. Gildir þetta án tillits til þess, hvort aðilarnir eiga ríkisfang í einhverju samningsríkjanna.

Um hjónavígsluna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem vígslumaðurinn heyrir til.

10. gr.

Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga ríkisfang í samningsríkjunum, og áttu ríkisfang þar, er þau gengu í hjúskapinn, skal beita ákvæðum 7.—9. gr. eftir því sem við á. Ef mál er höfðað af öðru hjóna, skal þó meta skilyrði til ógildingar eftir þeim lögum, sem beitt var við ákvörðun á rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn. Ef mál til ógildingar er höfðað gegn báðum hjónunum, nær ógilding ekki fram að ganga, nema ógildingarástæða sú, sem uppi er höfð, veiti heimild til ógildingar eftir löggjöf þeirra sömu ríkja og réttur hjónanna til að ganga í hjúskap var ákvarðaður eftir.

Samkomulag þetta skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjala allra samningsríkjanna.

Danska dómsmálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið, að samningurinn frá 6. febrúar 1931 ásamt síðari breytingum skuli gilda að því er varðar Grænland. Að því er varðar beiðingu samningsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið á sama hátt ákveðið þau frávik, sem sérstakar aðstæður í Færeyjum eða á Grænlandi kunna að krefjast.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar undirritað samkomulag þetta.

Gert í Stokkhólmi hinn 3. nóvember 1969, í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „25 krónur“ í a-lið 4. gr. laganna (1. gr. laga 84/1968) komi: 50 krónur, og í stað orðanna „25 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 50 krónum.

2. gr.

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sjóðurinn tekur til að endurlána vaxtalaust, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sveitarfélög taka hjá sjóðnum, undanþegin stimpilgjöldum, svo og skuldabréf vegna endurlána til einstakra bænda.

Nú hrekkur fé einstakra deilda skv. 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna í 2. gr. „og gilda til 31. des. 1969“ komi: og gilda til 31. des. 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1969

31. desember 1969.

413

Nr. 101.

FJÁRLÖG fyrir árið 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A - H L U T I

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

	Þús. kr.
0 Gjöld	8 187 384
1 Tekjur	8 396 973
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	209 589
3 Lánahreyfingar út	186 384
4 Lánahreyfingar inn	2 230
	<hr/>
Mismunur	184 154
Greiðslujöfnuður:	
Á rekstrarreikningi	209 589
Á lánahreyfingum	184 154
	<hr/>
Greiðsluafgangur	25 435

2. gr.

Árið 1970 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. grein.

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 00 Æðsta stjórn ríkisins		68 194
1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið		1 403 898
101—102 Yfirstjórn	22 528	
201—783 Fræðslumál	1 239 101	
801—899 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	142 269	
1 02 Utanríkisráðuneytið		128 762
101—102 Yfirstjórn	17 243	
201 Löggæzla á Keflavíkurlflugvelli	23 436	
301—310 Sendiráð	57 790	
400 Alþjóðastofnanir	30 293	
1 03 Atvinnumálaráðuneytið		990 217
101—172 Yfirstjórn	18 037	
201—299 Búnaðarmál	570 242	
301—399 Útvegsfélög	189 617	
401—471 Orkumál	150 590	
531—999 Annað	61 731	
1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		679 358
101—102 Yfirstjórn	11 479	
202—283 Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	354 821	
301—399 Heilbrigðismál	229 381	
401—473 Þjóðkirkjan	61 677	
566—981 Annað	22 000	
1 05 Félagsmálaráðuneytið		2 796 415
101 Yfirstjórn	4 763	
270—272 Almannatryggingar	2 342 400	
371—372 Húsnæðismál	261 319	
601—999 Önnur félagsmál	187 933	
1 06 Fjármálaráðuneytið		421 980
101—104 Yfirstjórn	24 048	
201—282 Toll- og skattheimta	135 180	
381—384 Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	66 865	
402—999 Annað	195 887	
	Flutt	6 488 824

3. gr.

Árið 1970 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

1 1 Skattar.	Beinir skattar.	Þús. kr.	Þús. kr.
	Persónuskattar		629 211
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 01	Almannatryggingagjald	356 700	
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	155 200	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuið- gjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum .	55 000	
1 11 12	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	53 000	
1 11 9	Aðrir skattar:		
1 11 91	Námsbókagjald	9 311	
	Eignarskattar		148 087
1 12 0	Eignarskattar, alm.:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	105 400	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	1 054	
1 12 03	Eignarskattur félaga	33 300	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	333	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur	8 000	
	Tekjuskattar		762 550
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	669 100	
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	6 691	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	85 900	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	859	
	Óbeinir skattar.		
	Gjöld af innflutningi		2 713 395
1 15 0	Aðflutningsgjöld:		
1 15 01	Aðflutningsgjöld	2 305 263	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .	115 263	
		<hr/>	
		2 190 000	
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	34 000	
1 15 03	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 400	
1 15 04	Tollstöðvargjald	11 526	
1 15 05	Byggingasjóðsgjald af innflutningi	11 526	
		<hr/>	
	Flutt		4 253 243

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Flutt	Þús. kr.	Þús. kr.
1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið			6 488 824
101 Yfirstjórn		4 223	
211 Vegamál		584 822	
321—374 Önnur samgöngumál		432 616	
400—499 Iðnaðarmál		47 500	
569—582 Annað		9 918	
1 08 Viðskiptaráðuneytið			598 658
101 Yfirstjórn		6 040	
201 Niðurgreiðslur		582 000	
902—999 Annað		10 618	
1 09 Hagstofa Íslands			10 696
1 10 Ríkisendurskoðun			10 127

 Flutt

8 187 384

reikningur.

1 Tekjur :		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		4 253 243
1 15 1	Innflutningsgjöld af benzíni og gúmmígjald:		
1 15 11	Innflutningsgjald af benzíni	405 200	
1 15 12	Gúmmígjald	47 600	
1 15 8	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
1 15 81	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	11 143	
	Skattar af framleiðslu		127 900
1 16 0	Gjöld af innlendum tollvörum:		
1 16 01	Gjald af innlendum tollvörum	70 900	
1 16 02	Sælgætisgjald	3 200	
1 16 03	Flöskugjald	23 800	
1 16 04	Álgjald	30 000	
	Skattar af seldum vörum og þjónustu		3 387 988
1 17 0	Söluskattur:		
1 17 01	Söluskattur	2 544 500	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	202 760	
		2 341 740	
1 17 1	Skemmtanaskattur:		
1 17 11	Miðagjald til Menningarsjóðs	2 500	
1 17 12	Skemmtanaskattur	19 800	
1 17 2	Launaskattur:		
1 17 21	Launaskattur	167 000	
1 17 3	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.:		
1 17 31	Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	812 000	
1 17 32	Gjald af seldum vindlingum	12 500	
1 17 33	Gjald af seldum eldspýtum	1 700	
1 17 5	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
1 17 51	Sildargjald	3 500	
1 17 52	Ferskfiskmatsgjald	11 200	
1 17 53	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	10 500	
1 17 54	Sildarmatsgjald	45	
1 17 55	Sildarsölugjald	3	
1 17 9	Aðrir skattar:		
1 17 91	Iðnaðargjald	3 300	
1 17 92	Sérleyfisgjald	2 000	
1 17 93	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	200	
	Aðrir óbeinir skattar		535 967
1 19 0	Aukatekjur og stimpilgjald:		
1 19 01	Stimpilgjald	117 500	
1 19 02	Aukatekjur	32 000	
1 19 03	Þinglýsingar	41 000	
	Flutt		8 305 098

Rekstrar-

0 Gjöld :

	Dús. kr.	Dús. kr.
Flutt		8 187 384

Gjöld samtals	8 187 384
Tekjur umfram gjöld	209 589
Samtals	8 396 973

reikningur.

1 Tekjur :

	Flutt	Dús. kr.	Dús. kr.
1 19 1	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
1 19 11	Bifreiðaskattur	130 800	
1 19 12	Bifreiðaskattur vegna hægri umferðar	15 200	
1 19 13	Skrásetningargjald bifreiða	3 700	
1 19 14	Skoðunargjald bifreiða	5 900	
1 19 15	Veggjald	16 500	
1 19 2	Ýmsir skattar af skipum:		
1 19 21	Lestagjald	1 300	
1 19 22	Vitagjald	4 500	
1 19 23	Skipaskoðunargjald	2 500	
1 19 3	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
1 19 32	Hluti af umboðspóknun og gengismun viðskipta- bankanna	59 000	
1 19 33	Leyfisgjald	4 800	
1 19 9	Aðrir óbeinir skattar:		
1 19 90	Verðjöfnunargjald	70 000	
1 19 91	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	6 000	
1 19 92	Skipulagsgjald	8 600	
1 19 93	Rafmagnseftirlitsgjald	9 400	
1 19 94	Einkaleyfisgjald frá Happprætti H. Í.	5 000	
1 19 95	Prófgjald bifreiðastjóra	980	
1 19 96	Prófgjald iðnnema	850	
1 19 97	Rafstöðvagjald	30	
1 19 98	Sérlyfjagjald	400	
1 19 99	Hvalveiðigjald	7	
1 2	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings		55 858
1 21 0	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
1 21 01	Afgjöld ríkisjarða	450	
1 21 02	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	42 607	
1 21 03	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	550	
1 21 04	Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli	12 251	
1 3	Ýmsar tekjur		36 017
1 31 0	Vextir og arður af hlutabréfum:		
1 31 01	Vextir	16 000	
1 31 02	Arður af hlutabréfum	300	
1 39 0	Ýmsar tekjur:		
1 39 02	Sameignir ríkisins	2 667	
1 39 03	Yfirverð líknarfrímerkja	50	
1 39 04	Samúðarskeyti Landssímans	1 700	
1 39 05	Sektir og upptækar vörur til Menningarsjóðs....	1 600	
1 39 06	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	13 000	
1 39 07	Ýmsar óvissar tekjur	700	
	Tekjur samtals		8 306 973

4. gr.

1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

	Þús. kr.	Þús. kr.
101 Embætti forseta Íslands:		
0 10 Laun	2 405	
0 20 Önnur rekstrargjöld	2 136	
0 27 Viðhald	850	
Gjöld samtals		5 391
201 Alþingi:		
0 10 Laun	36 494	
0 20 Önnur rekstrargjöld	20 580	
Gjöld samtals		57 074
Viðfangsefni:		
02 Þingfararkaup alþingismanna	23 438	
03 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	25 447	
04 Rekstrarkostnaður fasteigna	2 600	
05 Útgáfukostnaður Alþingistiðinda	5 000	
06 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	309	
07 Til útgáfu Alþingishátíðarkantötu dr. Páls Ísólfssonar	280	
Gjöld samtals	57 074	
301 Ríkisstjórn:		
0 10 Laun	3 035	
0 20 Önnur rekstrargjöld	682	
Gjöld samtals		3 717
401 Hæstiréttur:		
0 10 Laun	2 012	
Gjöld samtals		2 012
	<hr/>	
Samtals		68 194

1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

	Þús. kr.	Þús. kr.
101 Forsætis- og menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:		
0 10 Laun	9 854	
0 20 Önnur rekstrargjöld	8 528	
0 27 Viðhald	700	
Gjöld samtals		19 082
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	10 765	
02 Fræðileg rannsókn á skólakerfinu	2 503	
03 Byggingadeild	2 649	
04 Fjármáladeild	1 145	
05 Sérstök verkefni Efnahagsstofnunar á sviði menntamála	410	
06 Viðhald Stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar á Þingvöllum	700	
07 Fálkaorðan	160	
08 Þjóðhátíð 1974	750	
Gjöld samtals	19 082	
102 Efnahagsstofnunin:		
0 10 Laun	1 896	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 200	
0 27 Viðhald	150	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	200	
Gjöld samtals		3 446
201 Háskóli Íslands:		
0 10 Laun	45 813	
0 20 Önnur rekstrargjöld	10 803	
0 27 Viðhald	37	
0 70 Vextir	42	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	3 888	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	200	
Gjöld samtals	60 783	
1 00 Tekjur	150	
Mismunur		60 633

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
01	Yfirstjórn	4 170	
02	Guðfræðideild	1 727	
03	Læknadeild	11 402	
04	Tannlækningar	6 989	
05	Lyfjafræði lyfsala	1 054	
06	Lagadeild	2 648	
07	Viðskiptadeild	2 178	
08	Heimspékideild	7 830	
09	Verkfræðideild	7 373	
10	Bókasafn	2 918	
11	Íþróttakennsla	1 292	
12	Rekstur fasteigna	6 332	
13	Sameiginleg útgjöld	4 870	
	Gjöld samtals	60 783	
 202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum:			
0 10	Laun	5 677	
0 20	Önnur rekstrargjöld	14 075	
0 27	Viðhald	900	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	900	
	Gjöld samtals	21 552	
1 00	Tekjur	15 915	
	Mismunur		5 637
 203 Raunvísindastofnun Háskólans:			
0 10	Laun	7 576	
0 20	Önnur rekstrargjöld	3 369	
0 27	Viðhald	625	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	600	
	Gjöld samtals	12 170	
1 00	Tekjur	220	
	Mismunur		11 950
 Viðfangsefni:			
01	Yfirstjórn	3 072	
02	Rannsóknastofa í stærðfræði	1 069	
03	Rannsóknastofa í eðlisfræði	3 347	
04	Rannsóknastofa í efnafræði	1 200	
05	Rannsóknastofa í jarðvísindum	3 482	
	Gjöld samtals	12 170	
 205 Handritastofnun Íslands:			
0 10	Laun	2 229	
0 20	Önnur rekstrargjöld	324	
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 800	
	Gjöld samtals		6 353

	Dús. kr.	Dús. kr.
206 Orðabók Háskólans:		
0 10 Laun	1 490	
0 20 Önnur rekstrargjöld	70	
Gjöld samtals		1 560
231 Náttúrufræðistofnun Íslands:		
0 10 Laun	2 715	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 251	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	65	
Gjöld samtals		4 031
232 Rannsóknaráð ríkisins:		
0 10 Laun	893	
0 20 Önnur rekstrargjöld	2 800	
0 27 Viðhald	70	
Gjöld samtals		3 763
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	1 863	
02 Til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa lands- ins	1 700	
03 Þátttökugjald í Nordforsk	200	
Gjöld samtals	3 763	
271 Reiknistofnun Háskólans:		
0 90 Yfirlærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B hluta	1 096	
Gjöld samtals		1 096
276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
0 90 Yfirlærslur:		
0 91 Til fyrirtækja í B hluta	5 000	
Gjöld samtals		5 000
301 Menntaskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	21 195	
0 20 Önnur rekstrargjöld	2 987	
0 27 Viðhald	1 400	
0 70 Vextir	545	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
Gjöld samtals		26 427
3 00 Lánahreyfingar út	573	
302 Menntaskólinn á Akureyri:		
0 10 Laun	10 747	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 880	
0 27 Viðhald	1 100	
0 70 Vextir	615	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 500	
Gjöld samtals		17 842
3 00 Lánahreyfingar út	479	

	Þús. kr.	Þús. kr.
303 Menntaskólinn á Laugarvatni:		
0 10 Laun	4 325	
0 20 Önnur rekstrargjöld	952	
0 27 Viðhald	700	
0 70 Vextir	862	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	9 500	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	25	
Gjöld samtals		16 364
3 00 Lánahreyfingar út	750	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð:		
0 10 Laun	13 709	
0 20 Önnur rekstrargjöld	4 086	
0 27 Viðhald	250	
0 70 Vextir	3 753	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	21 942	
Gjöld samtals		43 740
3 00 Lánahreyfingar út	3 236	
305 Menntaskóli á Ísafirði:		
0 10 Laun	771	
0 20 Önnur rekstrargjöld	250	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
Gjöld samtals		3 521
306 Menntaskóli á Austurlandi, byggingarstyrkur:		
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
Gjöld samtals		2 500
307 Menntaskólinn við Tjörnina:		
0 10 Laun	4 462	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 060	
0 27 Viðhald	500	
Gjöld samtals		8 022
321 Kennaraskólinn:		
0 10 Laun	24 025	
0 20 Önnur rekstrargjöld	4 436	
0 27 Viðhald	505	
0 70 Vextir	399	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	5 690	
Gjöld samtals		35 055
3 00 Lánahreyfingar út	1 598	
322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans:		
0 10 Laun	2 281	
0 20 Önnur rekstrargjöld	860	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
Gjöld samtals		8 141

	Þús. kr.	Þús. kr.
331 Íþróttakennaraskóli Íslands:		
0 10 Laun	933	
0 20 Önnur rekstrargjöld	530	
0 27 Viðhald	400	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	<u>3 000</u>	
Gjöld samtals	4 863	
1 00 Tekjur	30	
Mismunur		<u>4 833</u>
336 Húsmæðrakennaraskóli Íslands:		
0 10 Laun	1 214	
0 20 Önnur rekstrargjöld	545	
0 27 Viðhald	<u>200</u>	
Gjöld samtals	1 959	
1 00 Tekjur	150	
Mismunur		<u>1 809</u>
401 Fræðslumálaskrifstofan:		
0 10 Laun	4 504	
0 20 Önnur rekstrargjöld	14 943	
0 90 Yfirfærslur:		
0 92 Til sveitarfélaga	8 100	
Gjöld samtals		<u>27 547</u>
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	5 276	
02 Námsstjórar	1 827	
03 Til kennaranámskeiða	500	
07 Bókmenntakynning í skólum	143	
08 Miðskólapróf í bóknámsdeild, landspróf	500	
09 Námsflokkar	250	
11 Eftirlit með veikindaförföllum	16	
12 Til framkvæmdar sundskyldu í skólum	7 000	
13 Til skiðakennslu í barnaskólum	120	
14 Til skiðakennslu í gagnfræðaskólum	180	
15 Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms	10 000	
16 Til fyrrv. barnakennara eftir tillögum fræðslumálastjóra	105	
18 Til fræðslumyndasafns ríkisins samkvæmt lögum nr. 49/1967	1 080	
19 Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra	<u>550</u>	
Gjöld samtals	27 547	
402 Fjármálaeftirlit skóla:		
0 10 Laun	1 025	
0 20 Önnur rekstrargjöld	316	
Gjöld samtals		<u>1 341</u>

421 Fræðslumyndasafn:

	Dús. kr.	Dús. kr.
0 10 Laun	852	
0 20 Önnur rekstrargjöld	700	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	<u>1 600</u>	
Gjöld samtals	3 152	
1 00 Tekjur	1 080	
Mismunur	<u> </u>	2 072

422 Ríkisútgáfa námsbóka:

0 10 Laun	3 433	
0 20 Önnur rekstrargjöld	12 164	
0 27 Viðhald	95	
0 70 Vextir	205	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	<u>250</u>	
Gjöld samtals	16 147	
1 00 Tekjur	2 500	
Mismunur	<u> </u>	13 647
3 00 Lánahreyfingar út	320	
Viðfangsefni:		
02 Skrifstofa	3 135	
03 Bókaútgáfa	<u>13 012</u>	
Gjöld samtals	16 147	

431 Iðnfræðsluráð:

0 10 Laun	1 130	
0 20 Önnur rekstrargjöld	540	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
0 90 Yfirfærslur:		
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	150	
Gjöld samtals	<u> </u>	1 870

501 Tækniskólinn:

0 10 Laun	5 035	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 300	
0 27 Viðhald	75	
0 70 Vextir	176	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	<u>50</u>	
Gjöld samtals	6 636	
1 00 Tekjur	300	
Mismunur	<u> </u>	6 336
3 00 Lánahreyfingar út	287	
Viðfangsefni:		
02 Tækniskólinn í Reykjavík	5 878	
03 Undirbúningsdeild á Akureyri	<u>758</u>	
Gjöld samtals	6 636	

	Dús. kr.	Dús. kr.
506 Vélskólinn:		
0 10 Laun	4 910	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 865	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	555	
Gjöld samtals		9 330
Viðfangsefni:		
01 Yfirstjórn	474	
02 Bókleg kennsla	1 363	
03 Verklek kennsla og smíðar	2 837	
04 Námskeið utan Reykjavíkur	1 600	
05 Ósundurliðað	3 056	
Gjöld samtals	9 330	
514 Iðnskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	11 375	
0 27 Viðhald	501	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
Gjöld samtals		12 176
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur:		
0 10 Laun	7 084	
0 20 Önnur rekstrargjöld	613	
0 27 Viðhald	257	
Gjöld samtals		7 954
516 Iðnskólar almennt:		
0 10 Laun	314	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður ¹⁾	7 200	
Gjöld samtals		7 514
521 Hjúkrunarskóli Íslands:		
0 10 Laun	9 927	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 281	
0 27 Viðhald	400	
0 70 Vextir	324	
Gjöld samtals	13 932	
1 00 Tekjur	2 200	
Mismunur		11 732
3 00 Lánahreyfingar út	242	
541 Húsmæðraskólinn í Reykjavík:		
0 10 Laun	1 819	
0 20 Önnur rekstrargjöld	375	
0 27 Viðhald	900	
Gjöld samtals		3 094

1) Sjá sundurliðun á sérstöku yfirliti nr. 1.

	Þús. kr.	Þús. kr.
542 Húsmæðraskólinn á Ísafirði:		
0 10 Laun	951	
0 20 Önnur rekstrargjöld	396	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
Gjöld samtals		1 647
543 Húsmæðraskólinn á Akureyri:		
0 10 Laun	371	
0 20 Önnur rekstrargjöld	475	
Gjöld samtals		846
544 Húsmæðraskólar í kaupstöðum almennt:		
0 10 Laun	215	
Gjöld samtals		215
561 Myndlista- og handíðaskólinn:		
0 10 Laun	1 904	
0 20 Önnur rekstrargjöld	741	
0 27 Viðhald	50	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	250	
Gjöld samtals	2 945	
1 00 Tekjur	200	
Mismunur		2 745
601 Héraðsskólinn í Reykholti:		
0 10 Laun	2 463	
0 20 Önnur rekstrargjöld	735	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 150	
Gjöld samtals	4 348	
1 00 Tekjur	200	
Mismunur		4 148
602 Héraðsskólinn á Núpi:		
0 10 Laun	2 279	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 608	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	5 700	
Gjöld samtals	9 587	
1 00 Tekjur	375	
Mismunur		9 212
603 Héraðsskólinn í Reykjanesi:		
0 10 Laun	2 169	
0 20 Önnur rekstrargjöld	611	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 800	
Gjöld samtals	5 580	
1 00 Tekjur	145	
Mismunur		5 435

	Þús. kr.	Þús. kr.
604 Héraðsskólinn á Reykjum:		
0 10 Laun	2 396	
0 20 Önnur rekstrargjöld	671	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	3 100	
	<hr/>	
Gjöld samtals	6 167	
1 00 Tekjur	200	
Mismunur	<hr/>	5 967
605 Alþýðuskólinn á Eiðum:		
0 10 Laun	2 825	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 685	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	2 750	
	<hr/>	
Gjöld samtals	7 260	
1 00 Tekjur	470	
Mismunur	<hr/>	6 790
3 00 Lánahreyfingar út	115	
606 Héraðsskólinn í Skógum:		
0 10 Laun	2 138	
0 20 Önnur rekstrargjöld	1 040	
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 200	
	<hr/>	
Gjöld samtals	4 378	
1 00 Tekjur	400	
Mismunur	<hr/>	3 978
607 Héraðsskólinn á Laugarvatni:		
0 10 Laun	2 640	
0 20 Önnur rekstrargjöld	600	
	<hr/>	
Gjöld samtals	3 240	
1 00 Tekjur	200	
Mismunur	<hr/>	3 040
608 Héraðsskólar, almennt:		
0 27 Viðhald	6 930	
Gjöld samtals	<hr/>	6 930
611 Gagnfræðaskólar Reykjavíkur:		
0 10 Laun	73 477	
0 20 Önnur rekstrargjöld	3 540	
0 27 Viðhald	7 700	
Gjöld samtals	<hr/>	84 717
612 Gagnfræðaskólar Kópavogs:		
0 10 Laun	11 507	
0 20 Önnur rekstrargjöld	363	
0 27 Viðhald	735	
Gjöld samtals	<hr/>	12 605

		Pús. kr.	Pús. kr.
613	Gagnfræðaskólar Hafnarfjarðar:		
0 10	Laun	8 975	
0 20	Önnur rekstrargjöld	54	
0 27	Viðhald	265	
	Gjöld samtals		9 294
614	Gagnfræðaskólinn Keflavík:		
0 10	Laun	5 343	
0 20	Önnur rekstrargjöld	10	
0 27	Viðhald	180	
	Gjöld samtals		5 533
615	Gagnfræðaskólinn Garðahreppi:		
0 10	Laun	3 084	
0 20	Önnur rekstrargjöld	352	
0 27	Viðhald	10	
	Gjöld samtals		3 446
616	Gagnfræðaskólinn Seltjarnarnesi:		
0 10	Laun	1 643	
0 20	Önnur rekstrargjöld	19	
0 27	Viðhald	60	
	Gjöld samtals		1 722
